AUGLÝSING

FRÉTTABLAÐIÐ

262. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 1. DESEMBER 2022

Komdu í afmæli!

Vúbbdídú! Við erum fimmtán ára og þess vegna er allt vaðandi í tilboðum og fjöri á nova.is frá fimmtudegi til sunnudags.

75.000 króna afsl.

Samsung **Galaxy S22+ 128GB**
119.990 kr.
~~194.990 kr.~~

60.000 króna afsl.

Samsung **Galaxy S22 128GB**
99.990 kr.
~~159.990 kr.~~

Afmælisglaðningur!

Fyrstu 100 sem kaupa S22/ S22+ **á nova.is** fá tvo miða á jólatónleika Frikka Dórs & Jóns Jónssonar.

NOVA

Skjá-nægja!

Snjalltækjum fylgir ekki tilkynningaskylda. Slökktu á áreitinu og finndu frelsið sem fylgir lífi án rauðu deplanna.

10.000 króna afsl.

5G

Apple
iPhone 14
128GB
154.990 kr.
~~164.990 kr.~~

15.000 króna afsl.

Kaup-auki fylgir!

Kaupauki að andvirði 6.990 kr.

5G

Samsung
Galaxy A53
256GB
64.990 kr.
~~84.990 kr.~~

10.000 króna afsl.

5G

Apple
iPhone 14 Plus
128GB
179.990 kr.
~~189.990 kr.~~

Nokia
8210 4G
10.990 kr.

10.000 króna afsl.

5G

Apple
iPhone SE
128GB
84.990 kr.
~~94.990 kr.~~

20% afsláttur af öllum aukahlutum!

Úrlausn hjá Nova!

Með Úrlausn getur þú skilið símann eftir heima, farið út að leika og fundið þitt fullkomna sím-zen!

Úrlausn fylgir í 4 mán.

10.000 króna afsl.

eSIM

Apple
Watch Series 8
LTE 41mm
94.990 kr.
~~104.990 kr.~~

Úrlausn fylgir í 4 mán.

10.000 króna afsl.

eSIM

Apple
Watch SE LTE
2nd Gen 40mm
56.990 kr.
~~66.990 kr.~~

Fleiri dúndur dílar á nova.is fyrir alla hjá Nova!

Sæktu Nova appið

Fjórar máltíðir á 6.990 kr.

MatarKlipp!

HAMB ORGARA FABRIK KAN
SAFFRAN
American Style
shake&pizza
pítan
BLACKBOX VIÐ PIZZU

Fimm klipp á 4.690 kr

Besti díllinn!

Við pössum að þú fáir besta dílinn þegar þú kaupir farsíma hjá Nova! Það eru nefnilega litlu hlutirnir í lífinu sem skipta mestu máli.

Þrír vinir hittast á T.G.I. Friday's

Menning ➤ 23

Fullveldisdagur í kulda og trekki

Lífið ➤ 24

FRÉTTABLAÐIÐ

262. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 1. DESEMBER 2022

Kvikmyndaleikstjórinn, rithöfundurinn og alþingismaðurinn fyrrverandi Þráinn Bertelsson færði á 78 ára afmælisdegi sínum í gær íslenska ríkinu kvikmyndaverk sín og tekjur af þeim að gjöf. Lilja Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra veitti gjöfinni viðtöku á sérstakri hátíðarsýningu á bíómyndinni Nýju lífi eftir Þráin í Bíó Paradís. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Greind barna sögð tengjast joðneyslu

Nýjar íslenskar rannsóknir sýna fram á að mataræði barnshafandi kvenna hefur sín áhrif á hag fóstursins. Hratt minnkandi joðneysla landsmanna er áhyggjuefni.

ser@frettabladid.is

RANNSÓKNIR Neysla landsmanna á joði, sem fæst úr fiskafurðum og mjólkurvörum, hefur farið hratt minnkandi hér á landi á síðustu áratugum – og þess sér stað við frammistöðu barna á greindarprófum.

Þetta er meðal þess sem fram hefur komið í ítarlegum rannsóknum Ingibjargar Gunnarsdóttur, prófessors í næringarfræði við Háskóla Íslands, sem staðið hafa yfir í áratug og hverfast um næringarþörf barnshafandi kvenna.

Eitt þúsund barnshafandi konur hafa tekið þátt í rannsókninni, þar sem þvag- og blóðprufur hafa verið teknar til að sýna næringarástand þeirra, en einnig hefur verið fylgst með þróun á þarmaflóru fjölda barna þeirra kvenna sem þátt tóku.

„Í rannsókninni höfum við verið að þróa einfalt skimunartæki til að finna konur sem gætu haft gagn af því að breyta mataræði sínu á meðgöngu," segir Ingibjörg. „Kveikjan að því er að við sáum fyrir nokkrum árum að tíðni meðgöngusykursýki er algengari hjá konum yfir kjörþyngd fyrir þungun. En þá tókum við líka eftir því að þær konur sem eru yfir kjörþyngd en borða góðan og hollan mat eru ekki í meiri hættu á að fá meðgöngusykursýki."

Rannsóknarteymi Ingibjargar hefur einkum horft til þess hvaða næring hefur helst áhrif á heilsu móður og barns og hvað skortur á ákveðnum bætiefnum getur haft í för með sér.

> Við áttuðum okkur svo á því að joð-hagurinn skiptir líka sköpum.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði við HÍ

„Við vissum svo sem að góður D-vítamínhagur er barnshafandi konum á Íslandi mjög mikilvægur, eins og raunar öllum landsmönnum í sólarleysinu í skammdeginu, en við áttuðum okkur svo á því að joðhagurinn skiptir líka sköpum," segir Ingibjörg.

Minni joðneysla, af völdum breyttra neysluhátta, hefur sín áhrif.

„Lítið joð hjá barnshafandi konum hefur verið tengt við lakari frammistöðu barna á greindarprófum," segir Ingibjörg sem var gestur í nýjustu þáttaröðinni af Vísindunum og okkur á Hringbraut í vikunni. ■

Eldri borgarar verði ekki ódýrt vinnuafl

KJARAMÁL „Ef vilji er fyrir hendi til þess að fá eldra fólk til starfa þá verður að koma til móts við það eins og gert er í siðuðum löndum," segir Helgi Pétursson, formaður Landssambands eldri borgara.

Samkvæmt frumvarpi Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra á að heimila heilbrigðisstofnunum að ráða fólk fram til 75 ára aldurs. Bandalags háskólamanna bendir á að ekki sé tekið við lífeyrisgreiðslum frá ríkisstarfsmönnum eldri en 70 ára.

Margir óttast þannig að lífeyrisgreiðslur verði skertar og að eldri borgarar verði notaðir sem ódýrt vinnuafl þar sem ekki þurfi að greiða í lífeyrissjóði þeirra. SJÁ SÍÐU 4

Nýtt jólagreni prýðir nú beð í miðbæ Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN

Greniþjófar ræna jólastemningunni

bth@frettabladid.is

REYKJAVÍK Starfsmenn Reykjavíkurborgar eru þessa dagana í óðaönn að gera jólalegt með ýmsum skreytingum fyrir hátíð ljóss og friðar.

Í gær fólust verkefnin meðal annars í því að koma greni fyrir meðal fallegra skreytinga í beðum í miðborginni.

Sá galli fylgir gjöf Njarðar að sögn starfsmanna, að brögð eru að því að almenningur taki greni úr beðum ófrjálsri hendi og nýti það til skreytinga heima fyrir.

Á starfsfólkinu mátti þó skilja að viðhorf til slíks verknaðar væru ólík eftir því hvort greniþjófar hefðu sjálfir ekki efni á að kaupa jólaskreytingar og gripu til örþrifaráða eða hvort um nísku eða græðgi stöndugra væri að ræða. ■

Jólin nálgast

Þótt skuggi stríðsátaka hvíli yfir Evrópu er jólaundirbúningur hafinn víða um álfuna. Í Kraká í Póllandi var margt um manninn á jólamarkaði í miðborginni í gær. Sem þátt í aðskilnaði frá Rússlandi tilkynnti rétttrúnaðarkirkjan í nágrannaríkinu Úkraínu nýlega að í kirkjum hennar megi halda jólin hátíðleg 25. desember í stað 6. janúar eins og hefð er í rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ungir fræddir um mikilvægi geðheilsu

erlamaria@frettabladid.is

LÝÐHEILSA Geðlestin, geðfræðsla fyrir nemendur í framhaldsskóla og efri bekkjum grunnskóla, lauk ferðalagi sínu um landið í vikunni.

Síðastliðið ár hefur Geðlestin farið í 174 heimsóknir vítt og breitt um landið, en markmið verkefnisins er að ræða við ungt fólk um geðheilsu og hvernig sé best að rækta hana og vernda.

„Okkur þótti gríðarlega mikilvægt á þessum tímapunkti að fara í slíka fræðslu, þar sem við búum í samfélagi í dag sem ýtir kannski ekki beint undir tengsl. Frekar tengslarof við samfélagið að mörgu leyti, þá sérstaklega eftir Covid þar sem allt snerist um fjarskipti," segir Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálpar.

Að sögn Héðins fengu fyrirlesarar góðar móttökur hvert sem þeir fóru.

Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálpar.

Nemendur hafi verið óhræddir við að ræða geðheilbrigðismál.

„Það var verið að ræða bæði geðheilsu og vanlíðan og mér skilst að það hafi verið mjög góðar móttökur í skólunum og alls engin feimni við að ræða þessi mál," segir Héðinn. ■

Ollie elskar félagsskap alveg eins og amma hennar

Sunna Björg Skarphéðinsdóttir á afrekshund ársins 2022. Það er tíkin Ollie sem elskar að veita fólki félagsskap og hefur unnið hjá athvarfinu Læk sem er fyrir einstaklinga með geðrænan vanda. Ollie fetar þar í fótspor ömmu sinnar.

odduraevar@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL „Við erum rosalega stolt af henni," segir Sunna Björg Skarphéðinsdóttir, eigandi tíkurinnar Ollie sem var um helgina heiðruð af Hundaræktunarfélagi Íslands og hlaut nafnbótina afrekshundur ársins 2022.

Ollie hefur frá því í fyrra unnið hjá athvarfinu Læk í Staðarbergi í Hafnarfirði. Lækur er athvarf fyrir fólk með geðrænan vanda og er markmiðið að draga úr félagslegri einangrun. Þar er Ollie fullkominn starfskraftur.

„Hún er svo mikill gleðigjafi, hún er næm á fólk, ofboðslega góð og yndisleg," segir Sunna. Hún segir aðspurð Ollie vera gleðigjafa að eðlisfari en hún er af tegundinni Coton de Tulear.

„Ég myndi segja að þetta hafi bara verið meðfætt hjá henni. Við prófuðum okkur áfram á Læk og það kom aldrei neitt upp. Hún er rosalega fædd í þetta, enda var amma hennar stuðningshundur hjá Rauða krossinum, þannig þetta er hreinlega bara í genunum."

Sunna segir Ollie eiga erfitt með að vera eina og því henti dagdvölin á Læk henni afar vel. Ollie þarf enda að sinna og hún elskar að knúsa og kjassa fólk og sjá gestir um að fara með henni út að labba þegar hún óskar eftir því eða oftar.

„Ollie finnst vont að vera ein og mér þótti vont að skilja hana eftir. Þannig að við prófuðum þetta og það gengur bara svo rosalega vel," segir Sunna. Afar vel sé hugsað um Ollie á Læk.

Ollie skaraði fram úr og fjölskyldan var ánægð með litlu tíkina. MYND/AÐSEND

> **Þarna hitti hún í fyrsta sinn í nokkur ár konuna sem ræktaði hana og það urðu þvílíkir fagnaðarfundir, Ollie hafði engu gleymt.**
>
> Sunna Björg Skarphéðinsdóttir, eigandi tíkurinnar Ollie

„Ollie er svo heppin að fá að vera þarna. Það er svo gott fólk þarna og hún er rosalega glöð þegar við mætum á morgnana, hún hleypur alveg inn. Við í raun bara skutlum og sækjum á hverjum degi," segir Sunna hlæjandi en Ollie dvelur á Læk hvern einasta virka dag.

Hin fjögurra ára Ollie fékk verðlaunin frá Hundaræktunarfélaginu síðastliðinn laugardag. Sunna segir Ollie hafa verið kátari að hitta ræktandann sinn en með verðlaunin.

„Hún kannski fattaði þetta ekki alveg," segir Sunna. „En þarna hitti hún í fyrsta sinn í nokkur ár konuna sem ræktaði hana og það urðu þvílíkir fagnaðarfundir, Ollie hafði engu gleymt." ■

Kringlan
Undirbúðu jólahátíðina í
UPPÁHALDS
Kringlunni þinni
Jólaleikur á kringlan.is
KRINGLU KRÖSS
Veglegir afslættir hjá fjölda verslana
Til að njóta
Kórónaðu Kringluheimsóknina með kvöldstund á Kúmen! Fjöldi úrvalsveitingastaða í hlýlegu umhverfi á 3. hæð. Opið til 21 öll kvöld.
KÚMEN
Kryddið í Kringlunni
Mundu eftir að kaupa eina aukagjöf og setja við jólatréð í Kringlunni til styrktar Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands.

Viðbragsaðilar fá nýtt stórhýsi

ser@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Forval er hafið um hönnun á 26 þúsund fermetra stórhýsi fyrir löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu.

Fimm teymi af Evrópska efnahagssvæðinu verða valin til þátttöku, samkvæmt auglýsingu sem birtist í gær. Eftir fyrsta hluta samkeppninnar keppa tvö teymi um að hanna bygginguna, að því er segir í tilkynningu frá Framkvæmdasýslunni og Ríkiseignum.

„Nýjar höfuðstöðvar löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, HVH, verður miðstöð þeirra sem gæta að lögum, reglu, björgun og öryggi almennings. Í miðstöðinni munu þessir aðilar fá nútímalega aðstöðu sem auðveldar til muna hina mikilvægu þjónustu og vernd sem veitt er almenningi," segir þar enn fremur. ■

Guðni Th. verður meðal annars heiðursgestur í kvöldverði hjá forsætisráðherra Japans.

Forseti Íslands heldur til Japans

sigurjon@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Í dag mun Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, halda til Japans þar sem hann tekur þátt í jafnréttisþinginu World Assembly for Women 2022, í boði japanskra stjórnvalda.

Í fréttatilkynningu frá skrifstofu forseta segir að Japan hafi litið til Íslands sem fyrirmyndar í leit að leiðum til umbóta á sviði jafnréttismála, en Ísland hefur verið í efsta sæti jafnréttislista Alþjóðaefnahagsráðsins í rúman áratug. Japan vermir 116. sæti.

Forseti mun meðal annars funda með Maia Sandu, forseta Moldóvu, sem verður einnig gestur japanskra stjórnvalda. Forsetarnir verða þá einnig heiðursgestir Fumio Kishida, forsætisráðherra Japans, í Akasakahöll í Tókýó, þar sem þau munu snæða kvöldverð saman. ■

Samningaviðræðum þyrluflugmanna miðar betur

lovisa@frettabladid.is

KJARAMÁL Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) átti góðan fund hjá ríkissáttasemjara í gær. Þar fundaði félagið með samninganefnd ríkisins vegna samninga þyrluflugmanna Landhelgisgæslunnar. Á meðan gengu viðræður SGS og SA hægar.

Jón Þór Þorvaldsson, formaður FÍA, segir viðræður síns félags hafa gengið vel. Flugmenn hafa verið samningslausir í nær þrjú ár.

„Fólk fór heim með heimavinnu en það er búið að bóka tvo fundi í næstu viku, á miðvikudag og föstudag," segir Jón.

Samningaviðræðum hefur hingað til lítið miðað hjá FÍA fyrir hönd þyrluflugmanna, en í síðustu viku fundaði fjármála- og efnahagsráðherra með félaginu og eftir það sagðist Jón Þór jákvæður fyrir samningaviðræðunum.

Forsvarsmenn SGS og SA gerðu hlé á viðræðum í gærkvöldi.



Jón Þór Þorvaldsson, formaður FÍA, er fyrir miðju myndarinnar.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Starfsgreinasambandsins, sagði á Stöð 2 í gær að SGS vildi ekki semja um prósentur heldur aðeins krónutöluhækkanir. Fréttablaðið náði hvorki tali af Halldóri Benjamín Þorbergssyni, framkvæmdastjóra SA, í gærkvöldi né öðrum forsvarsmönnum stóru stéttarfélaganna.

Samninganefndir SGS og SA hyggjast hittast að nýju klukkan 13.00 í dag og þá verður viðræðum haldið áfram. ■

Óttast að eldri borgarar verði notaðir sem ódýrt vinnuafl á ríkisstofnunum

Formaður Landssambands eldri borgara telur ótækt að sérstakar reglur verði gerðar um starfslokaaldur heilbrigðisstarfsfólks. Afnema ætti reglur um starfslokaaldur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

KJARAMÁL Helgi Pétursson, formaður Landssambands eldri borgara, segir það ekki tækt að taka eina starfsgrein út fyrir sviga og hækka starfslokaaldurinn.

Samkvæmt frumvarpi Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra stendur til að heimila heilbrigðisstofnunum að ráða fólk á aldrinum 70 til 75 ára. Ástæðan er mönnunarvandi heilbrigðisstofnana.

Landssambandið er almennt séð hlynnt því að starfslokaaldur verði hækkaður. Eða réttara sagt að reglurnar um hann séu einfaldlega lagðar af.

„Við viljum alls ekki hafa nein ákvæði um starfslokaaldur í lögum, hvorki hámörk um 67 né 70 ára aldur. Þetta á fyrst og fremst að vera samningsatriði milli þess sem vinnur og þess sem vill hafa fólk í vinnu," segir Helgi.

Að sögn Helga sé það hins vegar til marks um losarahátt stjórnvalda að gera sérreglur fyrir ákveðnar starfsgreinar, byggt á hentugleik hverju sinni. Til dæmis séu oft gerðir verktakasamningar við lækna eftir að þeir ná 70 ára aldri.

Frumvarpið var lagt fram í sumar til þess að mæta mönnunarvanda í heilbrigðiskerfinu. Samkvæmt núgildandi lögum á að segja upp ráðningarsamningum við alla starfsmenn ríkisins mánaðamótin eftir 70 ára afmælisdaginn. Með frumvarpinu verður það áfram

Fari frumvarpið í gegn getur heilbrigðisstarfsfólk starfað til 75 ára aldurs.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ef viljinn er fyrir hendi til að fá eldra fólk til starfa þá verður að koma til móts við það eins og gert er í siðuðum löndum.

Helgi Pétursson, formaður Landssambands eldri borgara

gert, en heimilt verður að gera nýja ráðningarsamninga við fólk til 75 ára aldurs.

Margir hafa óttast að lífeyrisgreiðslur verði skertar við þessa breytingu. Það er, að eldri borgarar verði notaðir sem ódýrt vinnuafl þar sem ekki þurfi að greiða í lífeyrissjóð þeirra.

Í umsögnum stéttarfélaga við frumvarpið, það er Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Ljósmæðrafélags Íslands, Læknafélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna og fleiri, er áréttað að útkljá þurfi lífeyrismálin áður en frumvarpið verði að lögum.

„Samkvæmt núgildandi lögum ber atvinnurekendum aðeins skylda til að greiða í lífeyrissjóð fyrir starfsfólk til sjötugs og samkvæmt núverandi samþykktum LSR tekur sjóðurinn ekki við greiðslum frá félagsfólki eftir þann aldur," segir í umsögn Bandalags háskólamanna.

Helgi tekur undir þetta og segist óttast að lífeyrisréttindin verði skert. Reynslan sýni það.

„Ef vilji er fyrir hendi til þess að fá eldra fólk til starfa þá verður að koma til móts við það eins og gert er í siðuðum löndum," segir Helgi.

Bendir Helgi á að í Noregi sé hægt að starfa skattfrjálst fyrir miklu hærri upphæð en hér leyfist. Það verði að vera bitastætt fyrir eldra fólk að fresta starfslokum sínum eða að koma til starfa á nýjan leik. ■

ÓMISSANDI HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI
JEEP® COMPASS TRAILHAWK 4XE
ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
5 ÁRA ÁBYRGÐ | 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI | PLUG-IN HYBRID
EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!
ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep
4XE PLUG-IN HYBRID
JEEP.IS

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

TAX FREE

Seríur og jólaskraut

Skreytingarefni • Jólastyttur • Servíettur • Jólaskraut
Kerti • Jólaljós • Jólaseríur • Jólapappír • Gervijólatré
og margt fleira

Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti

Lilja gagnrýndi að Íslandsbanki hefði sjálfur tekið þátt í sölu

bth@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL „Ég tel ekki heppilegt að Íslandsbanki hafi tekið þátt í sölunni," sagði Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og menntamálaráðherra, í umræðu um útboðið á bréfum Íslandsbanka hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis í gær.

„Hann átti að standa utan við þetta," sagði Lilja um bankann.

Lilja sagði þekkt erlendis er hlutir væru seldir að viðkomandi banki tæki ekki þátt í viðskiptunum.

Mikið var rætt um pólitíska ábyrgð á fundi nefndarinnar og hvort fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson, hefði átt að hafa afskipti af því þegar ljóst varð að faðir hans var meðal kaupenda.

Fram kom hjá Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra að mjög óheppilegt hefði verið að náinn ættingi fjármálaráðherra væri meðal kaupenda.

Þá var gagnrýnt að skilgreining á fagfjárfestum hafi ekki verið sem skyldi. Sumir keyptu smáan hlut og seldu fljótlega með hagnaði.

Einnig var rætt um gagnrýni Lilju í ráðherranefnd um efnahagsmál þegar fyrirkomulag sölunnar var rætt. Lilja lagðist gegn þeirri leið sem valin var og ræddi á fundinum í gær að almennt útboð hefði verið heppilegra.

Katrín sagðist hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með Bankasýsluna í málinu. Ekki síst þegar Bankasýslan lagðist gegn því að birtur yrði opinberlega nafnalisti kaupenda. Fyrst þá varð almenningi ljóst að faðir fjármálaráðherra væri meðal kaupenda. ■

Frá fundi nefndarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kvartmilljón látin vegna mengunar

kristinnpall@frettabladid.is

EVRÓPUSAMBANDIÐ Umhverfisstofnun Evrópu áætlar að um 238 þúsund manns í Evrópu hafi látið lífið fyrr en áætlað var (e. premature deaths) vegna slæmra loftgæða. Þrátt fyrir það horfir til betri vegar í þessum málefnum.

Í skýrslu stofnunarinnar kemur fram að 96 prósent Evrópubúa sem búi í þéttbýli séu berskjölduð fyrir meira magni af svifryki en æskilegt þykir. Þá hafi loftmengun áhrif á lífríki náttúrunnar. ■

96%

Evrópubúa í þéttbýli eru sögð berskjölduð fyrir meira magni af svifryki en æskilegt þykir.

Flugmenn reiða sig mjög á leiðsögn frá flugumferðarstjórum á jörðu niðri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fagráð um velferð dýra mælist til þess að mylkar hreindýrskýr séu ekki veiddar, en ráðherra hefur ekki orðið við því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spyr um hreindýraveiðar ráðherrans

ser@frettabladid.is

DÝRALÍF Umhverfisráðherra hefur enn ekki svarað formanni náttúruverndarsamtakanna Jarðarvina um hvort hann hafi farið á hreindýraveiðar í haust. Fyrirspurnin var send ráðherra um miðjan september og svar hefur enn ekki borist, hálfum þriðja mánuði síðar.

Formaður Jarðarvina, Ole Anton Bieltvedt, telur eðlilegt að ráðherra í málaflokki dýraverndar svari spurningum á borð við þær hvort hann hafi sjálfur veitt hreindýr, og ef svo er, kýr eða tarfa, og hvenær veiðin hafi farið fram.

Rökstuðningur hans er í þá veru að hreindýraveiðar séu umdeildar, en til að mynda hafi Fagráð um velferð dýra mælst til þess við ráðherra að hreinkýr séu ekki veiddar á meðan þær séu mylkar, sem svo ráðherra hafi leyft.

Ole Anton Bieltvedt, formaður Jarðarvina

Því sé eðlilegt að ráðherra geri almenningi grein fyrir því hvort hann nýti sjálfur leyfið til veiða eða ekki, og er þar vísað til upplýsingalaga.

Svars var óskað innan sjö daga frá því erindið barst ráðherra. En sem fyrr segir hefur ekkert svar borist frá því í september. ■

Hakeem Jeffries tekur við af Pelosi

lovisa@frettabladid.is

BANDARÍKIN Demókratar hafa kosið Hakeem Jeffries til að taka við af Nancy Pelosi sem leiðtogi flokksins á þingi á næsta ári. Jeffries verður þá fyrsti svarti maðurinn til að leiða annan stóru flokkanna á þingi í Bandaríkjunum.

Repúblikanar eru með meirihluta á þingi og hann verður því í stjórnarandstöðu fyrstu tvö kjörtímabil sín sem leiðtogi. ■

Hakeem Jeffries, verðandi leiðtogi Demókrata

Hækkunin aðeins 5 prósent

Samtök flugfélaga saka Íslendinga og Dani um græðgi vegna verðhækkana á flugumferðarsvæðinu yfir Norður-Atlantshafi. Framkvæmdastjóri Isavia ANS segir hækkun bundna í alþjóðasamninga.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FLUG Alþjóðasamtök flugfélaga saka Íslendinga og Dani um gróðahyggju, byggða á einokunarstöðu þeirra á Norður-Atlantshafinu, þegar kemur að flugumferðargjöldum. Gjöldin fyrir flug milli Norður-Ameríku og Evrópu verða hækkuð um áramótin.

Í yfirlýsingu IATA er sagt að hækkunin nemi 30 prósentum að meðaltali og að flugfélögin verði að setja þennan kostnað út í flugmiðann. Sagt er að verðhækkunin sé óréttlát og ósanngjörn og hafi áhrif á mörg flug. Hvetja samtökin stjórnvöld í löndunum tveimur til að endurskoða málið.

Kjartan Briem, framkvæmdastjóri Isavia ANS, segir að hækkunin sé ekki svona mikil. En Isavia ANS, dótturfélag Isavia, sinnir flugleiðsöguþjónustu yfir Norður-Atlantshafinu. Gjaldið fyrir meðalflug árið 2022, sem er um 1.373 kílómetra langt, sé 53.248 krónur en hækki í 56.136 krónur um áramótin. Það gerir 5,4 prósenta hækkun.

Þetta sé tvískipt gjald. Annars vegar leiðsögugjald sem fer eftir flognum kílómetrum og hins vegar gjald fyrir fjarskipta- og veðurþjónustu, sem er einskiptis fyrir hvert flug.

„Gjald fyrir alþjóðlega flugleiðsöguþjónustu í íslenska flugstjórnarsvæðinu byggir á endurheimt kostnaðar við að veita hana, samkvæmt samningi Íslands við 24 önnur ríki," segir Kjartan. Rekstur samningsins sé í höndum ICAO, alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan Sameinuðu þjóðanna.

Aðspurður hvers vegna verið sé að hækka gjaldið segir Kjartan það vera vegna taps fyrri ára og séu afleiðingar heimsfaraldursins helsta ástæðan fyrir því. Samkvæmt samningnum skal endurheimta þetta tap í gegnum gjöld næstu ára.

„Eftir samráð við flugrekendur var ákveðið að tap ársins 2020 skyldi dreifast á fimm ára tímabil frá 2022 til 2026," segir Kjartan, en tekur það fram að umfang flugumferðar hafi sveiflast mikið síðustu árin. Flugumferðargjald sé reiknað út frá áætlaðri umferð.

Samningur Dana við ríkin 24 er sambærilegur við þann íslenska, en hann er fyrir flugstjórnarsvæðið yfir Grænlandi. Síðan er samningur í gildi milli Íslands og Danmerkur um að Ísland sinni flugleiðsögu á stórum hluta Grænlandssvæðisins, og telst það þá hluti af íslenska flugstjórnarsvæðinu. Árlegir fundir eru haldnir með Dönum og flugrekendum um þjónustu og verðlagningu á svæðinu.

„Gjaldskrá íslenska flugumferðargjaldsins byggir eingöngu á kostnaði Íslands við að veita þjónustuna og því er ekki samráð við Dani um það," segir Kjartan.

Spurður um mótmæli IATA og hvort þau verði tekin til greina segir Kjartan að Isavia ANS sé reglulega í samskiptum við IATA um þjónustu og verðlagningu og svo verði einnig í þessu tilviki. Ísland sé hins vegar skuldbundið af þeim samningum sem um ræðir um fyrirkomulag verðlagningar. ■



Eftir samráð við flugrekendur var ákveðið að tap ársins 2020 skyldi dreifast á fimm ára tímabil frá 2022 til 2026.

Kjartan Briem, framkvæmdastjóri Isavia ANS.

Dagatalið 2023
er komið út

Dagatal Eimskips fyrir árið 2023 er komið út. Sem fyrr er það prýtt ljósmyndum úr íslenskri náttúru í allri sinni fjölbreytni, að þessu sinni úr smiðju Gunnars Freys Jónssonar ljósmyndara.

Verið velkomin á afgreiðslustaði okkar um land allt til að nálgast eintak.

Eimskip | Sundabakka 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | eimskip.is

EIMSKIP

Enginn staðgengill fyrir kommúnistaflokkinn

Helgi Steinar Gunnlaugsson
helgisteinar
@frettabladid.is

Kínverjar hafa staðið fyrir hörðum mótmælum seinustu viku og hafa þau ekki verið jafnútbreidd í meira en þrjá áratugi. Gremja almennings í garð harðra sóttvarnareglna og dvínandi efnahags hefur verið áberandi.

Almenningur í Kína hefur mótmælt ríkisstjórn landsins en hún er ekki á förum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fyrir viku síðan létust tíu manns í eldsvoða í vesturhluta Kína. Það tók um þrjá klukkutíma að slökkva eldinn og hafa margir í Kína kennt hörðum sóttvarnareglum um það hvernig fór.

Í kjölfarið spruttu upp mótmæli á götum Kína þar sem almenningur virtist hafa fengið sig fullsaddan af langvarandi boðum og bönnum.

Löngu áður en Covid-19 kom hafði tíðkast hjá íbúum Kína að ganga með andlitsgrímur, allt frá sjötta áratug síðustu aldar. Ástæðurnar tengdust bæði umhverfi og menningu, en notkun gríma stórjókst eftir SARS-faraldurinn árið 2002.

Í Kína býr tæplega einn og hálfur milljarður manna og er því smithættan mjög mikil. Það ríkir einnig svipuð menning í Kína og nágrannaríkjum í Asíu hvað smithættu varðar. Algeng hugsun kveður á um að sé einstaklingur með kvef eða önnur veikindi þá græði samlandi hans lítið á því að smitast líka. Hjarðhugsun er því nátengd þessari menningu og getur það útskýrt þá miklu þolinmæði sem Kínverjar hafa haft gagnvart sóttvarnareglum fram til þessa.

Núllstefna stjórnvalda

Mikill fjöldi fólks frá mismunandi löndum fór í nóvember til Katar á HM í knattspyrnu og safnast þar saman á leikvöngum án þess að hafa áhyggjur af sóttvarnareglum.

Mótið sjálft er ritskoðað í Kína til að koma í veg fyrir að myndir af grímulausum stuðningsmönnum á leikvöngum mótsins birtist á sjónvarpsskjám Kínverja. Spurningar hafa engu að síður vaknað á meðal kínversks almennings sem spyr hvers vegna restin af heiminum er laus við þær reglugerðir sem halda áfram að gera þeim lífið leitt.

Stjórnvöld í Kína hafa nýlega greint frá því að búið sé að bólusetja 65,8 prósent af íbúum yfir áttræðu og er það töluverð hækkun frá 11. nóvember þegar sú tala var í kringum 40 prósent.

Þrátt fyrir þessa aukningu er prósentutala bólusetninga aldraðra töluvert minni en í öðrum ríkjum. Í ofanálag eru Kínverjar enn að notast við bóluefni sem ver aðeins gegn fyrsta afbrigðinu.

Í augum stjórnvalda er gild ástæða til að viðhalda núllstefnu Covid á meðan engar aðrar lausnir eru í boði. Það gæti einnig verið kostnaðarsamara að hleypa almenningi út á götur landsins á ný.

Samkvæmt Sam Fazeli, lyfjasérfræðingi hjá Bloomberg, þá gæti algjör opnun í Kína orðið til þess að 5,8 milljónir manns enduðu á gjörgæsludeild, í landi sem býr aðeins yfir fjórum gjörgæslurúmum á hverja 100.000 íbúa. Breska heilbrigðisstofnunin Airfinity býst einnig við því að allt frá 1,3 til 2,1 milljónir Kínverja gætu dáið ef öllum reglum yrði aflétt.



Heimild: Reuters, Heilbrigðisráð Kína í gegnum Bloomberg, Nikkei Asia © GRAPHIC NEWS

Farið of langt

Magnús Björnsson, forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa, segir að þrátt fyrir nauðsyn þess að verja almenning í Kína gegn Covid, þá furði hann sig á því hversu ósveigjanleg kínversk stjórnvöld hafa verið. Nágrannaþjóðir Kína tóku svipaða stefnu en hafa endað á allt öðrum stað hvað sóttvarnareglur varðar.

Hann ber saman stefnu Kína við Víetnam og Indónesíu, sem voru bæði með lágar smittölur og höfðu sett í gang svipaða stefnu og Kínverjar. Hugsunarháttur í nágrannaríkjum hafi verið allt öðruvísi og snúist meira um raunsæi og vísindi.

„Það er ákveðið vandamál þegar menn í Kína byrja að tala um „stríðið gegn kórónaveirunni“ eins og verið sé að tala um einhverja allsherjarbyltingu. Það er búið að leggja svo mikið undir og þau eru búin að fjárfesta hugmyndafræðilega svo það er ekki hægt að bakka núna,“ segir Magnús.

Kínverskur efnahagur hefur einnig tekið mikla dýfu í kjölfar þessarar stefnu. Mældist árleg þjóðarframleiðsla Kína í sumar í kringum 0,2 prósent og hefur ekki verið svo lág í tuttugu ár. Sambland af efnahagsfórn og óvissu um sóttvarnastefnu virðist hafa verið kraumandi í nokkur ár og var mannskæði eldsvoðinn einungis kornið sem fyllti mælinn.

Stjórnin mun sitja áfram

Eftir að myndbönd sem sýndu mótmælendur kalla eftir afsögn Xi Jinping forseta birtust á samfélagsmiðlum var þeirri spurningu varpað fram hvort tími kommúnistaflokksins væri liðinn undir lok.

Kínversk stjórnvöld hafa einnig hert verulega tök sín og munu að öllum líkindum halda áfram að gera það í samræmi við lagfæringar á sóttvarnastefnu sinni.

Ógnin í garð kínverskra stjórnvalda kemur fyrst og fremst utan frá, frekar en að innan. Það skýrist aðallega af að það er enginn staðgengill sem er reiðubúinn að taka við, skyldi flokkurinn falla.

Mótmæli af þessu tagi í Kína eru afar sjaldgæf og virðist sem svo að meginástæðan fyrir þeim sé andstaða við sóttvarnareglur. Kínverskur almenningur hefur lifað við mikinn efnahagsgróða síðustu áratugi og það þyrfti að öllum líkindum meira til en langt útgöngubann til að koma af stað byltingu. ■

HEILDARSAFN RITVERKA SJÓNS

Allar skáldsögur Sjóns og ljóð frá 1978–2022 koma nú út saman í öskju; níu bækur sem hver og ein inniheldur eftirmála eftir fræðimann eða rithöfund.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

NÝR

RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn

Eigum bíla til afgreiðslu í desember

Renault Megane E-Tech er spennandi 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina. Hafðu samband og við tökum einn frá fyrir þig.

Verð frá: **5.390.000 kr.**

FLEX leiguverð frá: 135.990 kr. á mánuði.
Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánar á flex.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ**

**Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vegar hefur áhrif á drægni rafbíla.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Stjórnartíð Katrínar lýst sem sögulegu afreki

Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra hefur gegn samtímalegum og sögulegum líkum tekist að vinna sér sess í stjórnmálasögunni sem einn þaulsætnasti forsætisráðherra landsins. Ólíklegt er þó talið að núverandi mynstur verði framlengt. Stjórnarandstaðan saknar félagslegs stöðugleika í störfum stjórnarinnar.

Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Nokkurt vatn hefur til sjávar runnið síðan Katrín, Bjarni og Sigurður Ingi komu saman stjórnarsáttmála fyrir fimm árum. FRÉTTABLAÐIÐ/

STJÓRNMÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fagnar um þessar mundir fimm ára afmæli sem forsætisráðherra.

Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagðist hún hvergi nærri hætt í pólitík, enda renni pólitísk ástríða í æðum hennar sem aldrei fyrr.

Kom mörgum í opna skjöldu

Það var 30. nóvember árið 2017 sem Katrín kom mörgum vinstri manninum á óvart með því að handsala samning um meirihlutabandalag í ríkisstjórn með Framsóknarflokknum og „erkifjanda“ VG eins og Sjálfstæðisflokkurinn var kallaður í baklandi VG á þessum tíma.

Snemma varð ljóst að Katrín og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, næðu furðu vel saman miðað við ólíka pólitíska sýn. Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, reyndist límið sem hélt þessum andstæðum íslenskra stjórnmála saman og enn dansa flokkarnir þrír pólitíska hringdans þótt mörg erfið mál hafi komið upp.

Á umliðnu kjörtímabili, 2017–2021, veitti kórónufaraldurinn stjórninni skjól í þeim skilningi að lítil umræða var um pólitísk álitaefni. „Það rífst enginn um hvað eigi að vera í matinn meðan húsið brennur,“ segir Katrín.

Að afloknum þingkosningum í fyrra, á yfirstandandi kjörtímabili, fór aftur að bera á svipaðri orðræðu og við upphaf meirihlutans, að völd Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og ítök Sjálfstæðisflokksins í stjórninni væru of mikil. Íslandsbankamálið hefur því orðið Katrínu þungt ekki síður en Bjarna.

Himinn og haf skilur Sjálfstæðismenn og VG að í málum sem varða innflytjendur og sölu ríkiseigna svo tvennt sé nefnt. Ágreiningur um varnir og NATO hefur aftur að mestu legið niðri eftir innrás Rússa í Úkraínu sem breytt hefur öryggismynd margra smáríkja.

Þau tíðindi urðu samkvæmt könnun Prósents fyrir Fréttablaðið fyrir skemmstu, að Kristrún Frostadóttir, nýr formaður Samfylkingarinnar, velti Katrínu úr sessi sem þeim leiðtoga sem naut mests trausts þegar spurt var um formenn flokkanna. Margir kenna stjórnarsamstarfinu um. Hún lætur sér þó ekki bregða og lýsti í viðtalinu í gær stolti af ýmsum árangri sem ríkisstjórn hennar hefur náð.

Fátíð valdastaða

Katrín er 11. stjórnmálaforinginn sem gegnir embætti forsætisráðherra síðustu hálfu öldina og aðeins önnur konan, hin er Jóhanna Sigurðardóttir. Einungis Davíð Oddsson (1991–2004) og Steingrímur Hermannsson (1983–87 og 1988–91) hafa setið lengur.

Hvað segir Ólafur Þ. Harðarson, stjórnmálafræðingur og prófessor emeritus, um þá staðreynd að Katrínu hafi tekist að halda saman ríkisstjórn svo ólíkra flokka í fimm ár?

„Það er ekkert annað en pólitískt afrek,“ segir Ólafur.

„Eins og aðrir farsælir forsætisráðherrar hefur hún þurft að verja ýmislegt sem gengur gegn stefnu VG og hefur ekki verið henni ljúft. Einhvern tímann hefðu það líka þótt pólitísk tíðindi að Sjálfstæðismenn væru tilbúnir til að sitja í ríkisstjórn undir forsæti vinstri sósíalista,“ bætir Ólafur við.

Sigur stjórnarinnar 2021 er einstakur í seinni tíð að sögn Ólafs. Katrín þakkar hann að hluta góðum árangri í glímunni við kórónuveiruna. Nú er sameiginlegt fylgi stjórnarflokkanna þó aðeins um 45 prósent sem kannski er vísbending um ólgu í siglingu stjórnarinnar næstu misserin.

„Gjörólík hugmyndafræði VG og Sjálfstæðisflokks veldur spennu innan ríkisstjórnarinnar á eðlilegum tímum,“ segir Ólafur. „Þá reynir á Katrínu, vinsældir hennar hafa minnkað, þó enn sé hún meðal þeirra foringja sem búa við mest traust og vinsældir.“

Ólafur telur líklegra en hitt að stjórnin haldi út kjörtímabilið þótt það sé algjörlega óvíst. En hverju spáir hann að loknu kjörtímabilinu?

„Það er ólíklegt að núverandi stjórnarsamstarf haldi áfram eftir næstu kosningar. VG gæti auðveldlega tekið þátt í miðju-vinstri stjórn ef kosningaúrslit gefa færi á því. Katrín gæti þá haldið áfram ef hún vill – en ekki endilega sem forsætisráðherra.“

Sjarmi Katrínar óumdeildur

Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir að það sem hafi tekist best hjá Katrínu sé að skapa pólitískan stöðugleika í þeim skilningi að hafa haldið út heilt kjörtímabil, sem var yfirlýst markmið.

„En þetta er heldur þröngur skilningur á stöðugleika og hann byggir á samstöðu á milli stjórnmálaflokka um að skipta með sér völdum,“ segir Kristrún.

Það sem hefur tekist verst hjá ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur að sögn Kristrúnar er hvað henni hafi gengið illa að vinna að félagslegum stöðugleika.

„Slíkur stöðugleiki verður að byggja á samstöðu milli fólksins í landinu. Ríkisstjórnin hefur, því miður, beinlínis unnið gegn félagslegum stöðugleika með úrræðaleysi sínu, til dæmis í heilbrigðismálum, í húsnæðismálum og kjaramálum aldraða og öryrkja,“ segir Kristrún.

Spurð hvernig Kristrún myndi lýsa Katrínu sem pólitíkusi svarar hún: „Katrín er stjórnmálamaður sem er gædd miklum hæfileikum og sjarma.“

Kristrún heldur áfram: „Katrín ávann sér traust hjá stórum hópi Íslendinga og hefur átt mikið pólitískt kapital. Þannig varð hún forsætisráðherra. Ég virði hana sem manneskju og stjórnmálaleiðtoga þó að ég hefði ekki gefið sama afslátt og hún af grundvallaratriðum innan velferðarkerfisins og þó að forgangsröðun okkar sé ólík.“

> Ríkisstjórnin hefur, því miður, beinlínis unnið gegn félagslegum stöðugleika með úrræðaleysi sínu.

> Það er ólíklegt að núverandi stjórnarsamstarf haldi áfram eftir næstu kosningar.

> Enginn hefur leitt ríkisstjórn eins lengi og Katrín í nær 20 ár.

Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar

Ólafur Þ. Harðarson, stjórnmálafræðingur

Eva H. Önnudóttir, prófessor

78%

kjósenda töldu eftir kosningar 2021 að ríkisstjórn Katrínar 2017–21 hefði staðið sig vel.

15–56%

kjósenda gáfu öðrum ríkisstjórnum eftir hrun sömu einkunn.

89%

kjósenda töldu ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hafa staðið sig vel í baráttunni við Covid.

Frá myndun núverandi flokkakerfis 1916–30 til 1971 sátu flestar stjórnir bara eitt kjörtímabil eða minna. *(Heimildir: Gallup, Ólafur Þ. Harðarson o.fl.)*

Fréttablaðið spurði Kristrúnu hvað hún teldi að tæki við að loknu þessu kjörtímabili.

„Á næsta kjörtímabili verður að stokka upp í stjórnmálunum. Ég vona að við jafnaðarfólk fáum sterkt umboð hjá þjóðinni til að leiða breytingar til góðs. Að mínu mati verður stóra verkefnið að endurreisa velferðarkerfið um land allt. Eftir áratug af íhaldsstefnu er kominn tími til að leggja ofuráherslu á kjör, velferð og efnahag venjulegs fólks,“ svarar hún.

Katrín ræddi um Kristrúnu af virðingu í Fréttablaðinu í gær og þóttust sumir greina klakhljóð milli þessara tveggja kvenskörunga.

Tvennt standi upp úr

Eva H. Önnudóttir, prófessor í stjórnmálafræði, segir að þegar litið sé til fimm ára stjórnarsetu Katrínar Jakobsdóttur sem forsætisráðherra, megi segja að einkum tvennt standi upp úr:

„Í fyrsta lagi hefur Katrín leitt þessa óvanalegu samsetningu ríkisstjórnar frá vinstri til hægri. Þrátt fyrir að þessari ríkisstjórn hafi margoft verið spáð falli er Katrín nú forsætisráðherra á sínu öðru kjörtímabili. Enginn hefur leitt ríkisstjórn eins lengi og Katrín í nær 20 ár.“

Einnig segir Eva að upp úr standi að pólitísk forysta Katrínar í gegnum heimsfaraldurinn hafi tekist vel.

„Í gegnum það tímabil naut hún mikils trausts sem leiðtogi ríkisstjórnarinnar. Að undanförnu virðast vinsældir hennar sem forsætisráðherra og hversu mikils trausts hún nýtur meðal almennings hafa dalað nokkuð og er ekki ólíklegt að það sé vegna ágreiningsmála sem hafa komið upp sem Katrín hefur þurft að svara fyrir sem leiðtogi ríkisstjórnarinnar, eins og til dæmis salan á Íslandsbanka og málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd.“

Að auki nefnir Eva einn punkt: „Það má kannski segja að það þriðja sem standi upp úr í forsætisráðherratíð Katrínar sé að þrátt fyrir ágreining sem hefur komið upp hefur hún veitt ríkisstjórninni styrka forystu og verið einn meginstólpinn í að halda ríkisstjórninni saman.“

Flestar stjórnir sitja stutt

Ef fullveldis- og lýðveldissaga landsins er skoðuð frá grunni bendir Ólafur Þ. Harðarson á að frá myndun núverandi flokkakerfis til 1971 hafi flestar stjórnir setið bara eitt kjörtímabil eða minna. Undantekningar séu að Hermann Jónasson hafi verið forsætisráðherra samfellt frá 1934–42 en í ólíkum samsetningum.

Viðreisnarstjórnin sat í tólf ár samfellt. Ólafur Thors var forsætisráðherra mestallt fyrsta kjörtímabilið en Bjarni Benediktsson eldri sat sem forsætisráðherra 1963–70.

Í þessu ljósi liggur fyrir að Katrín hefur náð árangri – þvert á allar líkur – og burtséð frá því hvað almenningi kann að þykja um störf ríkisstjórnarinnar. ■

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
FÖGNUM FULLVELDI
MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI
Það var stór áfangi í lífi þjóðarinnar sem náðist með fullveldi þann 1. desember árið 1918. Í dag er því stórmerkur hátíðisdagur sem við skulum fagna vel og rækilega yfir góðum og þjóðlegum mat með nánustu fjölskyldu. Og hvaða matur er betur til þess fallinn en íslenskt lambakjöt, sem hefur fylgt okkur frá upphafi landnáms, í 1146 ár, og átt svo ríkan þátt í áfangasigrum Íslendinga.
Búum til hefðir og borðum íslenskt – náttúrulega.

Stendur ekki til að selja grunnkerfin út úr Nova

Forstjóri Nova segir heilmiklar áskoranir hafa fylgt skráningu fyrirtækisins á markað. Í hennar huga sé mikilvægt að muna hvað hefur tryggt félaginu velgengni fram til þessa. Hún segir ekki standa til að aðgreina grunnkerfin frá annarri starfsemi Nova.



ggunnars@frettabladid.is

Í dag eru slétt fimmtán ár frá því fjarskiptafélagið Nova fór í loftið. Fyrr á þessu ári steig fyrirtækið svo skrefið inn á aðalmarkaði Nasdaq Iceland með útboði á ríflega þriðjungshlut í fyrirtækinu.

Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova, segir alveg klárt að það geti verið krefjandi að halda í þann ferskleika sem hefur einkennt fyrirtækið, nú þegar heil 15 ár eru liðin og félagið komið á markað.

„Okkar mantra hefur alltaf verið að við eigum að ögra okkur. Í öllu sem við gerum. Varðandi tækninýjungar, í þjónustunni við okkar viðskiptavini og nú gagnvart fjárfestum. Þannig höldum við okkur ferskum," segir Margrét.

Hún segist meðvituð um að taktur fyrirtækja geti breyst samhliða slíkum breytingum.

„En hvað Nova varðar þá tel ég mjög mikilvægt að halda í það sem hefur skapað árangurinn og kúltúr inn. Muna hver við erum og hvaða þættir hafa gefið góða raun.

Það er það sem ég trúi að nýir hluthafar hafi keypt. Það væri mjög skrýtið ef við færum að hegða okkur einhvern veginn öðruvísi við það eitt að stíga inn í Kauphöllina."

Enda segir Margrét ekkert standa til að skipta um takt eða lækka tónlistina sem hefur einkennt Nova frá upphafi.

„Við höfum alltaf verið í hlutverki óþekka unglingsins á þessum markaði þannig að það fer okkur kannski bara vel að vera á þessum aldri, orðin 15 ára," segir hún og hlær.

„En svona í alvöru þá finnst okkur mjög mikilvægt að andrúmsloftið sé jafn ferskt og kraftmikið í dag eins og það var þegar við byrjuðum. Við erum alltaf með augun á háleitum markmiðum. Og svo viljum við hafa gaman. Það er ekkert að fara að breytast," segir Margrét.

Hún segist vel geta skilið að fólk velti því fyrir sér hvort rétt hafi verið að fara í hlutafjárútboð á þessum tímapunkti. Hvort sú ákvörðun hafi verið góð.

„Svarið við því fer svolítið eftir sjónarhorninu. Út frá seljandanum, PT Capital, þá var þetta klárlega góð ákvörðun. En ef ég horfi á þetta sem stjórnandi þá myndi ég segja að þetta hafi verið lærdómsríkt," segir Margrét.

> Við höfum alltaf verið í hlutverki óþekka unglingsins á þessum markaði.

„Þetta hefur verið krefjandi en líka mjög skemmtilegt."

Að hennar mati megi þó ekki vanmeta mikilvægi þess að fá inn fjölbreyttan eigendahóp.

„Það skiptir gríðarlegu máli. Við erum innviðafyrirtæki og þess vegna er mjög gott að fá lífeyrissjóðina inn og fleiri aðila."

Margrét segir það samt enga launung að hún hefði viljað sjá gengi bréfanna þróast með öðrum hætti.

„Það segi ég bæði sem hluthafi og sem starfsmaður. Nova hefur verið að vinna sigra frá því fyrirtækið var stofnað. Þegar maður sér svo allt í einu mínustölur er maður auðvitað ekkert sáttur.

En við erum keppnisfólk, setjum undir okkur hausinn og einbeitum okkur að því sem við viljum gera til að vera áfram leiðandi á þessum markaði. Það skilar sér á endanum til allra; viðskiptavina, starfsfólks, hluthafa og samfélagsins í formi sterkra innviða.

Þetta er bara enn ein áskorunin og við þrífumst á þeim." Enda telur Margrét ekki erfitt að viðhalda keppnisskapi þegar umhverfið er jafn spennandi og raun ber vitni.

> Það væri mjög skrýtið ef við færum að hegða okkur einhvern veginn öðruvísi við það eitt að stíga inn í Kauphöllina.

„Ég held að við séum að sigla inn í enn eitt blómaskeiðið í þessum geira. Með frekari snjallvæðingu og nýrri tækni. En svo eru líka miklar breytingar í gangi á íslenskum fjarskiptamarkaði. Í þeim felast ótvíræð tækifæri fyrir Nova.

Með því segist Margrét eiga við þær breytingar sem hafa átt sér stað hjá fjarskiptafyrirtækjum sem hafa ákveðið að aðgreina grunnkerfin frá annarri starfsemi.

„Við hjá Nova erum með ólíka sýn hvað það varðar. Við erum sterkt innviðafyrirtæki og það er ekki hluti af okkar stefnu að selja grunnkerfin. Við höfum sagt það alveg skýrt og gerðum það til að mynda þegar við stigum inn í Kauphöllina," segir Margrét.

Sú trú sé einfaldlega sterk innan fyrirtækisins að með því að halda á allri virðiskeðjunni skapist ákveðið forskot inn í komandi tækniþróun.

„Við viljum alltaf vera fyrst inn í framtíðina þegar kemur að snjöllum lausnum. Ef við höldum ekki á allri keðjunni er hætta á að við verðum dálítið eins og kexverksmiðja sem á bara pökkunarvélina. Sjáum bara um umbúðir en höfum ekki stjórn á öllu því sem þarf að gerast á undan."

Margrét segir þetta eitt af því sem reynslan hafi kennt henni.

„Djarfar ákvarðanir í fortíðinni hafa skapað okkur forskot inn í framtíðina. Við viljum ekki missa tökin á því eða missa þann brodd út úr fyrirtækinu. Það væri ekki í okkar anda," segir Margrét. ■

Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova, segir ekki standa til að breyta kúltúrnum þótt félagið sé nú skráð á markað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kalkúnaskortur í Bretlandi yfir jólin

helgisteinar@frettabladid.is

Helmingur allra þeirra kalkúna og gæsa sem ræktuð eru fyir jólin í Bretlandi hefur annaðhvort dáið eða verið innkallaður vegna fuglaflensu. Framkvæmdastjóri breska alifuglaráðsins segir að kalkúnaiðnaðurinn í landinu hafi orðið fyrir miklum skelli.

Af þeim 8,5 til 9 milljónum kalkúna sem ræktaðir eru fyrir jólin í Bretlandi hafa 1,6 milljónir þeirra nú þegar dáið. Ef tekið er mið af þeim kalkúnum sem ganga frjálsir á túnum þá hafa rúmlega 600 þúsund af 1,3 milljónum orðið fyrir beinum áhrifum flensunnar.

Fuglaflensan hefur hrjáð breska alifugla í rúmlega ár en tíðni flensunnar hefur rokið upp á seinustu vikum. Flensan er sú versta í sögu Bretlands og felur hún einnig í sér að slátra þurfi restinni af þeim fuglum sem eftir sitja á sýktum bæjum.

> Alifuglaframleiðendur í Bretlandi hafi krafist þess að flýtt verði fyrir þróun á bóluefni gegn fuglaflensunni.

Paul Kelly, formaður Kelly Turkeys sem staðsett er í Essex, segir að búast megi við miklum skorti á kalkúnum þetta árið. Hann segist ekki sjá fram á að kalkúnaverð muni hækka, frekar að það verði einungis lítið úrval í búðakælum landsins. Hann bætir við að ástandið sé verst fyrir breska bændur og að hann sjálfur sé þegar búinn að tapa 1,2 milljónum punda.

„Vandamálið sem margir smærri árstíðabundnir bændur sem vinna bara fyrir jólin þurfa að glíma við, er að um leið og það kemur upp sýking á bænum þá munu þeir fuglar deyja innan fjögurra daga," segir Kelly.

Bændur fá bætur frá yfirvöldum þegar þau mæta á sýkta bæi til að slátra þeim fuglum sem eftir eru. Hins vegar fá bændur aðeins greitt fyrir heilbrigða fugla og hafa sumir bændur tilkynnt að heilu hjarðirnar hafi veikst áður en slátrunin hófst.

Alifuglaframleiðendur í Bretlandi hafi krafist þess að flýtt verði fyrir þróun á bóluefni gegn fuglaflensunni og efast margir kalkúnabændur um hvort það sé þess virði að halda áfram rekstri. ■

Bretar glíma við verstu fuglaflensu í sögu þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ný sending af skíðavörum

30-50% afsláttur af eldri gerðum

Head V-Shape VR Skíðapakki
Skíði, bindingar og skíðaskór
~~100.990,-~~ **75.743,-**
25% afsláttur

Head Supershape Team barnaskíðapakki
Skíði, bindingar og skór
Verð frá 34.943,-
25% afsláttur

Head Easy Joy skíðapakki
Skíði, bindingar og skór
~~100.990,-~~ **75.743,-**
25% afsláttur

Fischer gönguskíðapakki
Skinnskíði, bindingar, skór og stafir
Verð frá 55.188,-
20% afsláttur

FISCHER · RUDY PROJECT · KV+ · MAMMUT SWISS 1862 · STEVENS BIKES · alpina · Vango · HEAD · Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Stóra kjarabótin

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Endurteknar skoðanakannanir benda til þess að meirihluti landsmanna, sem á annað borð taka afstöðu, er hlynntur því að Ísland fái fulla aðild að Evrópusambandinu. Það er jafn eðlilegt og það er skiljanlegt.

Æ fleiri landsmenn átta sig á því að helstu samfélagsbætur sem Íslendingar hafa fundið á eigin skinni á síðustu þremur áratugum eru ættaðar frá sambandi evrópskra þjóða sem kappkostar í öllu sínu regluverki að auka samkeppnishæfni og viðskiptafrelsi hverrar aðildarþjóðar á öllum sviðum þjóðlífsins, almenningi til hagsbóta, en ekki bara sumum.

Fámenna og spillta kunningjasamfélagið á Íslandi, sem hefur lagt sig í framkróka við að hygla sérhagsmunum á kostnað sanngirni og samkeppni, hefur átt undir högg að sækja hér á landi eftir að áhrifamesti alþjóðasamningur sem íslensk stjórnvöld skrifuðu undir á síðustu öld, tók gildi. Hann hverfist um fjórfrelsi evrópska efnahagssáttmálans, skilvirkustu leiðina að bættum hagvexti – og hefur reynst íslenskri þjóð svo farsæll að engum heilvita manni hér á norðurhjara dettur til hugar að segja skilið við hann.

Og þar af leiðandi hugsar æ stærri hluti þjóðarinnar á þennan veg: Því þá ekki að tengjast betur og endanlega því sem helst hefur aukið hag okkar? Af hverju ekki að klára hálfnað verk í þeim efnum? Og geta þar með hlutast til um regluverkið sem berst hingað til lands frá höfuðstöðvum ESB, í stað þess að vera áhorfendur að atkvæðagreiðslunum?

Þetta er stærsta mál samtímans á Íslandi. Með fullri aðild eykst alþjóðasamvinna enn frekar sem er eina raunverulega tryggingin fyrir aukinni hagsæld alls almennings og atvinnulífs.

Og skrefið í átt að fullri aðild er auðvelt. Þar þarf Ísland engar undanþágur. Seta okkar við ákvarðanaborðið er ekki flóknari en svo.

Hinn kosturinn er að hanga á innihaldslausu fullveldi, sem framselur atkvæðaréttinn yfir á meginland Evrópu. Það er enginn bragur á því.

Ekki frekar en að hanga áfram með aumasta gjaldmiðil álfunnar sem fer með ofbeldi á hendur heimilum þessa lands og gerir efnahag þeirra fullkomlega ófyrirsjáanlegan. Gjaldmiðill sem þarfnast verðtryggingar og breytilegra vaxta er ekkert annað en hornsteinn kúgunar á hendur alþýðu fólks.

Full aðild bætir hag sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, svo og kjör neytenda og mun spara almenningi, fyrirtækjum og ríkissjóði hundruð milljarða króna með lægri vöxtum. Og það vill aukinn meirihluti landsmanna, að sjálfsögðu. ■

> Því þá ekki að tengjast betur og endanlega því sem helst hefur aukið hag okkar?

Halldór

Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Fimm ára
Ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar og Sigurðar Inga Jóhannssonar undir forsæti vinkonu þeirra Katrínar Jakobsdóttur náði þeim áfanga í gær að hafa hangið saman í fimm ár samfleytt. Geri aðrir betur í viðsjárverðum heimi þar sem pólitískar freistingar blasa við í hverju spori. Miðað við það sem á hefur bjátað hingað til og The Three Amigos Norðursins hafa staðið af sér bendir fátt til að slíta þurfi samstarfinu í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er ekki eins og þremenningana eða flokka þeirra greini á um strauma og stefnur.

Miðpunkturinn
Allt virðist því eins og blómstrið eina á ríkisstjórnarheimilinu þar sem allir hjálpast að ef einhverjir leiðindapúkar eru að fetta sína afskiptasömu fingur út í hvað eina sem þeim flýgur í hug. Á endanum gætu þó málamiðlanirnar sem gera þarf orðið til þess að stefnan leiti of mikið inn á við og sogist inn í þungamiðju sem mætti líkja við hugmyndafræðilegt svarthol þar sem hvorki er farið til vinstri né hægri, upp né niður, norður eða suður – þangað sem þjóðin stefnir nú reyndar af sjálfsdáðum til að sleikja sárin og mynda á sér fæturna fyrir greiningardeild peningastefnunefndar Seðlabankans. Og er bara slétt sama. ■

Mikilvæg skref á vakt VG

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir
þingmaður VG og formaður fjárlaganefndar

Senn líður að lokum þessa árs sem hefur verið viðburðaríkt hjá okkur öllum í samfélaginu. Það er mjög ánægjulegt að geta litið um öxl með stolti yfir því sem hefur verið áorkað á sviði velferðarmála og það verður spennandi að fylgjast með áframhaldandi vinnu í þeim málaflokki.

Mikil vinna hefur farið fram í ráðuneyti félags- og vinnumarkaðsráðherra þar sem lagt hefur verið af stað í tímabæra vegferð til að umbylta löngu stöðnuðu og flóknu kerfi.

Lagt hefur verið fram frumvarp um lengingu endurhæfingartímabils úr 18 mánuðum í 36 mánuði með möguleika á framlengingu um ár í viðbót, en markmið þess er að tryggja að einstaklingar sem misst hafa starfsgetuna fái endurhæfingarlífeyri til lengri tíma þar sem starfsendurhæfing með aukna atvinnuþátttöku að markmiði telst raunhæf.

Nýlega var tvöföldun frítekjumarks atvinnutekna örorkulífeyrisþega samþykkt í ríkisstjórn. Það hækkar nú upp í 200 þúsund, eftir að hafa staðið óbreytt frá árinu 2009. Þetta eru stór og þörf skref í áttina að réttlátara kerfi.

Samþykkt var í fjárlaganefnd breytingartillaga þess efnis að örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar fái 60.300 króna eingreiðslu núna í desember í stað þeirra 28 þúsund króna sem gert var ráð fyrir. Í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í samfélaginu, ekki síst vegna verðbólgu, er nauðsynlegt að gera betur í þessum málum, eins og ég gerði grein fyrir strax við fyrstu umræðu fjáraukalaga, það er því mikið fagnaðarefni að Alþingi stóð með þessari breytingu af einhug.

Í farvatninu á vormánuðum er síðan að fjölga hluta- og sveigjanlegum störfum fyrir þennan hóp og einfalda um leið þann hluta kerfisins sem snýr að greiðslum og þjónustu, fjarlægja þá þröskulda sem koma í veg fyrir virkni og að hægt sé að komast í skrefum inn á vinnumarkaðinn. Það sem hefur áunnist á vakt VG og þessi mikilvægu verkefni sem eru fram undan gefa okkur því fullt tilefni til bjartsýni. ■

> Nýlega var tvöföldun frítekjumarks atvinnutekna örorkulífeyrisþega samþykkt í ríkisstjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is*, Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*. **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 1. desember 2022

Salurinn er mjög fallegur.

Samsýning á samtímalist

sandragudrun@frettabladid.is

Hátíðleg opnun Jólasýningarinnar í Ásmundarsal verður á morgun frá klukkan 13.00 -17.00. Jólasýningin er sölusýning á verkum 32 samtímalistamanna og ljósmyndara en sýningin stendur yfir til 23. desember. Á sýningaropnun fagnar Ásmundarsalur einnig bókaútgáfu, því samhliða sýningunni er gefin út bók þar sem verk, viðtöl og vinnustofuheimsóknir færa lesendum innsýn í vinnuferli og sköpunarkraft listamanna sem standa að sýningunni.

Að auki verður starfrækt pósthús í Gryfju í samvinnu við Póstinn meðan á jólasýningunni stendur. Á pósthúsinu geta gestir verslað myndlistarkort og póstlagt bréfin sér að kostnaðarlausu.

Falleg verk á fallegum stað

Þetta er fimmta árið í röð sem sérstök jólasýning er haldin í Ásmundarsal. Jólasýningarnar voru endurvaktar fyrir fjórum árum en um miðja síðustu öld tíðkaðist að halda slíkar sýningar á aðventunni.

Ásmundarsalur var byggður árið 1933 af einum af okkar ástsælustu myndhöggvurum, Ásmundi Sveinssyni. Í áranna rás hefur húsið þjónað sem vinnustofur listamanna, sýningarými og listaskóli, svo dæmi séu tekin. Ásmundarsalur hefur verið endurgerður að öllu leyti og hvarvetna leitast við að upprunalegt útlit og funkisarkitektúr hússins njóti sín. Það er um að gera að kíkja á spennandi sýningu í þessum fallega sal um helgina og finna kannski eitthvað falleg til að gefa ástvini. ■

Ágúst Þ. Eiríksson, eigandi Icewear, í fallegri úlpu sem er einangruð með íslenskri ull. MYND/AÐSEND

Íslenska ullin á sér enga hliðstæðu

Ágúst Þ. Eiríksson hefur mikinn metnað fyrir framgangi íslensku ullarinnar, en hann óraði ekki fyrir ævintýralegum vexti fyrirtækis síns Icewear. Þar fer nú fram bylting í nýtingu íslensku ullarinnar, sem hann segir eitt besta hráefnið sem einangrun fyrir útivistarfatnað. 2

„Rætur Icewear liggja í íslensku ullinni. Hún er einstök á heimsvísu því ullin af íslensku sauðkindinni er sú eina af 380 ullartegundum í heiminum sem hefur tvenns konar hár, tog og þel, stutt og löng hár, sem gefur henni einstakan léttleika og mikið loft. Ég fer ekki ofan af því að íslenska ullin sé eitt það besta hráefni sem völ er á í einangrun fyrir útivistarfatnað.“

Þetta segir Ágúst Þ. Eiríksson, eigandi Icewear, sem er einn stærsti framleiðandi útivistar- og prjónafatnaðar á Íslandi.

„Það má segja að hjá Icewear standi nú yfir ákveðin bylting hvað varðar nýtingu á íslensku ullinni, því það að nota íslenska ullareinangrun í útivistarflíkur er einstök nýsköpun sem getur haft jákvæð áhrif á ullarframleiðslu og verðmætasköpun útflutnings til lengri tíma litið. Við settum fyrstu vörurnar í línunni á markað í fyrra og hafa viðtökurnar farið fram úr okkar björtustu vonum. Ég held að það sé hægt að segja að þetta sé mesta bylting sem hefur átt sér stað með íslensku ullina síðan íslenska lopapeysan kom á markað,“ segir Ágúst.

Ein í heimi með tog og þel

Vart er liðið ár síðan Icewear kynnti íslensku ullareinangrunina til sögunnar, en meðbyrinn og eftirspurnin varð strax mikil.

„Íslenska ullin á sér hvergi hliðstæðu og ekki hægt að nálgast hana nema af íslensku sauðkindinni, sem hefur lifað af síbreytilegt íslenskt veðurfar í gegnum aldirnar og þróað með sér ull sem er bæði með tog- og þelhár, sem hafa sinn eiginleikann hvort fyrir sig og þennan léttleika sem íslenska ullin býr yfir. Annað sauðfé í heiminum er aðeins með tog- eða þelhár, ekki bæði,“ útskýrir Ágúst.

Á sama hátt og íslenska ullin verndar sauðkindina þá verndar hún einmitt þá sem klæðast henni í rysjóttri tíð vegna þessara einstöku eiginleika hennar. Það er engin önnur ull sem leitast við að viðhalda hitastigi líkamans, sama hvernig viðrar, en sú íslenska.

„Þegar við sáum flíkur fylltar með merino-ull, laust niður þeirri hugmynd að engin ull önnur en sú íslenska hefði betri eiginleika til að vera notuð sem fylling í úlpur og útivistarfatnað. Ullin okkar er 40 prósentum léttari en önnur ull, andar betur en bæði pólýester og dúnn og heldur á manni yl þó maður blotni,“ greinir Ágúst frá.

Viðheldur hitastigi líkamans

Icewear er leiðandi á heimsvísu þegar kemur að íslensku ullarfyllingunni.

„Við vitum að orðstír íslensku ullarinnar á bara eftir að auka enn frekar á eftirspurnina og finnum

Ágúst hefur alltaf heillast af sköpuninni sem fylgir íslensku ullinni og hefur ullin alltaf verið kjarninn í vörulínu Icewear.
MYNDIR/AÐSENDAR

Ný útivistarlína Icewear er einangruð með íslenskri ull og samanstendur af litríkum yfirhöfnum en einnig má finna úrval af ullarpeysum með þjóðlegu mynstri.

Hönnun Icewear tekur mið af íslenskum aðstæðum og veðurfari.

Í dag, 1. desember, er eitt ár liðið frá því að Icewear kynnti til sögunnar íslensku ullareinangrunina í nýrri útivistarlínu og hafa viðtökur farið langt fram úr væntingum.

við það reyndar nú þegar. Flíkur með íslenskri ullareinangrun hafa fengið frábærar viðtökur, bæði hér innanlands sem og erlendis. Sjálfur prófaði ég eina af fyrstu prótótýpunum árið 2020, klæddist henni í öllum veðrum og í sem minnstu innanundir. Þá fann ég strax að íslenska ullin er ein besta einangrunin sem hægt er að setja í útivistarfatnað," segir Ágúst.

Ágúst nefnir dæmi um viðskiptavin sem keypti sér úlpu með íslenskri ullareinangrun í Reykjavík.

„Skömmu síðar kom hann aftur og keypti sams konar úlpu handa maka sínum með þeim orðum að þetta væri eina úlpan sem hann hefði átt sem hann svitnaði ekki í þegar hann færi úr kulda í hita. Það er akkúrat þessi eiginleiki sem gerir ullina svona einstaka, það er að segja að viðhalda hitastigi líkamans hvort sem ytri aðstæður eru kaldar eða heitar."

Viðbót fyrir ullarbændur

Ágúst telur íslensku ullareinangrunina geta orðið upphaf að nýju skeiði fyrir íslenska ullarbændur og sauðfjárbúskap.

„Ég hef sagt þeim bændum sem ég þekki að vera þolinmóðir því það sé ekki langt í að þetta verði mjög stórt og gæti farið í veldisvöxt eftir tvö til þrjú ár. Ef öll ull í landinu væri notuð í úlpur þá erum við að tala um að við værum með efni í framleiðslu á um einni og hálfri milljón ullarúlpna á ári, en þess má geta að ein rolla skilar af sér um tveimur kílóum af ull á ári og í úlpur fara um 500 grömm.

Ég sé fyrir mér að sauðfjárbændur sjái hag sínum vel borgið með því að framleiða ull, því þegar kemur að aukinni eftirspurn hefur engin ull í heiminum þá einstöku eiginleika og sú íslenska," segir Ágúst.

Hann heldur áfram:

„Kostirnir við íslensku ullina eru margþættir og finnst mér ekki ólíklegt að íslenska ullareinangrunin eigi eftir að fá á sig þann gæðastimpil að vera ein sú besta einangrun sem völ er á í útivistarflíkur. Því eins og ég nefndi áðan þá heldur flíkin áfram yl og léttleika þó að hún blotni og ef á hana kæmi gat þá lekur einangrunin ekki út eins gerist til dæmis í dúnflíkum. Ull er einnig einn sá vist-

> **Á sama hátt og íslenska ullin verndar sauðkindina, verndar hún þá sem klæðast henni.**
>
> Ágúst Þ. Eiríksson

vænasti kostur sem völ er á fyrir útivistarflíkur."

Gefandi að skapa

Það eru 50 ár síðan Icewear var stofnað utan um útflutningsvörur úr íslenskri ull.

„Sem ungan dreng dreymdi mig um að verða atvinnurekandi og forstjóri. Ég var nýútskrifaður viðskiptafræðingur þegar ég byrjaði að vinna hjá Icewear, sem ég keypti svo seinna meir.

Ég heillaðist af sköpuninni sem fylgir ullinni, því mig hafði alltaf dreymt um að vinna í skapandi geira og í ullinni erum við alltaf að skapa eitthvað nýtt, eins og íslensku ullareinangrunina núna. Viðskiptafræðin reyndist mér góð blanda við sköpunarvinnuna. Ekki óraði mig þó fyrir þeim ævintýralega vexti sem fyrirtækið hefur farið í gegnum síðastliðin ár. En umfram allt hef ég virkilega gaman af því að vera í brúnni," segir Ágúst.

Fyrir tilviljun í ullarbransann

Lokaritgerð Ágústs í viðskiptafræði árið 1983 var einmitt um útflutning íslenskra ullarvara.

„Þá var ullariðnaðurinn risastór en ég spáði að hann myndi ekki lifa af sökum þess hve ullin væri einhæf vara og á þeim tíma var flísið að koma. Síðan sá ég þennan nýja vinkil sem ullareinangrunin er, sem gæti orðið svo miklu stærri en ullin var nokkurn tímann áður. Íslenska lopapeysan er alltaf góð en það er örmarkaður, en með útivistarfatnaði erum við komin út í hinn stóra útivistarheim. Þar að auki er Ísland kalt land og mikill trúverðugleiki fylgir því að það sem er gott fyrir Íslendinga sé líka gott fyrir heiminn."

Merkileg framþróun

Icewear rekur alls 23 verslanir ásamt netverslun sem selur útivistarfatnað um allan heim.

„Nú þegar er íslensk ullareinangrun komin í úlpur, káputr, buxur, vettlinga, vesti og kuldagalla fyrir börn og fullorðna," segir Ágúst.

Hans uppáhalds Icewear-flíkur eru jakkarnir Reykjavík og Langjökull, báðir með íslenskri ullareinangrun.

„Íslenska ullareinangrunin er í raun ótrúleg uppgötvun og á sama tíma ótrúlegt að þetta hafi ekki verið gert fyrr. Ég tel að þetta sé það merkilegasta sem Icewear hefur gert hingað til. Það er mikill heiður fyrir Icewear að vera þátttakandi í þessu ævintýri, en að baki eru auðvitað allir sauðfjárbændur landsins og íslenska sauðkindin, að ógleymdu metnaðarfullu starfsfólki Icewear." ■

Sjá nánar og skoðið vefverslun Icewear á icewear.is

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

YEST/YESTA síð prjónapeysa með rúllukraga
Stærðir 36-60
Verð 13.980 kr

YEST/YESTA prjónapeysa
Stærðir 36-56
Verð 12.980 kr

YESTA Bernardine síð skyrta
Fæst líka í Armygrænu
Stærðir 44-52
Verð 12.980 kr

YEST/YESTA rúllukragapeysa
Stærðir 38-52
Verð 8.980 kr

SUNDAY Rea kragabolur
Fullt af litum til
Stærðir 38-52
Verð 8.980 kr

yesta yest noSecret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic QUE

GOZZIP Margot skyrtukjóll
Stærðir 38-56
Verð 16.980 kr

STUDIO Agathe kjóll
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr

STUDIO Ayse blúndukjóll
Stærðir 38-56
Verð 17.980 kr

STUDIO Jeanne shiffon kjóll
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr

STUDIO Elinor blússa
Stærðir 38-56
Verð 12.980 kr

SUNDAY by Godske festival DENMARK STUDIO GOZZIP® SANDGAARD LASESSOR FRANDSEN Tamaris HABELLA Jana®

SUNDAY Julia náttföt
Fást líka í bleiku
Stærðir 38-48
Verð 9.980 kr

SUNDAY velúr sloppur
Fleiri litir til
Stærðir 38-52
Verð 10.980 kr

SUNDAY velúrgalli
Fleiri litir til
Stærðir 38-50
Verð 10.980 kr

LASESSOR ponsjó með steinum
Fleiri litir til
Verð 8.990 kr



TAMARIS glam hælaskór
Stærðir 37-42
Verð 10.990 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Óbærilega ljótar og ótrúlega skemmtilegar

Þær eru besta tískugrínið á þessari öld: asnalegar, töff og því ljótari því betra! Hér skal fjallað um ljótu jólapeysuna sem hefur fest sig í sessi sem tískufyrirbæri sem fer allan hringinn og rúmlega það.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur
@frettabladid.is

Degi ljótra jólapeysa er fagnað þriðja föstudag í desember og ekki seinna vænna að byrja að undirbúa vinnustaðagleðina eða heimapartíið.

Hugmyndaflugið á sér fá takmörk þegar kemur að því að fagna ljótleika jólapeysanna. Gulur litur og þrívídd er engin fyrirstaða.

Fyrstu fjöldaframleiddu jólapeysurnar litu dagsins ljós á sjötta áratugnum í Bandaríkjunum (hvar annars staðar?) þegar jólahátíðin varð sífellt markaðsvæddari. Þær nutu hóflegra vinsælda þar til á níunda áratugnum þegar „ljótapeysan“ varð að hugtaki í sjálfri sér með tilkomu sjónvarpsþáttanna um Cosby-fjölskylduna og náði hámarki í kvikmyndinni National Lampoons Christmas Vacation þar sem Griswold-fjölskyldan skartaði þeim í jólaboði. Tíundi áratugurinn var hins vegar ekki tilbúinn fyrir þetta tískufyrirbæri og jólapeysan lá nánast í dvala þar til tveir kanadískir vinir ákváðu fyrir jólin 2002 að safna fé fyrir vin sinn sem var með krabbamein. Söfnunin fór fram í partíi þar sem allir gestir voru hvattir til að mæta í ljótustu jólapeysu sem þeir gætu fundið. Mætingin var góð og siðurinn breiddist út smám saman og varð fljótlega að stórviðburðum þar sem mörg þúsund manns koma saman og skemmta sér í ljótustu jólapeysum sem hægt er að finna, jafnvel er haldin keppni um ljótustu ljótu peysuna og oftar en ekki safnað fyrir gott málefni í leiðinni. Árið 2011 hafði ljóta jólapeysan fest sig svo rækilega í menningunni að tískurisinn Dolce&Gabbana setti á markað peysur undir yfirskriftinni: svo ljótar að þær eru fallegar! Og hægt var að fá ljóta jólapeysu á 600 Bandaríkjadali í versluninni Nordstrom.

Jólapeysurnar geta tekið á sig ýmsar myndir og ungir sem aldnir hafa jafngaman af þeim.

Ljótar jólapeysur voru upprunalega bara jólapeysur en við skiljum af hverju forskeytið stafar. MYNDIR/GETTY

Talið er að 23 prósent Bandaríkjamanna muni fjárfesta í ljótri jólapeysu fyrir þessi jól, sem til stendur að nota í veislu með vinum, á vinnustaðagleði eða í myndatöku með fjölskyldunni. 9 prósent fara í sitt fyrsta ljótu jólapeysupartí fyrir þessi jól og hlakka mikið til. Ef enginn er búinn að bjóða þér þá er upplagt að grípa tækifærið og blása til síns fögnuðar af eigin rammleik. Tíu ljótar jólapeysur skemmta sér betur en ein.

Vefsíðan Uglychristmassweaters.com hefur gert það gott og selt ófrýnilegar jólapeysur fyrir meira en fimm milljónir Bandaríkjadala undanfarin þrjú ár. Fyrirtækið gefur fólki kost á að hanna sínar eigin ljótu peysur, er með mikinn fjölda af misljótum peysum á lager og einnig nokkrar sem áhrifavaldar hafa hannað fyrir fyrirtækið. Sumar eru svo ljótar að þær eru í þrívídd! Margar fataverslanir passa upp á að hafa ljótar jólapeysur til sölu í desember þar sem dæmin sanna að fólk tekur ljóta ofskreytta jólafatnaðinn sinn mjög alvarlega.

Opinber dagur ljótu jólapeysunnar er þriðji föstudagur í desember sem í ár er sá sextándi og því ekki seinna vænna en að hefja undirbúning, hvort sem fólk hyggst prjóna sjálft, leita að allra ljótustu peysunni í búðum eða á netinu eða leggja einhverja saklausa rauða og græna peysu undir alls kyns jólaofgnótt.

En hvað er það við ljótu jólapeysuna sem er svo heillandi? Spekingar hafa komið með ýmsar skýringar en kannski er bara gott og gaman að fá að vera í ljótum og fyndnum fötum að minnsta kosti einu sinni á ári. ■

Tískubókasafn opnað í Osló

sandragudrun@frettabladid.is

Alþjóðlegt bókasafn fyrir rannsóknir í tísku (ILFR), sem staðsett er á Þjóðminjasafni Oslóar og var stofnað árið 2020, var loks opnað fyrir almenningi í fyrradag en af því tilefni var haldin tveggja daga opnunarhátíð safnsins. Bókasafnið er geymsla sérhæfðra tískurannsókna og samtímaútgáfu um tísku.

Metnaður er lagður í að safnið verði stærsta og umfangsmesta skjalageymsla heims fyrir útgefið tískuefni og önnur skjöl sem tengjast tískuiðnaðinum. Það verður ókeypis og aðgengilegt úrræði fyrir fagfólk í tískuiðnaðinum, fræðimenn, nemendur og áhugafólk.

Ört vaxandi safn

Safnkosturinn fer ört vaxandi. Frá stofnun hefur það tekið við umtalsverðum framlögum, þar á meðal efni frá franska tískuhúsinu Hermès, alþjóðlega tímaritadreifingaraðilanum KD Presse, japanska tískuhúsinu Comme des Garçons og hönnunarstofunni M/M (Paris). Mikið af efninu í skjalasafni ILFR er stafrænt og aðgengilegt á heimasíðu ILFR.

Í dag er opnuð sýning á safninu sem stendur til og með 1. mars á næsta ári. Sýningin samanstendur af úrvali fréttatilkynninga og kynningartexta frá fjórtán goðsögnum í tískuheiminum í gegnum tíðina. Áhersla er á hið mikilvæga samstarf á milli vöru-

Tískusafnið er á Þjóðminjasafninu í Osló. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

merkja og textahöfunda í tískuiðnaðinum, sem eru ekki síður mikilvægir til að kynna tískuna en tískusýningarnar sjálfar.

Hannað af þeim bestu

Innrétting bókasafnsins hefur verið þróuð í samvinnu við arkitektinn og prófessorinn Vesma McQuillan og nemendur við háskólann í Kristjaníu. Hillurnar eru hannaðar af ítalska hönnunardúettinum Formafantasma. Gluggatjöldin koma frá Kvadrat Textiles. Borðin eru sérsmíðuð úr endurunnu MDF-efni og sýningarskáparnir endurnýttir frá Þjóðminjasafninu.

Eflaust hafa margir tískuaðdáendur og áhugafólk beðið spennt eftir opnun safnsins og fyrir áhugasöm er tilvalið að skella sé í aðventuferð til Oslóar og skoða safnið. ■

KVIKMYNDIR

mánaðarins



DESEMBER



Upp á líf og dauða – og nú í kafi

Meira en áratugur er liðinn frá sögusviði Avatar. Myndin Avatar: The Way of Water segir sögu Sully-fjölskyldunnar (Jake, Neytiri og barnanna fimm) og vandræðanna sem þeim fylgja.

Myndin fjallar um það hve langt þau eru tilbúin að ganga til að tryggja öryggi hvert annars, bardagana sem þau heyja til að lifa af og harminn sem þau bera með sér.

Þrátt fyrir að Avatar: The Way of Water sé framhald Avatar stendur hún algerlega sjálfstætt. Fyrirhugaðar eru fleiri framhaldsmyndir á komandi árum og ætlunin er að þær verði allar sjálfstætt framhald þannig að ekki sé nauðsynlegt að horfa á þær í ákveðinni röð.

Mikið veltur þó á þessari mynd vegna þess að James Cameron, leikstjóri myndarinnar, hefur lýst því yfir að verði miðasala á Avatar: The Way of Water dræm verði hætt við framleiðslu á Avatar 4 og Avatar 5. Avatar 3 mun hins vegar líta dagsins ljós hvernig sem gengur að fá fólk í bíó til að sjá Avatar: The Way of Water, enda voru myndirnar að stórum hluta framleiddar samhliða.

Sem fyrr er hlutverk Jake Sully í höndum Sam Worthington. Sully er nýr leiðtogi Omaticaya-ættbálksins eftir að meðvitund hans var flutt yfir í holdgerving hans (avatar) í lok fyrstu myndarinnar.

Zoe Saldana er Neytiri, maki Jake.

Avatar: The Way of Water er hlaðin hvers kyns tæknibrellum og nýrri kvikmyndatækni. Mikið af myndinni gerist í vatni og kvikmyndað var í raun og veru undir vatnsyfirborði og leikararnir með skynjara fyrir hreyfingar sem yfirfærðir voru á avatarana. Þetta hefur aldrei verið reynt áður og það tók tækniteymið hjá Weta Digital eitt og hálft ár af þrotlausri vinnu að þróa tæknina fyrir þetta.

Sem fyrr segir er The Way of Water fyrsta framhaldsmyndin af fjórum sem eru ráðgerðar og þrátt fyrir aðvörun Camerons um að ekkert verði af myndum fjögur og fimm gangi The Way of Water ekki nógu vel, herma heimildir að þegar sé búið að gefa grænt ljós á framleiðslu allrar myndaraðarinnar.

The Way of Water er í þrívídd. Á tímabili var orðrómur í gangi um að þetta gæti jafnvel orðið fyrsta myndin í þrívídd sem ekki þyrfti þrívíddargleraugu til að njóta. David Cameron gaf þessum orðrómi undir fótinn en nú er komið á daginn að sú tækni, sem gerir kvikmyndaáhorfendum kleift að njóta þrívíddar á hvíta tjaldinu án sérstakra gleraugna er enn ekki komin til sögunnar.

Í Way of Water er Jake Sully, sem í mannlegum líkama sínum var bundinn við hjólastól, orðinn Na'vi. Hann hefur nýtt sér avatar-tæknina til að verða meðlimur Omaticaya-ættbálksins til frambúðar. Sem fyrr segir er hann orðinn leiðtogi ættbálksins og nú þarf hann að leiða sitt bláa fólk í baráttu upp á líf og dauða gegn ágjörnum landnemum sem þekktir eru sem RDA (Resources Development Administration) sem ásælast dýrmætar Unobtanium-auðlindir plánetunnar.

Nýir ættbálkar eru kynntir til sögunnar í The Way of Water. Má þar nefna sægarpana í Metkayina-ættbálknum sem er um margt frábrugðinn Omaticaya-ættbálknum, enda vanur sjónum en ekki regnskóginum.

Avatar: The Way of Water er ávísun á sannkallaða kvikmyndaveislu, enn stórfenglegri en við fengum með Avatar fyrir meira en áratug. Nú verðum við á kunnugri slóðum en í fyrstu myndinni – sjórinn stendur okkur Íslendingum nær en regnskógurinn. ■

Fróðleikur

- Samtals kosta Avatar-framhaldsmyndirnar fjórar meira en einn milljarð Bandaríkjadala í framleiðslu.
- Sony hannaði og framleiddi sérstaka myndavél sem Cameron bað um fyrir gerð þessarar myndar og þeirrar næstu. Vélin er kölluð Feneyja-myndavélin (Venice Camera).
- Kate Winslett leikur sjálf í öllum neðansjávar-áhættuatriðunum sínum í myndinni.
- James Horner, sem samdi tónlistina fyrir Avatar, átti að semja tónlistina fyrir þessa mynd. Hann fórst hins vegar í umferðarslysi 2015 og Simon Franglen hljóp í skarðið.

»Það tók tækniteymið hjá Weta Digital eitt og hálft ár af þrotlausri vinnu að þróa tæknina fyrir Avatar: The Way of Water.

Frumsýnd
16. desember 2022

Aðalhlutverk:
Zoe Saldana, Kate Winslet, Sam Worthington og Sigourney Weaver

Handrit:
James Cameron, Rick Jaffa og Amanda Silver

Leikstjórn:
James Cameron

12

Sambíóin um allt land, Smárabíó, Laugarásbíó og Háskólabíó

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

Mmm...Marabou

Skærasta stjarnan sem ekki gleymist

Whitney Houston skaust upp á stjörnuhimininn um miðjan níunda áratug síðustu aldar. Sjaldan eða aldrei hefur stjarna nokkurs sóló-listamanns skinið jafn skært.

Röddin, glæsileikinn, frábær lög og sjö lög Whitney Houston fóru á toppinn, hvert á fætur öðru, nokkuð sem enginn annar listamaður hefur gert fyrr eða síðar.

Myndin, I Wanna Dance With Somebody, sækir nafnið í stærsta smell Whitney Houston – lag sem hefur hljómað í danshöllum heimsins allar götur frá því það heyrðist fyrst, 1987.

Myndin fjallar hins vegar langt í frá eingöngu um tónlistarferill Whitney þó að honum séu gerð góð skil. Áhorfendur eru leiddir um líf hennar, allt frá því að hún fæðist inn í miðstéttarfjölskyldu í New Jersey 1963.

Hún kemur úr tónlistarfjölskyldu. Móðir hennar var bakraddasöngkona hjá Elvis Presley og Dionne Warwick var frænka hennar. Whitney byrjaði ung að syngja í kirkjukór og ekki leið á löngu áður en hún var farin að syngja einsöng með kórnum.

Um 1980 fór hún á samning sem fyrirsæta og varð fyrsta þeldökka konan til að prýða forsíður sumra helstu tískublaða vestanhafs.

Örlögin ætluðu henni hins vegar alltaf að verða söngkona enda var rödd hennar sannkölluð guðsgjöf.

Í myndinni er komið inn á samband Whitney við föður sinn, sem gat verið stirt, sérstaklega í tengslum við peningamál eftir að henni skaut upp á stjörnuhimininn.

Þá er stormasömu hjónabandi hennar við tónlistarmanninn Bobby Brown gerð skil og baráttu hennar við áfengi og eiturlyf.

Í myndinni I Wanna Dance With Somebody eru endurgerð sum frægustu tónlistaratriði frá ferli Whitney Houston, meðal annars þegar hún söng bandaríska þjóðsönginn við upphaf úrslitaleiks bandarísku ruðningsboltans, Super Bowl XXV, sem leikinn var í Tampa í Flórída í janúar 1991. ■

Fróðleikur:

- Anthony McClaren skrifaði líka handritið að Bohemian Rhapsody.
- Lagið I Wanna Dance With Somebody fyrir besta flutning popp-söngkonu á 30. Grammy-verðlaunahátíðinni.
- Í Bandaríkjunum varð lagið fjórða lag Whitney í röð til að fara á toppinn og meira en milljón eintök seldust af því.

Frumsýnd
26. desember 2022

Aðalhlutverk: Stanley Tucci, Naomi Ackie, Tamara Tunie, Clarke Peters, Ashton Sanders og Nafessa Williams.

Handrit: Anthony McClaren

Leikstjórn: Kasi Lemmons

Enskt tal með íslenskum texta

12

Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Sambíóin Egilshöll, Álfabakka og Kringlunni



Hin óborganlega Dumb and Dumber

Gamanmyndin stórkostlega Dumb and Dumber, sem fjallar um vinina sælu, þá Lloyd Christmas og Harry Dunne, var jólamynd árið 1994 og sló í gegn.

Mest pirrandi hljóð í heimi

Flest atriðin í Dumb and Dumber eru spuni að einhverju leyti, en Farrelly-bræður hafa sagt að um 15 prósent myndarinnar séu spuni. Fyrst voru atriðin tekin samkvæmt handriti og svo aftur og þá með spunaívafi, sem oftar en ekki tókst alveg ljómandi vel. Eitt slíkt atriði er þegar félagarnir Lloyd Christmas, leikinn af Jim Carrey, og Harry Dunne, leikinn af Jeff Daniels, taka upp puttaferðalang, sem raunar er leigumorðinginn Mental sem þjáist af alvarlegum magabólgum og er því lítið undir það búinn að sitja í bíl á milli Lloyds og Harrys.

Atriðið í bílnum er leikið samkvæmt handriti þangað til Lloyd spyr Mental hvort hann vilji heyra mest pirrandi hljóð í heimi. Lloyd bíður ekki boðanna heldur hefur upp raust sína og gefur frá sér eitthvað það undarlegasta og svo sannarlega mest pirrandi hljóð sem heyrst hefur í lengd og bráð, til lítils yndisauka fyrir Mental, sem virðist vera við það að missa vitið, svo mikið reynir ökuferðin á hann.

Leikskólakrakkar vita að maður setur ekki tunguna á frosinn málm.

Kósí hótelherbergi

Þegar vinirnir Lloyd og Harry eru farnir að nota peningana sem eru í skjalatöskunni og búnir að galla sig upp eins þeim er einum lagið, taka þeir glæsilegt hótelherbergi á leigu á hóteli einu sem kallast Danbury. Þar er að finna öll helstu þægindi og íburðarmikinn glæsileika.

Fáir vita að þetta er sjálft Stanley-hótelið í Estes Park, Colorado, hótelið sem gaf meistara Stephen King innblásturinn að bókinni The Shining (útg. 1977). Auk þess heimtaði Jim Carrey að fá herbergi númer 217, eða Stephen King-svítuna, þar sem draugagangurinn á að hafa verið. Sagan segir að hann hafi gefist upp eftir þrjár klukkustundir, svo rammt kvað að reimleikunum.

Ekki fastur í öðrum gír árið 1994

Jim Carrey lék aðalhlutverkið í kvikmyndunum Ace Ventura: Pet Detective, The Mask og Dumb and Dumber. Þessar myndir slógu allar hressilega í gegn og það sem meira er, þær komu allar út á einu og sama árinu sem var árið 1994. Þetta hefur enginn leikið eftir og þarf ekki að undra.

Fyrsta boð framleiðenda Dumb and Dumber til Carreys fyrir hlutverk Loyds var 350.000 Bandaríkjadalir, en þar sem Ace Ventura: Pet Detective hafði hafið sína sigurgöngu hafnaði umboðsmaður hans tilboðinu. Fékk hann að lokum sjö milljónir dala – tuttugufalt fyrsta boð.

Komust ekki á listann

Nafnið Dumb and Dumber vakti ekki áhuga framleiðenda í Hollywood og Farrelly-bræðurnir breyttu því í A Power Tool is Not a Toy, eða Rafmagnsverkfæri eru ekki leikföng, og það virkaði. New Line Cinema samþykkti að framleiða myndina og þá breyttu leikstjórabræðurnir nafni handritsins í fyrra horf.



Ekki gekk mikið betur að finna aðalleikara myndarinnar, en Farrelly-bræðurnir voru með langan lista yfir mögulega leikara. Þar mátti finna gamanleikara á borð við félagana Martin Short og Steve Martin, leikarana Nicholas Cage, Rob Lowe og Gary Oldman, og marga, marga fleiri. Þeir voru allir uppteknir í öðrum verkefnum.

Loks var ákveðið að reyna að fá nýgræðinginn Jim Carrey í hlutverk Lloyd Christmas og Jeff Daniels í hlutverk Harry Dunnes, en Daniels var þekktur leikari en ekki sem gamanleikari. Nöfn þeirra Carreys og Daniels voru upphaflega ekki á listanum.

Eyðimerkurganga bræðranna

Handritið að Dumb and Dumber hafði verið til í einhverri mynd í um áratug áður en loksins tókst að hnýta alla hnúta. Má segja að myndin hafi verið ástríðuverkefni Farrelly-bræðranna. Þeir áttu hins vegar í miklu basli við að finna framleiðendur.

Í byrjun fengu þeir félaga sinn til að fjármagna myndina, en hann vildi ekki setja meira en tvær milljónir dala í verkefnið. Það var því ekki fyrr en New Line Cinema kom að borðinu að myndin komst á koppinn.

Umboðsmaður Carreys bauð hann fyrir slikk ef samningurinn yrði negldur niður fyrir föstudaginn þegar Ace Ventura: Pet Detective yrði frumsýnd. Hann var sannfærður um að myndin myndi slá í gegn. Samningar náðust þó ekki fyrr en viku eftir frumsýningu myndarinnar og var það dýrkeypt hik fyrir framleiðendur. Umboðsmaðurinn hafði haft rétt fyrir sér og það sem meira var: ný stjarna var fædd. ■

Tískuskyn Lloyds og Harrys var pottþétt hvað hár og föt varðaði.

BÍÓ★PARADÍS

EVRÓPSKUR KVIKMYNDA MÁNUÐUR

EUROPEAN FILM ACADEMY

13. NÓV–10.DES 2022

Creative Europe MEDIA

EUROPA CINEMAS Creative Europe MEDIA

ÍSLANDS

Í leit að nýjum lífum

Stígvélaði kötturinn kemst að því sér til mikillar skelfingar, þegar hann vaknar hjá lækni eftir að hafa orðið undir risastórri bjöllu í átökum við skrímsli, að þetta er í áttunda skipti sem hann glatar lífi sínu. Hann á bara eitt líf eftir.

Hann hefur sólundað lífum sínum í alls kyns fífldirfsku, allt frá því að þvælast inn í hlaup hjá nautahópi til þess að fletjast út undir japönskum súmóglímumanni.

Í fyrstu lætur Stígvélaði kötturinn þetta sem vind um eyru þjóta en eftir að hann tapar slagsmálum við úlf sem hann er sannfærður um að sé mannaveiðari ákveður hann að leggja skikkjuna á hilluna og verða húsköttur hjá Mama Luna.

Líður svo tíminn og Stígvélaði kötturinn er kominn með skegg og farinn að vingast við nafnlausan hund. Þeirra samtal tekur þó skjótan endi þegar glæpagengið Gullbrá og birnirnir þrír birtast í leit að honum.

Eftir að gengið finnur gröf hans verður Gullbrá og björnunum það á að upplýsa Stígvélaða köttinn um óskastjörnu. Kortið sem vísar leiðina að óskastjörnunni er í höndum Stóra Jack Horner sem hyggst nýta óskastjörnuna til að sölsa undir sig allan galdramátt í heiminum. Þegar Stígvélaði kötturinn reynir að stela kortinu hittir hann óvænt á ný Kitty Softpaws sem vill fá kortið fyrir sig. Ásamt Perrito tekst þeim að komast undan Gullbrá og Jack og stefna á Myrkaskóg þar sem óskastjarnan er.

Þau komast að því að leiðin að stjörnunni fer eftir því hver heldur á kortinu. Leiðirnar fyrir þann stígvélaða og Kitty eru ógnvænlegar en leiðin hjá Perrito er auðveld svo þau leyfa honum að hafa kortið. Á leiðinni klippir Kitty skeggið af kettinum. Perrito eltir prik og lendir í klónum á Jack. Stígvélaði kötturinn og Kitty ná að frelsa hann en kötturinn fer að sjá ofsjónir um úlfinn sem er enn á hælum hans og hleypur á brott sem verður til þess að þau glata kortinu í hendur Gullbráar.

Hefst nú æsispennandi atburðarás sem ekki má segja frá vegna þess að það eyðileggur fyrir þeim sem vilja sjá myndina. ■

Laugarásbíó, Smárabíó, Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri og Háskólabíó

Fróðleikur:

- Aðstandendur myndarinnar segja að spagettívestrinn The Good, the Bad and the Ugly (1966) hafi orðið þeim innblástur við gerð myndarinnar.
- Í enskri útgáfu myndarinnar talar Ray Winstone fyrir einn bjarnanna.
- Framleiðendur myndarinnar ákváðu að hverfa frá „raunveruleika“-grafíkinni, sem notuð var við gerð Shrek og upphaflegu myndarinnar um Stígvélaða köttinn til að ljá ævintýrum þessarar myndar stórfenglegri ævintýraljóma.

Stígvélaði kötturinn lendir í miklum ævintýrum og hremmingum, ásamt hundinum Perrito og gömlu kærustunni Kitty Softpaws þegar þau reyna að finna óskastjörnu.

Frumsýnd
26. desember 2022

Aðalhlutverk:
Valur Freyr Einarsson, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Árni Beinteinn Árnason, Björgvin Franz Gíslason og Þórdís Björk Þorfinnsdóttir

Handrit:
Paul Fisher

Leikstjórn:
Joel Crawford og Januel Mercado

Íslenskt tal

L

Jólasveinninn bregður sér í spor John McClane

Hópur þrautþjálfaðra og harðsvíraðra málaliða brýst inn á reisulegan herragarð Lighthouse-fjölskyldunnar á aðfangadagskvöld og tekur alla fjölskylduna í gíslingu. Ætlunin er að ræna miklum fjármunum úr sérstakri fjárhirslu sem er á setrinu.

Glæpagengið hafði hins vegar ekki gert ráð fyrir einu. Jólasveinninn kemur nefnilega í árvissa heimsókn sína til Lighthouse-fjölskyldunnar og lætur svo sannarlega fyrir sér finna. Lighthouse-fjölskyldan er nefnilega á góða listanum hans en glæpahyskið á listanum yfir þá sem hafa verið óþekkir.

Í ljós kemur að jólasveinum er fleira til lista lagt en að gefa gjafir, borða smákökur, þamba mjólk, hlæja djúpum hlátri og slá sér á lær. Hann náttúrlega laumar sér inn á hvert heimili einu sinni á ári og slíkir læra vitaskuld nokkur trix.

Violent night er dálítið eins og Die Hard, nema hér er það ekki John McClane, lögga frá New York, sem kljáist einn við ofurefli harðsvíraðra glæpamanna heldur jólasveininn. Glæpamennirnir eru vel vopnum búnir en jólasveinninn hefur eitt og annað uppi í erminni. Hann býr yfir töfrum sem óþokkarnir eiga fá svör við. Þá kemur á óvart hversu öflug vopn hægt er að útbúa úr sakleysislegu jólaskrauti.

David Harbour leikur jólasveininn í formi sem við höfum ekki séð hann í áður. Flestir aðdáendur jólamynda muna vel eftir Beverly D'Angelo í hlutverki Ellen Griswold í sígildu jólamyndinni Christmas Vacation. Hér leikur hún Gertrude Lighthouse, ættmóður Lighthouse-fjölskyldunnar, í mynd sem, eins og fyrr segir, svipar meira til jólamyndarinnar Die Hard frekar en Christmas Vacation. ■

Laugarásbíó, Smárabíó og Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Keflavík og Akureyri

Hugsaðu Die Hard, en hér er það jólasveinninn sem er á ferð en ekki lögga frá New York.

Frumsýnd
2. desember 2022

Aðalhlutverk:
David Harbour, Beverly D'Angelo, John Leguizamo, Cam Gigandet, Edi Patterson, Brendan Fletcher og Alex Hassell

Handrit:
Pat Casey og Josh Miller

Leikstjórn:
Tommy Wirkola

Enskt tal með íslenskum texta

16



Toppaðu

ísinn með réttu íssósunni

Uppskrift að Mars - íssósu

1. Hitið 1-2 dl rjóma í potti
2. Brytjið 4 Mars stykki út í
3. Hrærið vel og þynnið með rjóma eftir smekk

Hafðu það einfalt og gott...

Evrópski Óskarinn afhentur í Reykjavík

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í Hörpu laugardaginn 10. desember næstkomandi. Fréttablaðið ræddi við Lilju D. Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra, í tilefni af því að Reykjavík er gestgjafi afhendingarinnar í ár.

olafur@frettabladid.is

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin verða afhent í Hörpu 10. desember næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan Vilhjálmur Hjálmarsson, þáverandi menntamálaráðherra, fékk frumvarp sitt um stofnun Kvikmyndasjóðs samþykkt á Alþingi árið 1978. Fleiri merkileg skref í kvikmyndasögu landsins voru stigin sama ár því að þá var Kvikmyndasafni Íslands einnig komið á laggirnar og fyrsta kvikmyndahátíðin var sömuleiðis haldin í Reykjavík í tengslum við Listahátíð.

Tilkoma Kvikmyndasjóðs markaði þáttaskil fyrir kvikmyndagerð í landinu en á fyrsta starfsári sínu hafði sjóðurinn úr að spila 30 milljónum gamalla króna. Meðal fyrstu mynda sem hlutu styrk úr sjóðnum voru kvikmyndirnar Land og synir í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar og Óðal feðranna í leikstjórn Hrafns Gunnlaugssonar.

„Það hefur verið ótrúlegt að fylgjast með vexti íslenskrar kvikmyndagerðar undanfarna áratugi. Kvikmyndir eru orðnar samofnar íslenskri þjóðarsál og menningu og erlendis finnst fólki í raun ótrúleg þau afköst sem eru í íslenskri kvikmyndagerð. Málsmetandi fólk trúir varla að við séum aðeins tæplega 400.000 manns þegar það lítur á umsvif kvikmyndagerðar hér á landi," segir Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra.

Leiðarljós til ársins 2030 kynnt

Árið 2020 kynnti Lilja fyrstu heildstæðu kvikmyndastefnuna fyrir Ísland, Kvikmyndastefna til ársins 2030 – Listgrein á tímamótum. Í henni eru ýmis markmið og fjölþættar aðgerðir til þess að efla umgjörð kvikmyndagerðar hér á landi, til að mynda í menntamálum, betri samkeppnisstöðu, aukinni sjálfbærni og markvissu alþjóðlegu kynningarstarfi.

Spurð um hvort mikil þörf hafi verið á slíkri í stefnu í ljósi velgengni greinarinnar fyrir segir Lilja að kvikmyndagerð hérlendis hafi verið á ákveðnum tímamótum. „Á undanförnum áratugum hefur fjölmörgum fræjum verið sáð, og sum þeirra blómstrað mjög fallega. Hins vegar til þess að sjá blómahafið allt springa út þarf að vökva það með markvissum og skipulögðum hætti. Kvikmyndastefnan er leikplanið okkar í þeirri vinnu, aðgerðirnar sem ráðast þarf í til þess að kvikmyndagerð verði burðug list- og atvinnugrein, sprottin úr íslenskum veruleika, sem stenst fyllilega alþjóðlegan samanburð og fangar athygli kvikmyndaunnenda ekki bara hér heima heldur um allan heim."

Aðgerðum hrint í framkvæmd

En hverju hefur verið áorkað frá því að stefnan var kynnt til leiks fyrir tveimur árum?

Lilja kveðst mjög ánægð með þann árangur sem náðst hefur í að hrinda stefnunni í framkvæmd og segir hún stjórnvöld í raun vera vel á undan áætlun. „Frá því að við kynntum stefnuna árið 2020 höfum við hrint veigamiklum aðgerðum í framkvæmd. Má þar nefna aukin framlög til sérhæfðrar kvikmyndamenntunar á framhaldsskólastigi, fyrstu kvikmyndadeild á háskólastigi var loksins komið á laggirnar við Listaháskóla Íslands, unnið hefur verið að lagabreytingum sem heimila stofnun nýs fjárfestingarsjóðs sjónvarpsefnis, tæpur milljarður var settur sem tímabundin innspýting í Kvikmyndasjóð í tengslum við heimsfaraldurinn og endurgreiðsluhlutfall vegna framleiðslukostnaðar í kvikmyndagerð hér á landi hækkað úr 25 í 35 prósent."

Lilja Alfreðsdóttir segir árangur í íslenskri kvikmyndagerð byggjast á einstöku hæfileikafólki í greininni hér á landi. MYND/AÐSEND

Stuðlað að samkeppnishæfni

Frá því að endurgreiðslukerfinu í kvikmyndagerð var komið á árið 2001 hafa ýmsar alþjóðlegar kvikmyndir verið teknar upp að hluta hér á landi. Upphaflega var endurgreiðsluhlutfallið 12 prósent en það hefur hækkað í áföngum og í vor fékk Lilja samþykkt frumvarp sitt um hækkun hlutfallsins í 35 prósent fyrir kvikmyndaverkefni að ákveðinni stærð, sem uppfylla ákveðin skilyrði.

Spurð um hvort þessi hækkun hlutfallsins muni skila sér segir Lilja: „Við höfum séð stóraukin umsvif í kvikmyndagerð hérlendis frá því að endurgreiðslukerfið var innleitt í kvikmyndagerð. Kerfið hefur nýst íslenskri kvikmyndagerð mjög vel og kemur til dæmis til viðbótar við beina styrki úr Kvikmyndasjóði. Þá hefur kerfið dregið að erlend kvikmyndaverkefni sem hafa haft virkilega jákvæð margfeldisáhrif hér á landi, bæði á innlenda kvikmyndagerð í formi þekkingar og reynslu, betri innviða, aukins tengslanets og fleiri tækifæra fyrir íslenskt listafólk. En ekki síður fyrir ímynd Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn og fyrir ferðaþjónustu.

Með þessari breytingu er alþjóðleg samkeppnishæfni Íslands aukin í kvikmyndagerð og ég er sannfærð um að jákvæð víxlverkun innlendrar og erlendrar kvikmyndagerðar verði enn meiri í kjölfarið. Áhrifa hækkunarinnar fór að gæta strax þegar tilkynnt var um stærsta kvikmyndaverkefni sem ráðist hefur verið í hér á landi, fjórðu þáttaröðina af True Dective, sem að langstærstum hluta er tekið upp hér á landi en umfang þess er áætlað milli 9–10 milljarðar króna og stór hópur Íslendinga starfar við verkefnið í mjög fjölbreyttum störfum."

> „Án alls þess framúrskarandi fólks sem hefur helgað sig íslenskri kvikmyndagerð væri þessi iðnaður ekki neitt hér á landi.

Innlend kvikmyndagerð

Þegar Lilja er spurð sérstaklega út í stöðu íslenskrar kvikmyndagerðar í heimi þar sem alþjóðleg samkeppnishæfni um fólk og fjármuni fer harðnandi segir Lilja íslenska kvikmyndagerð vera jarðveginn sem allur þessi árangur spretti upp úr. „Án alls þess framúrskarandi fólks sem hefur helgað sig íslenskri kvikmyndagerð væri þessi iðnaður ekki neitt hér á landi.

Á næstu árum munum við halda áfram að bæta umhverfi og starfsskilyrði íslenskrar kvikmyndagerðar, meðal annars fjármögnun innlendra verkefna. Fyrr í haust kynnti ég hugmyndir um svokallað menningarframlag streymisveitna sem felur í sér gjaldtöku af streymisveitum. Önnur Evrópulönd hafa verið að feta sig í þessa átt þar sem gjaldtakan af alþjóðlegum streymisveitum er nýtt til innlendrar kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerðar. Ég tel eðlilegt að við Íslendingar fetum svipaða leið og er undirbúningsvinna við slíkt nú þegar hafin. Það er alveg skýrt í huga mér að þetta framlag eigi að nýta til þess að efla innlenda menningu sem skapar sjálfsmynd okkar sem þjóðar."

Evrópski Óskarinn í Reykjavík

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin 2022 verða haldin í Hörpu þann 10. desember næstkomandi en hátíðin er haldin annað hvert ár í Berlín en þess á milli til skiptis í öðrum borgum Evrópu og varð Reykjavík fyrir valinu að þessu sinni.

Ríki og borg halda hátíðina í samstarfi við Evrópsku kvikmynda-akademíuna. Hátíðin laðar að sér fjölmarga erlenda gesti og ljóst er að hún stuðlar að öflugri kynningu og markaðssetningu á Íslandi og Reykjavík sem áfangastað og tökustað fyrir kvikmyndir. Gert er ráð fyrir hátt í 1.200 gestum á verðlaunahátíðina sjálfa frá allri Evrópu auk þess sem von er á tvö hundruð erlendum blaðamönnum til Íslands.

Lilja segist vera stolt af því að Reykjavík hafi verið valin sem vettvangur hátíðarinnar að þessu sinni en stuðningur við hátíðina er meðal annars í takt við Kvikmyndastefnu Íslands þar sem lögð er áhersla á miðlun og stuðning við viðburði sem þennan.

„Þetta er í raun enn ein fjöðrin í hatt kvikmyndamenningar hér á landi. Það var ríkur vilji íslenskra stjórnvalda og Reykjavíkurborgar til að sækja um að halda hátíðina hér á landi. Svona stórt og margþætt verkefni vinnst ekki nema í góðu samstarfi við sterka samstarfsaðila. Markmið okkar er að sýna fram á sérstöðu Íslands og leggja meðal annars áherslu á listir, sköpun, hugvit og grænar lausnir í kynningaráherslum. Þetta er geysilega spennandi tækifæri fyrir íslenska kvikmyndamenningu og kvikmyndageirann hér á landi og við munum nýta það vel," segir Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra. ■

HUGMYND AÐ **JÓLAGJÖF**

Frábær úrval af fallegum **náttfötum, náttkjólum, heimagöllum og baðsloppum!**

FRÍ
HEIMSENDING
Þegar pantað er fyrir **7.000.-** eða meira á **BRANDTEX.IS**

BRANDTEX

Skipholt 33 | Brandtex.is | 558 2800

Opið virka daga 10-17 og laugardaga 11-16

Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Litagleði, ævintýri og húmor

Hönnun Sigríðar Elfu Sigurðardóttur hefur vakið athygli upp á síðkastið fyrir litagleði, leik og einstaka efnisnotkun. Litríkir eyrnalokkar, öðruvísi hálsbindi og skrautlegir púðar – og Frida Kahlo er aldrei langt undan.

Sigríður Elfa hefur alltaf haft mikla þörf fyrir að skapa en hafði þó óbeit á almennri handavinnu í skólanum. „Um leið og ég mátti búa til eitthvað sjálf gat ég fullkomlega gleymt mér. Ég stofnaði svo fyrirtækið SElfa ehf. árið 2006 og síðan þá hef ég hannað og framleitt undir nafninu SES design," segir hún.

„Ég er nú orðin rúmlega sextug og hef unnið hin ýmsu störf meðfram sköpuninni til að eiga fyrir reikningum. Ég fór í myndlistarskóla eftir stúdentspróf, lærði í tvö ár í Barcelona og tvö í Cartagena de Indias í Kólumbíu og kláraði 1989."

Litir, gleði og Frida Kahlo

Hönnun Sigríðar er einstaklega litrík og gjarnan bregður listakonunni Fridu Kahlo fyrir. „Stundum segi ég að stíllinn minn sé barnalegur. Ég er mjög litaglöð og þarf að hafa leik og gleði í hönnuninni, ævintýri og húmor. Oft býð ég til sögur um það sem ég er að gera. Líklega er það þess vegna sem ég elskaði að hanna á börn, því þá getur maður leyft sér meira. En núna leyfi ég mér það bara líka fyrir fullorðna."

Sem unglingur bjó Sigríður ásamt fjölskyldu sinni í tvö ár í Mexíkó. „Það hafði mikil áhrif á hönnun mína. Ekki bara að kynnast Fridu Kahlo og hennar list heldur líka öllu því ríkidæmi í menningu og list sem Mexíkó býður upp á. Ég held að ekkert land í heiminum sé jafnríkt af alþýðulist eða jafnlitaglatt og Mexíkó. Fridu Kahlo hef ég dýrkað og dáð síðan þá."

Sigríður saumar púðaver og blandar þar saman ýmsum efnum, áferðum og litum og oft bregður Fridu fyrir. „Ég elska falleg efni og hef sankað þeim að mér í tugi ára. Fallegar gamlar gardínur, dúkar og efnisafgangar sem ég kaupi í second hand-búðum eða fæ gefins. Svo kaupi ég efni á netinu, sérstaklega prentuð efni með Fridu Kahlo. Ég er alveg laus við efnissnobb og blanda öllu saman í púðunum. Silki, pólýester, flauel og bómull geta verið í sama púðanum. Helst vil ég náttúruleg efni en fegurðin ræður samt alltaf för," segir Sigríður.

Eyrnalokkar með stæl og sögu

Sigríður hannar dýrindis eyrnalokka úr óhefðbundnum efnivið eins og leikfangadýrum, dúskum og fleiru. „Fyrir rúmum 30 árum gerðum við þáverandi maðurinn minn eyrnalokka úr alls kyns hráefni, meðal annars úr plastdýrum, og seldum í Austurstræti. Hann hringdi í mig um daginn og sagði að nú væri ég komin aftur á byrjunarreit," segir Sigríður og hlær. „Stóri munurinn nú er aðgengi að alls kyns skrauti og perlum alls staðar að úr heiminum sem blanda má við plastdýrin. Sömuleiðis er aðgengið að gömlum perlufestum og öðru skrauti í nytjamörkuðunum mun meira og gefur svo mikla möguleika. Einnig er dásamlegt að fylgjast með hvað aðrir eru að gera úti um allan heim og fá innblástur og viðbrögð við því sem ég er að gera.

Mér finnst vont að henda því sem hægt er að nýta og þykir hræðilegt hvernig við á Vesturlöndunum losum okkur við rusl til þriðja heimsins þar sem það hrannast upp í fjöllum. Mér finnst dásamlegt að nýta efnivið með sögu, þó svo hún hafi bara merkingu fyrir mig. Púði með bút úr stofugardínum tengdamömmu

Sigríður hefur unun af því að nota efni með sögu í púðahönnun sína og Frida Kahlo kemur gjarnan við sögu.

Sigríður hefur skapað frá því hún man eftir sér og saumaði meðal annars fyrstu buxurnar á sig tólf ára gömul.

MYNDIR/ GUNNLÖÐ JÓNA

> **Ég held að ekkert land í heiminum sé jafnríkt af alþýðulist eða jafnlitaglatt og Mexíkó. Fridu Kahlo hef ég dýrkað og dáð síðan þá.**
>
> Sigríður Elfa

heitinnar eða dúkur heklaður af ömmu hlýjar mér um hjartað.

Ég er líka heppin að eiga Gunnlöðu Jónu að dóttur sem er bæði frábær ljósmyndari og óspör á tímann sinn. Hún myndar allt fyrir mig og sér líka um Instagrammið mitt. Þegar hún og Sigrún Eyfjörð förðunarfræðingur taka sig saman, ásamt flottum módelum, þá ná eyrnalokkarnir mínir nýjum hæðum."

Handverksgangur Siggu

Ullarvörur Sigríðar má nálgast í Epal á Laugavegi, Handprjónasambandinu og Rammagerðinni á Skólavörðustíg, Gullfosskaffi við Gullfoss og í Rammagerðinni í flugstöðinni. „Eftir að ég þurfti að flytja allt úr vinnustofunni heim til mín vegna Covid er hér allt undirlagt af vinnudóti. En fólki er velkomið að koma og skoða. Ég kalla ganginn minn Handverksgang Siggu. Þar er ég alltaf með eitthvað til sýnis ásamt eðal ólífuolíu sem ég flyt inn frá Spáni. Stundum auglýsi ég opið hús en svo má líka senda mér skilaboð og fá að koma. Einnig má skoða Instagram-síðuna mína @sesdesign_handcraft og Facebook: SES design-Ísland og panta þar."

Sigríður stefnir á opið hús í desember, líklega helgina 17.–18. desember, en að sögn þarf hún að fylla á eyrnalokkalagerinn sem hálfkláraðist á handverkssýningu í ráðhúsinu fyrir stuttu. Áhugasömum er bent á að fylgjast með á Instagram og Facebook. „Öll eru hjartanlega velkomin í kaffi, ólífuolíusmakk og að skoða handverkið mitt og vonandi finna einstakar jólagjafir," segir Sigríður. ■

Litanotkun Sigríðar er skemmtileg og heillandi og útkoman er einstök.

Sigríður notar gjarnan leikfangadýr í eyrnalokkana sem virkar einhvern veginn bæði sjúklega töff og barnslegt á sama tíma.

Gunnlöð Jóna, dóttir Sigríðar, tekur allar ljósmyndirnar fyrir Sigríði. Sigrún Eyfjörð sér um förðun.

Þessir myndu sko algerlega stela senunni á áramótunum.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA
Þjáist af liðverkjum?
Viðkvæmt ónæmiskerfi? - Of hár blóðþrýstingur?
Arctic Star

Arctic Star sæbjúgnahylki
eru framleidd úr íslenskum sæbjúgum sem eru með:
- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Fjölbreytar amínósýrur
- Taurín
- Chondroitin súlfat
- Peptíð
- Vítamín og steinefni.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,
Framleiðandi er Arctic Star ehf.
Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is

Arctic Star Sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, Fjarðakaup og Heimkaup.is

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

2022 óekinn Ford Transit Custom langur 6 manna. Þetta er vinnuflokkabíll með vörurými fyrir aftan 2. sætaröð. Nú er hægt að taka mannskapinn með á einum bíl. Til afhendingar strax. Verð: 6.250.000 án vsk.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

vatnsvorn.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Húsasmiður tilbúinn til nýrra verka úti sem inni. Sími:771-8554

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til bygginga

NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN
slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbygginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnsklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolíur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is
HAGVANGUR

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LED leiðiskrossar

- Gengur fyrir raf-hlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

gott cbd.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ishúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt tillaga aðalskipulagsbreytingar, tillögur nýrra deiliskipulagsáætlana og skipulagslýsing eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. **Selhöfðar í Þjórsárdal; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2106076**
   Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði í mynni Þjórsárdals. Innan svæðisins er gert ráð fyrir uppbyggingu á þjónustumiðstöð. Samhliða er lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til svæðisins. í breytingunni felst að sett er inn nýtt verslunar- og þjónustusvæði VÞ26 og skógræktar- og landgræðslusvæðið SL17 minnkað samsvarandi. Felld er út aðkoma að Selfit og verður hún sameiginleg með aðkomu að þjónustumiðstöð við Selhöfða. Settur er inn nýr vegur frá þjónustumiðstöð að hóteli í Reykholti. Reiðleið er færð nær Þjórsárdalsvegi á kafla en að öðru leyti er hún aðlöguð að nýjum vegi að Reykholti. Gert er ráð fyrir gönguleið frá afþreyingar- og ferðamannasvæði í Sandártungu (AF9) yfir VÞ26 og að afþreyingar- og ferðamannasvæði í Selfit (AF10).

2. **Selhöfðar í Þjórsárdal; Þjónustumiðstöð; Deiliskipulag – 2110091**
   Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að kynna tillögu er varðar nýtt deiliskipulag að Selhöfðum í Þjórsárdal. Um er að ræða deiliskipulag sem tekur til ferðamannasvæðis í Sandártungu í Þjórsárdal á um 52 ha svæði þar sem m.a. gert er ráð fyrir þjónustumiðstöð sem þjóna muni öllum Þjórsárdal. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þjónustumiðstöð, gistihúsi/smáhúsi, aðstöðuhúsi auk salernishúsa og spennistöðvar.

3. **Borg í Grímsnesi; Vesturbyggð; Ný byggð á reit ÍB2, I14 OG I15; Deiliskipulag – 2210061**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til deiliskipulagningar á reitum ÍB2, I14 og I15 innan þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Deiliskipulagssvæðið tekur til svæðis vestan Skólabrautar á Borg og er um 16 ha að stærð. Skipulagssvæðið afmarkast af Biskupstungnabraut og fyrirhuguðu miðsvæði í suðri og suðaustri, tjaldsvæði og Skólabraut í austri og opnu svæði í norðri. Mörk svæðisins til vesturs ráðast af mörkum landeigna í eigu sveitarfélagsins.

4. **Borg þéttbýli; Verslunar-, þjónustu- og íbúðalóðir við Miðtún; Deiliskipulag – 2210039**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Um er að ræða 6 nýjar verslunar- og þjónustulóðir þar sem á fjórum er heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Í skilgreiningu á miðsvæði kemur fram að gera megi ráð fyrir blöndu af verslun og þjónustu og einnig íbúðum, aðallega á efri hæðum húsa. Æskilegt er að atvinnustarfsemi geti þróast innan svæðisins í bland við íbúðabyggð. Starfsemi á lóðunum getur verið af ýmsum toga og skal horft til skilgreiningar á miðsvæði og markmiða þessa skipulags þegar mat er lagt á það hvaða starfsemi hentar innan reitsins. Má þar nefna gistiheimili, veitinga- og menningartengdan rekstur, litlar verslanir með áherslu á framleiðslu úr héraði, handverksiðnað, smærri verkstæði, gallerí o.fl. Einnig er gert ráð fyrir eldsneytissölu og hleðslustöðvum fyrir rafbíla.

5. **Borg í Grímsnesi; Borgarteigur; Íbúðarbyggð og hesthúsahverfi; Deiliskipulag – 2210030**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til Borgarteigar, landbúnaðarsvæðis við Minni-Borg golfvöll, Móaflöt 1 og Móaflöt 2-11. Svæðið er staðsett sunnan Biskupstungnabrautar og austan Sólheimavegar. Með nýju deiliskipulagi er afmarkað svæði fyrir 12 íbúðalóðir og hesthúsahverfi. Íbúðalóðir eru með rúmum byggingarheimildum og er heimilt að stunda þar léttan iðnað, skógrækt og húsdýrahald. Áhersla er lögð á góðar göngutengingar innan svæðisins og að helstu þjónustum sem þéttbýlið á Borg hefur upp á að bjóða. Gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda verður tryggt með hjóla- og göngustíg samhliða Sólheimavegi, milli Borgar og Sólheima.

Samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér tilkynnt um óverulega breytingu á aðalskipulagi:

6. **Skyggnir L197781; Breytt landnotkun; óveruleg breyting á aðalskipulagi – 2208057**
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. nóvember 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem skilgreindur er verslunar- og þjónustureitur innan lands Skyggnis. Skipulagsstofnun hefur veitt samþykki fyrir málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. Skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi þar sem viðkomandi heimildir fara að óverulegu leiti umfram núverandi heimildir vegna verslunar- og þjónustutengdrar starfsemi á landbúnaðarlandi.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

7. **Lækjartún II L215415; Tengivirki; Deiliskipulagsbreyting – 2209081**
   Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi í landi Lækjartúns II L215145. Með deiliskipulagsbreytingunni verður bætt við 5 lóðum austan við lóð tengivirkis. Á nýjum lóðum er heimilt að byggja upp hreinlegan orkufrekan iðnað. Með breytingunni stækkar skipulagssvæðið úr ríflega 2 ha í um 8 ha.

8. **Vaðnes; Frístundabyggð; 3. áfangi; Deiliskipulag – 2204055**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember að auglýsa tillögu að nýju aðalskipulagi sem tekur til hluta frístundasvæðis F26 innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 65 sumarhúsalóðum á 54 hektara svæði.

9. **Bíldsfell 1 L170812; Frístundasvæði F20; Deiliskipulag – 2202010**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags í landi Bíldfells 1. Í deiliskipulaginu fellst skilgreining 30 frístundalóða á um 24,5 ha svæði merkt F20 innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

10. **Skjaldborg og Kerling; Fjallasel; Deiliskipulag – 2211018**
    Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi sem tekur til fjallaselsins Skjaldborgar og Kerlingar. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst staðfesting á núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu nýs húss. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Skipulagssvæðið er um tæpur 1,2 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF8.

11. **Gatfellsskáli; Fjallasel; Deiliskipulag – 2211017**
    Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2022 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi sem tekur til fjallaselsins Gatfellsskála í Bláskógabyggð. Markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu. Í deiliskipulaginu felst staðfesting á núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu nýs húss. Gisting getur verið fyrir allt að 20 gesti. Skipulagssvæðið er um tæpur 1 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF8

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna,
www.asahreppur.is www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.
Mál nr. 1 -6 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 1. desember 2022 til og með 22. desember 2022.
Mál nr. 7- 11 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 1. desember 2022 með athugasemdafrest til og með 13. janúar 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Hveiti og rauðir hundar

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

„Aðalatriðið er þetta. Það læknast enginn af rauðum hundum, þótt hann velti sér upp úr hveiti, og verðbólgan læknast ekki, þótt reynt sé að fela eitt og eitt af einkennum hennar.“

Þetta er tilvitnun í ritgerðasafn Péturs Benediktssonar bankastjóra, Millilíður allra millilíða, sem út kom 1959. Jóhannes Nordal segir í Lifað með öldinni að það sé „áreiðanlega skemmtilegasta rit sem skrifað hefur verið um efnahagsmál á Íslandi.“

Stóra spurningin

Háir vextir eru eitt af einkennum verðbólgu. Orð gamla Landsbankastjórans komu upp í hugann í síðustu viku þegar forystumenn SA og stórra launþegafélaga reyndu með fjölmiðlaþrýstingi að koma í veg fyrir ákvörðun Seðlabankans um hækkun vaxta.

Það er ekki unnt nú fremur en fyrir sextíu árum að fela verðbólgu með töfrabrögðum.

En í tengslum við vaxtahækkunina spurðu nokkrir forystumenn verkalýðsfélaga þeirrar augljósu og krefjandi spurningar: Hvers vegna þarf þrefalt hærri vexti á Íslandi en á Norðurlöndum til að vinna bug á svipaðri verðbólgu?

Þessa spurningu vilja forystumenn SA ekki ræða.

Grýlusaga

Þingmaður Viðreisnar, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, flutti spurningu forystumanna verkalýðsfélaganna inn á Alþingi. Hún bað forsætisráðherra einfaldlega að gera þjóðinni grein fyrir ástæðum þessa.

Það er til marks um mikil umskipti að forsætisráðherra viðurkenndi í fyrsta skipti að ástæðan væri íslenska krónan. Sem sagt kerfisvandi fremur en hagstjórnarmistök. En í samræmi við afstöðu forystumanna SA var boðskapur hennar samt að það væri baggi, sem íslenskt launafólk yrði að bera vegna stærra samhengis.

Stærra samhengi útskýrði forsætisráðherra með hræðslukenningu um að atvinnuleysi væri sjálfkrafa fylgifiskur öflugri gjaldmiðla.

Veruleikinn er hins vegar sá að atvinnuleysi er ekki vandamál á öðrum Norðurlöndum né í þeim ríkjum Evrópusambandsins, sem við jöfnum okkur til. Atvinnuleysisvandinn hefur svo minnkað í verst settu ríkjum álfunnar.

Í þessari tilvísun í stærra samhengi er því ekkert hald, bara grýlusaga.

Feluleikur

Forsætisráðherra sér enga leið betri en að launafólk og lítil fyrirtæki beri þennan kostnað vegna krónunnar, sem hún telur hins vegar sjálfsagt að stærri fyrirtæki utan krónuhagkerfisins sleppi við.

Í staðinn ítrekaði forsætisráðherra að ríkisstjórnin væri tilbúin til að greiða fyrir kjarasamningum með auknum ríkisútgjöldum. Þau eru fjármögnuð með lánum, sem launþegar næsta kjörtímabils borga svo með nýjum sköttum.

Þessi aðferð hefur alveg sömu verðbólguáhrif og launahækkanir. Seðlabankinn þarf að beita vöxtum gegn verðbólguáhrifum af hallarekstri ríkissjóðs rétt eins og verðbólguáhrifum launahækkana.

Hringrás með efnahagsvanda af þessu tagi er gamaldags pólitískur feluleikur.

Misrétti

Það er virðingarvert skref þegar forsætisráðherra viðurkennir að gjaldmiðillinn valdi því að vextir

> Forsætisráðherra sér enga leið betri en að launafólk og lítil fyrirtæki beri þennan kostnað vegna krónunnar, sem hún telur hins vegar sjálfsagt að stærri fyrirtæki utan krónuhagkerfisins sleppi við.

á skuldir launafólks þurfi að vera margfalt hærri hér en á öðrum Norðurlöndum.

En forsætisráðherra skuldar launafólki svar við spurningunni: Hvers vegna vill hún að íslenskt launafólk og lítil íslensk fyrirtæki beri svo miklu þyngri vaxtabagga en launafólk í grannlöndunum?

Forsætisráðherra þarf líka að útskýra fyrir launafólki af hverju hún takmarkar áhrif vaxtaákvarðana Seðlabankans við fjölskyldur og einstaklinga með þung íbúðalán. Hún lætur hins vegar seðlabönkum Bandaríkjanna og Evrópu eftir að stýra þenslustigi útflutningsframleiðslunnar, sem að mestu stendur utan krónuhagkerfisins.

Með því að skipta hagkerfinu upp með þessum hætti stendur forsætisráðherra fyrir misskiptingu, sem er undirrót vaxandi óréttlætis. Hún þarf að skýra út hvers vegna ríkisstjórn hennar er reist á þeirri hugmyndafræðilegu undirstöðu að viðhalda þessu óréttlæti. Hvað græðir launafólk á því?

Þá og nú

Framfaraskrefin í hagsögu landsins, sem skilað hafa launafólki varanlega bættum kjörum, hafa jafnan komið í kjölfar frjálslyndra kerfisbreytinga.

Skemmtilegasta bókin um efnahagsmál var einmitt gefin út í aðdraganda þeirra kerfisbreytinga, sem Viðreisnarstjórnin beitti sér fyrir og náðu meðal annars til alþjóðlegs gjaldmiðlasamstarfs.

Þá eins og nú byggðist málflutningur þeirra sem voru á móti breytingum mest á því að ala á ótta með grýlusögum. Að því leyti hefur lítið breyst.

Stóri munurinn frá 1959 er sá að þá voru það stjórnarandstöðuflokkar en nú eru það ríkisstjórnarflokkar, sem nota grýlusögur gegn frjálslyndum kerfisbreytingum og framförum. ■

Skilgreining safns á 21. öldinni

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir
formaður Íslandsdeildar ICOM

Hólmar Hólm
ritari stjórnar Íslandsdeildar ICOM

Þann 24. ágúst síðastliðinn samþykkti Alþjóðaráð safna (ICOM) nýja safnaskilgreiningu á 26. allsherjarþingi samtakanna, sem fór að þessu sinni fram í Prag. Er slíkt þing haldið á þriggja ára fresti – þar sem safnafólk kemur saman hvaðanæva að úr heiminum – en Alþjóðaráðið telur alls 122 landsdeildir, 32 alþjóðlegar fagdeildir og tugi þúsunda safnafólks á heimsvísu. Hér á landi hefur Íslandsdeild ICOM verið starfandi síðan 1985 og í gegnum deildina geta félagar tekið þátt í starfi samtakanna og mótað þannig stefnu þeirra á alþjóðlegum vettvangi.

Undanfarna mánuði hefur stjórn Íslandsdeildar ICOM staðið frammi fyrir því verkefni að þýða hina nýju safnaskilgreiningu, með það fyrir augum að hún megi sem best þjóna íslensku samfélagi. Sú skilgreining sem nú er fallin úr gildi var tekin upp árið 2007 og hafði verið í endurskoðun síðan 2018, þar sem hún taldist komin til ára sinna. Á síðustu tveimur árum var svo ráðist í víðtækt samráðsferli í samstarfi við landsdeildir, alþjóðlegar fagdeildir, svæðasamtök og aðra hagsmunaaðila ICOM í því markmiði að þétta raðir safnafólks og ná samstöðu um nýja skilgreiningu, ekki síst eftir að ágreiningur kom upp um þá tillögu sem lögð var fyrir 25. allsherjarþing samtakanna í Kýótó árið 2019.

Samfélagslegt hlutverk safna hefur lengi verið safnafólki ofarlega í huga og endurspeglar ný safnaskilgreining viðhorf fagfólks og fræðimanna á safnasviðinu, í garð safna og hlutverks þeirra á 21. öldinni. Söfn eru vissulega lykilstofnanir þeirra samfélaga sem þau tilheyra, þar sem þau eru jafnt opin öllum og fyrir öll. Þar má læra um fortíðina, kynnast samtímahreyfingum og leiða hugann að möguleikum framtíðar – í heimi sem tekur stöðugum breytingum.

Þess vegna er sérstaklega mikilvægt að söfn endurspegli samfélög sín, sem og að safnaskilgreiningin endurspegli þá tíma sem við lifum á. Í því ljósi hefur stjórn Íslandsdeildar ICOM lagt mikla áherslu á að eiga opið samtal við fagvettvang safnafólks við vinnslu þýðingar skilgreiningarinnar, auk þess að leita álits fræðafólks. Eftir víðtækt

> Söfn eru vissulega lykilstofnanir þeirra samfélaga sem þau tilheyra, þar sem þau eru jafnt opin öllum og fyrir öll.

samráð kynnir stjórn Íslandsdeildar ICOM nú íslenska þýðingu nýrrar safnaskilgreiningar Alþjóðaráðs safna:

„Safn er varanleg stofnun, ekki rekin í hagnaðarskyni, sem þjónar samfélaginu með rannsóknum, söfnun, varðveislu, túlkun og miðlun á áþreifanlegri og óáþreifanlegri arfleifð. Söfn eru opin almenningi, aðgengileg og inngildandi og stuðla með því að fjölbreytileika og sjálfbærni. Í starfi sínu og virkum samskiptum við ólíka samfélagshópa hafa þau fagmennsku og siðferðileg gildi að leiðarljósi og bjóða upp á margvíslegar upplifanir í þágu menntunar, ánægju, ígrundunar og þekkingarauka.“

Er það von okkar sem störfum fyrir Íslandsdeild ICOM að ný skilgreining megi gagnast og þjóna safnasamfélaginu hérlendis á komandi árum og verða því leiðarljós til áframhaldandi stefnumótunar og góðra verka. Starf íslenskra safna er bæði blómlegt og framsækið og að mörgu leyti mætti segja að íslensk söfn hafi nú þegar starfað í samræmi við nýja safnaskilgreiningu um árabil. Viljum við því bjóða ykkur öllum, safnafólki sem öðrum, að hugsa með okkur um hlutverk safna, framtíð þeirra og mátt, sem og þann heim sem við viljum skilja eftir okkur fyrir komandi kynslóðir. Því söfnin eru okkar allra. ■

Það má syrgja í kjölfar ofbeldis

Svava Guðrún Helgadóttir
ráðgjafi í Bjarkarhlíð og meistaranemi í heilbrigðisvísindum með áherslu á sálræn áföll og ofbeldi

Flest förum við inn í sambönd með það fyrir augum að eiga í heilbrigðum og ástríkum samböndum byggðum á jafnréttisgrundvelli. Við höfum ákveðna framtíðarsýn með tilliti til sambandsins og þess sem það kemur til með að færa okkur. Þegar við gerum okkur grein fyrir því að þessi sýn verður ekki að veruleika er eðlilegt að tilfinningar sorgar og hryggðar banki upp á.

Að búa við ofbeldi hefur áhrif á alla þætti lífs þeirra sem fyrir því verða. Þegar ítrekað andlegt niðurbrot hefur átt sér stað verður sjálfsmyndin bjöguð og lituð af niðurrifi gerandans. Félagsleg einangrun er algeng og þarf sá sem fyrir ofbeldinu verður oft að horfa á eftir innilegum tengslum við vini og fjölskyldu vegna pressu frá þeim sem ofbeldinu beitir. Algengt er að þolendur upplifi skerta trú á eigin getu, missi tengsl við innsæi sitt, tilfinningar og gildi. Þá er algengt að gerandi beiti gaslýsingu, alvarlegri birtingarmynd andlegs ofbeldis, til þess að afvegaleiða einstakling og búa til atburðarás sem hentar aðeins málstað þess sem ofbeldinu beitir. Ef ósannindi eru matreidd ofan í einstakling ítrekað er ekki óeðlilegt að hann fari að efast um eigin sannfæringu, upplifanir og minningar og einmitt þess vegna er gaslýsing jafn alvarleg og raun ber vitni.

Sorg er sammannleg tilfinning sem tekur á sig fjölmargar myndir. Hún er eðlilegt viðbragð við missi sem þegar hefur orðið eða missi sem vofir yfir. Í raun er sorg hlykkjóttur vegur sem felur í sér fjölda tilfinninga. Þolendur ofbeldis fara ekki varhluta af því að upplifa missi af ýmsum toga. Ekki aðeins er þolandi að horfa á eftir maka sínum og þeirri fjölskylduímynd sem hann gerði sér í hugarlund heldur ekki síður horfir hann á eftir hluta að sjálfum sér sem hann óttast að ná ekki að endurheimta. Andleg og líkamleg heilsa hefur orðið ofbeldinu að bráð. Friðurinn innra með einstaklingnum hefur fjarað út og með honum fór sjálfsmyndin. Þolendur fara í gegnum persónubundið sorgarferli og sveiflast á milli ólíkra tilfinninga sem koma og fara. Algengt er að einstaklingar sveiflist á milli skilnings og vantrúar, afneitunar og samþykkis. Tilfinningar á borð við ótta, höfnun, hjálparleysi og reiði eru algengar tilfinningar en sömuleiðis mikilvægur partur af ferlinu.

Einstaklingur sem missir ástvin af völdum sjúkdóma eða slysfara er gefið rými til þess að syrgja. Umhverfið stendur með viðkomandi og honum er sýndur verðskuldaður stuðningur. Því miður er það ekki alltaf upplifun einstaklings sem yfirgefur ofbeldissamband. Algengt er að hann fái skilaboð þess efnis að nú eigi hann að gleðjast yfir því að hafa komið sér úr sambandinu og ekki sé þörf fyrir að syrgja heldur halda ótrauður áfram. Þá er ekki síður algengt að þolandi sjálfur upplifi að hann eigi ekki rétt á sinni sorg. Tilfinningar hans hafa almennt ekki verið viðurkenndar fram til þessa og hví ætti þolandi nú að fara að gefa tilfinningum sínum vægi? Við þessar aðstæður fer hann á mis við nauðsynlegan stuðning og samkennd frá sjálfum sér og öðrum. Það sem flækir málin síðan verulega er sú staðreynd að sá sem veldur þjáningunni og litrófi erfiðra tilfinninga er sá hinn sami og hefur staðið þolandanum næstur.

Nú þegar hátíð gengur í garð er eðlilegt að upplifa sorg og hryggð. Syrgja hátíðisdaga sem litast hafa af gjörðum gerandans. Rifja upp gleðistundir sem ekki urðu og jól þar sem erfitt var að mæta vonum og væntingum barnanna sökum ofbeldis og ómannlegs álags. Þá er ekki síður mikilvægt að sýna sjálfum sér samkennd, mæta sér af einlægni og afneita ekki þeim tilfinningum sem upp koma og þeirri þýðingu sem þær hafa. Ofbeldi er samfélagsmein sem hvergi á að þrífast og til þess að stemma stigu við því verðum við að taka höndum saman og berjast gegn því. Við verðum að berjast gegn þöggunni og viðurkenna reynslu og tilfinningar þolenda, þar er sorgin stór og viðamikill þáttur. Ferli sem tekur tíma en leiðir vonandi af sér sátt.

Allir hafa rétt á sinni sorg. Hún er mikilvægur partur af bata hvers manns og aðlögun að nýju lífi. Engin leið er úr sorginni nema í gegnum hana. ■

Greinin er birt í tilefni 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi.

Leiðin að árangri í loftslagsmálum

Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið í loftslagsmálum sem eru að Ísland verði kolefnishlutlaust og að alfarið verði hætt að nota jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2040. Verkefnið er stórt og kallar á samdrátt í losun um 1,3 milljónir tonna CO2 á beinni ábyrgð Íslands fyrir árið 2030. Á meðfylgjandi skýringarmynd sést hvert viðfangsefnið er þ.e. á hvaða sviðum við þurfum að draga úr losun til að mæta okkar skuldbindingum.

Markmiðin kalla á skýra sýn og að ný nálgun verði viðhöfð sem byggi aukinni áherslu á loftslagshagstjórn og forgangsröðun í þágu loftslagsmarkmiða á öllum sviðum samfélagsins. Efla þarf samstarf stjórnvalda, atvinnulífs, sveitarfélaga og annara hagsmunaaðila til að ná betri árangri á skemmri tíma.

Aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum var fyrst sett fram árið 2018 og síðan árið 2020. Nú er komið að næsta áfanga, sem er að íslenskt atvinnulíf og sveitarfélög stígi inn í aðgerðaáætlunina af fullum þunga. Ég tel nauðsynlegt að í næstu aðgerðaáætlun Íslands verði athyglinni sérstaklega beint að þrem megin sviðum, í fyrsta lagi geirasamtali og aðgerðum atvinnulífsins, í öðru lagi eflingu hringrásarhagkerfisins og í þriðja lagi orkuskiptum.

Fyrst að geirasamtalinu

Eitt helsta áherslumál mitt sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra er að efla þátttöku íslensks atvinnulífs í mótun og framkvæmd loftslagsaðgerða. Íslenskt atvinnulíf hefur látið þetta málefni sig varða og mörg fyrirtæki þegar komin á fleygiferð. Verkefnið fram undan er að allir geirar atvinnulífsins setji fram sín eigin markmið og aðgerðir. Niðurstaða geiravinnunnar verður hryggjarstykkið í uppfærðri aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Á sama tíma og við vinnum markvisst í geirasamtalinu að því að ná loftslagsmarkmiðum 2030 þá leggjum við grunninn að afar mikilvægri stefnumótunarvinnu sem snýr að markmiði um kolefnishlutleysi.

Þá að hringrásarhagkerfinu

Loftslagsmarkmiðum verður ekki náð nema við færumst úr línulegu hagkerfi í hringrásarhagkerfi. Tryggja þarf að allar auðlindir sem eru nýttar verði að verðmætum og nýsköpun og frumkvöðlastarf í atvinnulífinu leikur þar lykilhlutverk. Samkvæmt nýrri rannsókn er hráefnisnotkun í hagkerfi Íslands u.þ.b. 8,5% hringræn. Það er svipað hlutfall og í hagkerfi heimsins alls. Þegar ég horfi til þess að umbreyta þurfi yfir 90% af hagkerfi Íslands og alls heimsins úr línulegu hagkerfi yfir í hringrásarhagkerfi, þá sé ég fyrst og fremst tækifæri. Fyrir utan jákvæð áhrif á loft, jörð og haf, fylgja svo umfangsmikilli breytingu gríðarlega spennandi tækifæri í nýsköpun, atvinnusköpun og forskot á samkeppnismarkaði.

Ég tel mjög mikilvægt að innleiðing hringrásarhagkerfis hér á landi gangi sem hraðast fyrir sig. Á mörgum sviðum er þörf á markvissum aðgerðum sem bæta úrgangsstjórnun og hvetja til hugarfarsbreytingar og nýsköpunar í sambandi við hráefnisnotkun. Í því ljósi hef ég skipað starfshóp sem hefur það verkefni að leita leiða til að flýta eins og kostur er innleiðingu hringrásarhagkerfis, auka samstarf ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila við innleiðinguna, tryggja að atvinnulífið verði leiðandi á þessu sviði og ýti undir nýsköpun hér á landi.

Orkumál og orkuskipti

Ég tel að það hafi verið mikið framfaraskref við myndun ríkisstjórnarinnar að setja saman í eitt ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmál enda er ófært að leysa loftslagsmálin án þess að orkumálin séu tekin með í reikninginn.

Ég hef lagt mig fram um að setja af stað fjölmörg verkefni undir áherslum orkustefnu og þá sérstaklega varðandi orkuöryggi og orkuskipti. Ég lét vinna svokallaða grænbók um stöðu og áskoranir í orkumálum, sem er góður grunnur til að byggja á. Kyrrstaðan í virkjanamálum hefur verið rofin með afgreiðslu Alþingis á rammaáætlun og liðkað hefur verið fyrir aflaukningu virkjana með því að undanskilja þær frá ferli rammaáætlunar. Nú er unnið að því að efla orkuöryggi á öllum sviðum. Þá er nauðsynlegt að tryggja framboð jarðvarma til hitaveitna, nú og til framtíðar litið, og unnið er að mikilvægum verkefnum þar að lútandi. Stefnumótun og regluverk fyrir vindorku, hvort sem hún er á landi eða á hafi, er í vinnslu og mótun. Það er sem betur fer mikil gróska og gerjun á þessu sviði sem mér fellur vel að styðja við.

Markmið stjórnvalda í loftslagsmálum kalla á orkuskipti bæði í samgöngum á landi, varðandi skipaflotann og í flugsamgöngum. Ljóst er að við það að hætta að brenna jarðefnaeldsneyti náum við miklum samdrætti í losun CO2. Í dag er staðan sú að öll lönd í Evrópu leita nú ljósum logum að orku til að keyra í gegn sín orkuskipti. Vandinn er að þau eiga fæst tök á því að afla þeirrar orku með eigin auðlindum. Þess vegna hafa margir erlendir aðilar rennt hýru auga til Íslands í þeim tilgangi að fá aðgang að okkar auðlindum til að flytja þær út og nýta í orkuskipti erlendis.

Í mínum huga er ljóst að við verðum að forgangsraða orkuöflunaraðgerðum í þágu okkar eigin orkuskipta. Aðeins þannig náum við markmiðum okkar í loftslagsmálum og aðeins þannig getum við orðið sjálfum okkur nóg. Þróun síðustu vikna á alþjóðavettvangi ætti að sýna okkur svart á hvítu hversu mikilvægt það er að standa á eigin fótum í orkumálum.

Við höfum sett okkur metnaðarfull markmið í loftslagsmálum. Við þurfum að hafa okkur öll við til að ná þeim markmiðum. Þetta er ekki barátta eins ráðuneytis eða eins ráðherra. Í þessari baráttu þurfa allir að leggjast á eitt. ■

Losun á beinni ábyrgð Íslands 2020



Úrgangur
- Urðun úrgangs
- Meðhöndlun skólps
- Jarðgerð
- Brennsla og opinn bruni

Jarðefnaeldsneyti
- Vegasamgöngur
- Fiskiskip
- Jarðvarmavirkjanir
- Strandsiglingar

Landbúnaður
- Áburður
- Nytjajarðvegur
- Iðragerjun
- Meðhöndlun húsdýraáburðar

Iðnaður og efnanotkun
- F-gös (m.a. kælimiðlar)
- Efnanotkun
- Steinefnaiðnaður
- Leysiefni

Hvað er að frétta?
Stöðugar fréttir allan daginn á frettabladid.is
frettabladid.is
Skannaðu kóðann

Skyndilegur missir

Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir
fagstjóri Sorgarmiðstöðvar

Þann 31. ágúst hélt Sorgarmiðstöð ráðstefnu sem bar yfirskriftina „skyndilegur missir.“ Þar var sjónum beint að því þegar ástvinur er úrskurðaður látinn utan heilbrigðisstofnunar. Hér er átt við missi meðal annars vegna slysa, skyndilegra veikinda, sjálfsvíga, lyfjatengdra andláta og andláta á meðgöngu.

Markmiðið með ráðstefnunni var að skapa umræðuvettvang og svara spurningunni: Getum við gert betur fyrir þau sem missa ástvin skyndilega? Skyndileg andlát eru án fyrirvara, koma þvert á tilveru þeirra sem eftir standa, sem upplifa áfall, sorg og hjálparleysi á sama tíma og takast gjarnan á við flókna sorg í kjölfarið.

Erindi ráðstefnunnar voru fjölbreytt en fjallað var um tölur og staðreyndir og kom í ljós að á annað hundrað skyndileg dauðsföll verða á ári hverju. Rætt var um aðkomu viðbragðsaðila á vettvangi, fjallað var um sálræna skyndihjálp, mikilvægi sorgarúrvinnslu og viðbragðsáætlun á vinnustað í kjölfar skyndilegs andláts.

Umfjöllun var líka um sorgarorlof fyrir einstaklinga sem misst hafa barn og aðstandandi deildi reynslu sinni af skyndilegum missi. Síðasta erindi ráðstefnunnar sneri að hugmyndafræði og stöðu á þjónustu Sorgarmiðstöðvar um verkefnið Hjálp48.

Í verkefninu felst að veita syrgendum viðeigandi stuðning innan við 48 klukkustundum frá skyndilegum missi. Í starfi Sorgarmiðstöðvar hefur ítrekað komið fram að vöntun er á slíkri þjónustu við syrgjendur. Sorgarmiðstöð vill svara þessari þörf og vinna að því að syrgjendum standi til boða viðeigandi stuðningur innan 48 klukkustunda frá skyndilegum missi.

Ljóst er að allir sem koma að því að styðja syrgjendur þurfa að sameinast um hvernig best er að veita þennan bráðastuðning til syrgjenda. Erindin sem flutt voru á ráðstefnunni eru innlegg í það samtal og þá mikilvægu vinnu sem fram undan er í að byggja upp viðeigandi stuðning við börn og fullorðna þegar verður skyndilegt andlát. ■

Ráðstefnan er nú aðgengileg á heimasíðu Sorgarmiðstöðva, á slóðinni sorgarmidstod.is.

Jóla álfurinn

1.-4. desember

Takið sölufólki okkar fagnandi

SÁÁ

Einn sá besti horfir til framtíðar eftir erfitt sumar

Óskar Örn Hauksson er einn besti knattspyrnumaður í sögu efstu deildar hér á landi. Hann er nú samningslaus eftir eitt ár hjá Stjörnunni í Garðabæ. Kappinn er ekki mikið að stressa sig á því að finna sér nýtt félag en er þó farinn að líta til þess hvert næsta skref skal tekið.

helgifannar@frettabladid.is

Óskar Örn Hauksson varð þrisvar sinnum Íslandsmeistari og fjórum sinnum bikarmeistari er hann var á mála hjá KR FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

FÓTBOLTI Reynsluboltinn Óskar Örn Hauksson gekk í raðir Stjörnunnar frá KR síðasta vetur. Hann hafði verið hjá Vesturbæjarfélaginu í fjórtán ár og er goðsögn þar á bæ.

Þegar Fréttablaðið heyrði í Óskari var hann nýkominn úr fríi á erlendri grundu, þar sem hann naut lífsins og hafði það gott. Hann horfir til framtíðar en er opinn fyrir ýmsum möguleikum í þeim efnum.

„Þetta var mjög gott og kærkomið frí. Núna er ég bara að taka því rólega, melta stöðuna," segir hinn 38 ára gamli Óskar.

Mun spila næsta sumar

Hann fékk ekki að spila eins mikið og flestir bjuggust við hjá Stjörnunni og kom hlutverk hans í Garðabænum einhverjum á óvart.

„Persónulega hefði maður kannski viljað sjá þetta fara öðruvísi, ég neita því ekki. Ég tel nú samt á köflum að ég hafi sýnt ágætis frammistöðu. Sýnt fram á hluti sem ég hef sýnt fram á áður á mínum ferli," segir Óskar um sumarið hjá Stjörnunni.

Hvað frammistöðu liðsins varðar er hann hins vegar sáttur. Stjarnan hafnaði í fimmta sæti Bestu deildarinnar.

„Stjarnan getur unað vel við sinn árangur sem lið. Það töpuðust auðvitað of margir leikir en hvað sæti í deildinni varðar var þetta nokkuð gott."

Óskar hefur verið orðaður við hin og þessi lið undanfarið. Ljóst er að nóg býr enn í þessum frábæra leikmanni þó svo að hann sé kominn á sín efri ár í heimi knattspyrnunnar.

Þrátt fyrir að hann hafi ekki verið að flýta sér um of að finna nýtt félag býst hann hins vegar við því að reima á sig takkaskóna næsta vor og taka slaginn í boltanum enn eitt sumarið.

„Ég á von á því. Þetta tímabil í sumar var kannski ekki að hjálpa upp á gleðina í þessu en mér finnst nú enn þá gaman í fótbolta. Þegar maður hættir í fótbolta þá kemur hann ekkert aftur og ég geri mér grein fyrir því.

Ég á ekki mörg ár eftir í þessu en ég held áfram."

Uppeldisfélagið haft samband

Auk þess að leika með Stjörnunni og KR hefur Óskar verið á mála hjá Grindavík og Njarðvík hér á landi. Hann er uppalinn hjá síðarnefnda félaginu og steig þar sín fyrstu skref í meistaraflokki.

Óskar var spurður út í það hvort fulltrúar uppeldisfélagsins hefðu haft samband við hann undanfarna mánuði, heyrt í honum hljóðið og athugað hvort möguleiki væri að fá hann heim.

„Ég á einhverja félaga þar og hef fengið alls konar skilaboð. Maður veit af áhuga þar," segir Óskar.

Njarðvík tryggði sér sæti í Lengjudeildinni, næstefstu deild íslensku knattspyrnunnar, í haust eftir frábært tímabil í 2. deild. Grindavík leikur einnig í þeirri deild. Óskar tekur ekki fyrir þann möguleika að hann gæti spilað í Lengjudeildinni á næstu leiktíð.

„Fyrir utan KR eru þetta bara mín lið, svo það er eðlilegt að menn fari að tala um þau í sambandi við framtíð mína. Maður þekkir marga á báðum stöðum. Það er alls konar í þessu en maður þarf bara að vega það og meta," segir Óskar Örn Hauksson. ■

> Þetta tímabil í sumar var kannski ekki að hjálpa upp á gleðina í þessu.

Ferill Óskars í íslenska boltanum

Óskar steig sín fyrstu skref í íslenska boltanum með Njarðvíkingum sumarið 2001. Þá var hann á sautjánda aldursári. Kappinn var svo fastamaður með liðinu í 2. deild sumarið 2002 og árið eftir í næst efstu deild, þar sem hann skoraði sjö mörk í fimmtán leikjum.

Þaðan færði Óskar sig yfir til nágrannanna í Grindavík og lék þrjú sumur með liðinu í efstu deild.

Fyrir sumarið 2007 fékk stórveldið KR Óskar til liðs við sig og þá var ekki aftur snúið. Með hann innanborðs vann liðið þrjá Íslandsmeistaratitla og fjóra bikarmeistaratitla. Alls skoraði Óskar 157 mörk í 552 leikjum.

Fyrir síðustu leiktíð gekk hann svo í raðir Stjörnunnar, þar sem hann lék eitt tímabil í efstu deild.

Enska landsliðið er verðmætasta liðið á HM í Katar

hoddi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Knattspyrnuhátíðin í Katar hefur staðið undir væntingum innan vallar en málefnin utan vallar hafa þó sett sinn svip á mótið. England er með verðmætasta leikmannahópinn á mótinu. Þetta kemur fram í samantekt sem CIES-stofnunin hefur tekið saman. Allir 26 leikmenn í hverjum hópi eru verðmetnir og það síðan lagt saman.

Jude Bellingham er verðmætasti leikmaður enska landsliðshópsins en verðmæti hans er í dag í kringum 202 milljónir evra samkvæmt CIES. Bellingham er 19 ára gamall og skoraði fyrsta mark Englands á mótinu þegar hann skoraði í sannfærandi sigri á Íran. Enska liðið er komið í 16 liða úrslit mótsins og mætir þar Senegal á sunnudag í áhugaverðu einvígi.

Bellingham er ein skærasta stjarna enska liðsins þrátt fyrir ungan aldur, frammistaða hans með Borussia Dortmund í Þýskalandi hefur vakið mikla athygli og eru öll stærstu félög Evrópu með augastað á honum fyrir næsta sumar þegar Dortmund er tilbúið að selja hann.

Vinicius Jr. sem hefur átt frábæran tíma hjá Real Madrid er næstverðmætasti leikmaður mótsins og er metinn á ögn minna en Bellingham. Sóknarmaðurinn frá Brasilíu hefur ekki fundið sinn besta takt í Katar en úrslitastundir nálgast og þar getur hann stigið upp.

Musiala er ein af vonarstjörnum fótboltans í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Aldur, samningstaða og fleira spilar inn í verðmat leikmanns.

Enski hópurinn er ögn verðmætari en hópurinn hjá Brasilíu en bæði lið setja stefnuna á að fara alla leið. Það gerir franska liðið líka en einn besti leikmaður í heimi, Kylian Mbappe, er verðmetinn á 27 milljarða íslenskra króna. Mbappe hefur farið frábærlega af stað í mótinu og er til alls líklegur þegar líða tekur á mótið.

Næstu stjörnur fótboltans, Pedri hjá Spáni og Jamal Musiala hjá Þýskalandi, hafa vakið verðskuldaða athygli á mótinu og eru verðmætustu leikmennirnir hjá sínum þjóðum. ■

HM í fótbolta – verðmætustu hóparnir

831 leikmaður tekur þátt á HM 2022 í Katar. Samtals eru leikmennirnir metnir á 15 milljarða evra. Hóparnir 32 sem taka þátt í mótinu eru verðmetnir frá 23 milljónum evra (Kosta Ríka) til 1,5 milljarða evra (England)

Tíu verðmætustu hóparnir: Verðmatið er reiknað út frá aldri, frammistöðu og fjárhagslegri stöðu leikmanns (í evrum).

Verðgildi leikmanna í evrum 14. nóvember

England – Verðmætasti leikmaður: Jude Bellingham (á mynd) – 202 m.	1,50 ma.
Brasilía – Vinicius Júnior – 201 milljón	1,46 ma.
Frakkland – Kylian Mbappé – 185 m.	1,34 ma.
Spánn – Pedri – 158 m.	1,20 ma.
Portúgal – Rúben Dias – 118 m.	1,15 ma.
Þýskaland – Jamal Musiala – 151 m.	1,02 ma.
Holland – Frenkie de Jong – 110 m.	756 m.
Argentína – Lautaro Martínez – 99 m.	748 m.
Úrúgvæ – F. Valverde – 123 m.	590 m.
Belgía – T. Courtois – 66 m.	562 m.

*Gögnin byggja á leikmönnum sem voru í upphaflegum hópum, dæmi eru Benzema (FRA), Gaya (SPÁ), J. Correa (ARG)

Heimild: CIES Football Observatory Mynd: Getty

© GRAPHIC NEWS

Allt fyrir helgina!

Tilboð gilda 1.–4. desember

Kjúklinga-bringur
2 kg

3.898 kr/pk
~~4.399 kr/pk~~

Ferskt lambalæri
með salti og pipar

1.874 kr/kg
~~2.499 kr/kg~~

Hangiframpartur,
úrbeinaður

2.699 kr/kg
~~3.599 kr/kg~~

Ferskt rauðkál

300 kr/kg
~~429 kr/kg~~

Lax
beinlausir bitar

2.239 kr/kg
~~3.199 kr/kg~~

Hátíðarhumarsúpa
850 ml

1.229 kr/stk
~~1.759 kr/stk~~

Hreindýraborgarar
2x120 g

959 kr/pk
~~1.199 kr/pk~~

Croissant
með skinku og osti

165 kr/stk
~~329 kr/stk~~

Hafrabrauð
687 g

249 kr/stk
~~499 kr/stk~~

Safnaðu inneign og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

netto

Merkisatburðir

1918 Konungdæmi Serba, Króata og Slóvena er stofnað og verður síðar konungsríkið Júgóslavía.
1930 Togarinn Apríl ferst í óveðri með 18 mönnum.
1931 Minnisvarði um Hannes Hafstein er afhjúpaður við Stjórnarráðshúsið.
1932 Sjálfvirkar símstöðvar eru teknar í notkun í Reykjavík og Hafnarfirði og missa þá margir tugir símastúlkna vinnu sína.
1955 Rosa Parks neitar að standa upp fyrir hvítum manni í strætisvagni í Bandaríkjunum og er handtekin vegna þess.
1974 Hús Jóns Sigurðssonar er formlega vígt í Kaupmannahöfn.
1983 Ríkisútvarpið byrjar útsendingar á FM-bylgju sem Rás 2.
1991 Hilmar Örn Hilmarsson hlýtur Felix-verðlaunin fyrir tónlist sína í kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Börnum náttúrunnar.

1994 **Þjóðarbókhlaðan** er opnuð í Reykjavík.
2005 Suður-Afríka heimilar hjónabönd samkynhneigðra.

Auðunn Orri segir að það sé alltaf pláss fyrir þig í kjallaranum, hvort sem þú ert að flýja prófalestur eða fagna ritgerðarskilum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Stúdentakjallarinn tíu ára

Stúdentakjallarinn býður til tíu ára afmælisveislu í kvöld þar sem Moses Hightower kemur fram.

arnartomas@frettabladid.is

Í dag eru liðin tíu ár síðan Stúdentakjallarinn opnaði dyr sínar undir Háskólatorgi við Háskóla Íslands. Í tilefni þess mun Moses Hightower troða upp í kjallaranum í kvöld til að fagna tímamótunum með gestum.

Upprunalegi Stúdentakjallarinn var opnaður árið 1975 og var rekinn í rúm 30 ár áður en honum var lokað árið 2007 þegar Háskólatorg var tekið í notkun árið 2007. Félagsstofnun Stúdenta stóð síðan að því að endurvekja Stúdentakjallarann sem hefur síðan verið mikilvægur hluti af félagslífi Háskólans, sem og fastagesta utan hans þar sem Vesturbærinn er einstaklega pöbbasvelt hverfi.

„Við gerum ráð fyrir því að hlutfall gesta sem stunda háskólanám nemi um 80 prósentum, en við fáum einnig mikla umferð frá þeim sem vinna í kring um Vesturbæinn og Vatnsmýrina," segir Auðunn Orri Sigurvinsson, rekstrarstjóri Stúdentakjallarans. „Við tölum oft um hvað við erum heppin með kúnnahóp og það verður augljóst þegar litið er til umgengni og orkunnar almennt inni á Stúdentakjallaranum. Eins og alls staðar annars staðar er samkeppni, en við erum einfaldlega með hagstæðustu verðin á þessu svæði."

Alltaf pláss

Til viðbótar við að bjóða upp á mat og drykk stendur Stúdentakjallarinn fyrir ýmsum viðburðum sem hafa margir hverjir orðið að rótgrónum hefðum í gegnum árin. Þar má sem dæmi nefna tónleika, umræður, uppistand auk þess sem kvikmyndum og stórum íþróttaviðburðum er oft varpað á risaskjá.

„Við reynum að halda eins marga og fjölbreytta viðburði og hægt er og nemendafélögin og Stúdentaráð Háskóla Íslands eru til dæmis mjög dugleg í að halda ókeypis viðburði fyrir félagsmenn og nemendur," segir Auðunn Orri sem bætir við að kjallarinn hafi alltaf verið frábær stökkpallur fyrir efnilegt tónlistarfólk og skemmtikrafta. „Svo erum við með happy hour alla daga vikunnar, en síðasti föstudagur hvers mánaðar er haldinn hátíðlegur sem Skítblankur föstudagur."

Þegar horft er fram á veginn segir Auðunn Orri að unnið sé að því að bæta aðstöðuna enn frekar fyrir viðburðahald.

„Við höfum verið að vinna í því að bæta hljóðbúnað Stúdentakjallarans til þess að geta haldið fleiri tónleika, við stefnum á að vera komin með allan búnað og græjur til þess að tónlistarfólk þurfi ekki að troða trommusettum í skott til þess að spila hjá okkur," segir hann. „Stúdentakjallarinn hefur alltaf verið öruggur staður þar sem allir geta komið saman og fengið sér mat og drykk. Það skiptir ekki máli hvort að þú ert að læra fyrir lokapróf, fagna ritgerðarskilum eða taka því rólega eftir langan vinnudag, það er alltaf pláss fyrir þig." ■

> Stúdentakjallarinn hefur alltaf verið öruggur staður þar sem allir geta komið saman og fengið sér mat og drykk.

---

†

Elsku hjartans drengurinn okkar og bróðir,

Árni Sævar Gylfason

Austurbrún 6A, Reykjavík,

lést á Borgarspítalanum í Fossvogi 25. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 5. desember klukkan 13.

Gylfi Ómar Héðinsson
Svava Árnadóttir
Hörður Már Gylfason
Björk Ólafsdóttir
Inga Rut Gylfadóttir
og systkinabörn

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Högni Þórðarson

fv. bankaútibússtjóri, áður til heimilis á Ísafirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir í Reykjavík aðfaranótt þriðjudagsins 29. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Kristrún Guðmundsdóttir
Hörður Högnason
Una Þóra Magnúsdóttir
Þórður Högnason
Jolanta Högnason
Kristín Högnadóttir
Sigurður A. Þóroddsson
Guðmundur Kr. Högnason
Judy-Ann Norton
barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Böðvar Magnússon

fv. bankaútibússtjóri, Vogaseli 5, 109 Reykjavík,

lést laugardaginn 26. nóvember. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. desember klukkan 13.

Sigrún Guðmundsdóttir
Magnús Böðvarsson
Ingibjörg Böðvarsdóttir
Jesús Loayza
Böðvar Manuel Loayza
Víctor Rúnar Loayza

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

---

†

Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, pabba, tengdapabba, afa og langafa,

Gunnars Árnasonar

Kirkjusandi 3, Reykjavík.

Kristín G. Andrésdóttir
Andri Þór Gunnarsson
Inger Anna Aikman
Þórdís Þ. Aikman Andrad.
Bjarki Ágúst Guðmundsson
Kristín A. Aikman Andrad.
Arnar Steinn Þorsteinsson
Andri Þór Aikman Arnarsson

---

†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

Karolína Smith

listakona, Snorrabraut 87,

lést á Elliheimilinu Grund sunnudaginn 20. nóvember. Útförin fer fram í Dómkirkjunni fimmtudaginn 1. desember klukkan 15. Hjartans þakkir til starfsfólksins á Grund.

Óli Kári Ólason
Þuríður Elín Sigurðardóttir
Eggert Páll Ólason
Sveindís Ýr Sigríðar Sveinsdóttir
Óskar Smith Grímsson
og barnabörn

---

†

Þökkum auðsýnda samúð og virðingu vegna fráfalls og útfarar okkar ástkæra

Jóns Ólafs Vigfússonar

frá Vestmannaeyjum.

Guð blessi ykkur.

Selma Pálsdóttir og fjölskylda

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir og amma,

Hrönn Helgadóttir

lést á sjúkrahúsinu í Haugasundi þann 23. nóvember. Útförin fer fram í Noregi 2. desember kl. 12.00 að íslenskum tíma. Beint streymi verður frá útförinni á slóðinni: https://m.youtube.com/channel/UCYpoH1xwAhonkqkiNfIXd9g/featured?cbrd=1 Opnað verður fyrir streymið kl. 11.55.

Kristján Þór Kristjánsson
Kristjana Hjartardóttir
Soffía Kristjánsdóttir
Símon Sessilíus Guðlaugsson
Lisa Dögg Kristjánsdóttir
Jesper Christensen
Kristjana Kristjánsdóttir
Håkon Rushfeldt
Kristinn Kristjánsson
Kristine Gabrielsen Tveit
Svanberg Rúnar Kristjánsson
Line Grannes Varne
og barnabörn

VINSÆLASTUR

★★★★★

„... í einu orði sagt meistarastykki ... ber höfuð og herðar yfir hérlenda höfunda glæpasagna og þó víðar væri leitað.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

„Arnaldur bregst ekki lesendum sínum ... frekar en fyrri daginn.“

HELGI GUNNLAUGSSON / STUNDIN

„Arnaldur er sá glæpasagnahöfundur okkar sem skrifar langbest.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN



1 BÓKSÖLU LISTINN
Topplistinn
1.–27. nóvember

Vægðarlaus glæpasaga um óupplýst illvirki og heitar tilfinningar.

Meistaralega fléttuð bók frá langvinsælasta höfundi þjóðarinnar.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Kátt er á Kili (e) Ferðaþáttur inn að miðju landsins í frosti, byl og fögru útsýni.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Sögustaðir með Evu Maríu Svarfaðardalur.
13.35 Jól með Price og Blomsterberg
14.00 Landinn
14.30 HM stofan
14.50 Króatía - Belgía Bein útsending.
16.50 HM stofan
17.10 Músíkmolar
17.20 KrakkaRÚV
17.21 Sögur af apakóngi
17.44 Áhugamálið mitt
17.51 Jólin með Jönu Maríu
17.57 Jólamolar KrakkaRÚV
18.00 Krakkafréttir
18.05 Randalín og Mundi - Dagar í desember
18.20 Jólalag dagsins Sniglabandið - Jólahjól.
18.30 Fréttayfirlit
18.35 HM stofan
18.50 Kosta Ríka - Þýskaland Bein útsending.
20.50 HM stofan
21.00 Fréttir
21.25 Íþróttir
21.30 Veður
21.35 Randalín og Mundi - Dagar í desember Velkomin í bekkinn.
21.45 Jólaminningar
22.00 Fullveldisdagskrá VHS Uppistandshópurinn VHS leggur allt undir til þess að fagna þessum mikilvægasta degi í lífi þjóðar. Sketsar, töfrar og óskipulögð glæpastarfsemi, allt þetta er í boði í fyrsta sjónvarpsþætti VHS-hópsins.
22.55 Framúrskarandi vinkona III My Brilliant Friend III
23.50 HM kvöld
00.35 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

11.30 Dr. Phil
12.10 The Late Late Show
12.55 The Block
13.55 Love Island Australia
15.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
15.05 Tilraunir með Vísinda Villa
15.15 Ávaxtakarfan
15.30 Björgum sveinka - ísl. tal
16.50 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
17.00 90210
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Love Island Australia
20.10 Heima
20.40 The Resident
21.30 The Thing About Pam
22.20 Walker
23.05 The Late Late Show
23.50 Love Island Australia
00.50 Law and Order. Special Victims Unit
01.35 Chicago Med
02.20 Law and Order. Organized Crime
03.05 Yellowstone
03.50 The Handmaid's Tale

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.25 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.30 Cold Case
10.15 Lego Masters USA
11.00 30 Rock
11.20 The Great Christmas Light Fight
12.00 Eldað af ást
12.10 Nágrannar
12.30 Britain's Got Talent
14.35 All Rise
15.15 All Rise
16.00 All Rise
16.40 Sex, Mind and the Menopause
17.25 Bold and the Beautiful
17.50 Nágrannar
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Annáll 2022
19.00 Ísland í dag
19.10 First Dates
19.50 The Cabins
20.40 Christmas in Harmony
22.10 Rutherford Falls
22.40 Chapelwaite
23.25 Magpie Murders
00.15 Blinded
01.00 A Teacher
01.25 The Mentalist
02.10 Cold Case
02.55 Lego Masters USA
03.35 30 Rock
03.55 Sex, Mind and the Menopause

Rifja upp fyrsta og eina hryðjuverkið á Íslandi

Það er sannkölluð sögustund í viðtalsþættinum Mannamál á Hringbraut í kvöld, en þar sest bókaútgefandinn og Þingeyingurinn Hildur Hermóðsdóttir gegnt Sigmundir Erni og rifjar upp með honum eitt frægasta atvikið úr íslenskri mótmælasögu, þegar þingeyskir bændur sprengdu stífluna í Laxárdal í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar, en faðir hennar, Hermóður í Árnesi, var heilinn á bak við þá atburðarás. ■

Krossgáta



LÁRÉTT
1 skellur
5 kveinstafir
6 hljóm
8 hætta
10 í röð
11 dý
12 jarðvegur
13 ker
15 fótaferð
17 ástand

LÓÐRÉTT
1 sólar
2 hróss
3 mjög
4 gististaður
7 trúartákn
9 ráðgera
12 aldinlögur
14 á víxl
16 hvílst

LÁRÉTT: **1** hlamm, 5 vol, 6 óm, 8 aflata, 10 rs, 11 fen, 12 mold, 13 ámur, 15 rismál, 17 staða.
LÓÐRÉTT: **1** hvarfar, 2 lofs, 3 all, 4 mótel, 7 mandala, 9 áforma, 12 must, 14 mis, 16 að.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Schukurovitch átti leik gegn Slatanov í Primorski árið 1974.

1.Dxh7+! Rxh7 2.Hf7+ Kh8 3.g7+ Kg8 4.Rh6# 1-0.

Benedikt Briem og Iðunn Helgadóttir urðu Íslandsmeistarar stráka og stelpna í U16-flokki. Mikael Bjarki Heiðarsson og Katrín María Jónsdóttir í U14-flokki og Jósef Omarsson og Guðrún Fanney Briem í U12-flokki.

www.skak.is: Friðriksmót Landsbankans á laugardaginn.

Sudoku

	1	8		2	4	9		7
		7			6		3	
				8				6
	2	3	5					
	5		6			8		
					2	3	9	
5	7			3	1	4	6	
				4	7		1	
1	9					7		

	9			3			4	2
		5	1		4			6
			8	9			5	
						4	3	
	5				7			
2			9					
3			5			7	1	
		6		2				
			3		8			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Hið ósagða í mannlegum samskiptum

Sigurður Ámundason frumsýnir sitt fyrsta leikrit í Tjarnarbíói í kvöld. Verkið ber heitið Hið ósagða og fjallar um erfiðar tilfinningar og það sem liggur á milli hluta í samskiptum fólks.

Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Sigurður Ámundason segist hafa ætlað út í kvikmyndagerð áður en hann gerðist myndlistarmaður og hefur nú gert verk á mörkum leiklistar og kvikmynda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sigurður Ámundason skrifaði og leikstýrði leikritinu Hið ósagða. Sigurður er myndlistarmaður að mennt en hefur nú vent kvæði sínu í kross og unnið verk fyrir leiksvið.

„Þetta afmáir svolítið línurnar á milli leikhúss og kvikmyndagerðar og líka í raun og veru myndlistar þar sem ég er myndlistarmaður. Þetta kemur frá gjörningapælingunni og er síðan orðin heilsteypt saga eins og kvikmyndaleikhús er," segir Sigurður.

Eins og Sigurður segir liggur verkið á mörkum kvikmyndar og leikhúss en hljóðrás þess er öll tekin upp fyrir fram og mæma leikararnir sín eigin orð auk þess sem myndbandi er varpað upp á tjald fyrir aftan leikarana.

„Það sem ég kalla Hið ósagða er í raun og veru það sem er ósagt í samskiptum á meðal fólks, þar sem hlutir eru í raun og veru gefnir í skyn án þess að vera sagðir. Þá geturðu sagt hræðilegustu hluti en alltaf komist upp með það því það er ekki hægt að benda á hvað það var sem þú varst að segja. Ef þú þekkir viðkomandi þá er kannski það eina sem þú þarft að gera að yppta öxlum eða ranghvolfa augum eða nota einhvern tón."

Gerist á T.G.I. Friday's

Hið ósagða fjallar um þrjá vini sem hittast á veitingastaðnum T.G.I. Friday's til að samgleðjast einum þeirra sem er nýbúinn að gefa út fræðigrein í virtu tímariti. Brátt koma þó í ljós ýmsir brestir í samskiptum vinanna sem afhjúpa persónur þeirra.

„Þau eru frekar venjulegt, velmeinandi fólk og eitt þeirra var að slá í gegn og skrifa grein og hin eru komin til þess að samgleðjast honum. En síðan eru alls konar faldar tilfinningar, gremja, biturleiki, ótti og óöryggi sem vídeótjaldið fyrir aftan upplýsir okkur um og afhjúpar fyrir áhorfendum," segir Sigurður.

Að sögn Sigurðar varpar verkið ljósi á mannlegan breyskleika og ýmsar tilfinningar sem við eigum erfitt með að tala um frá degi til dags.

„Ég hugsa að hvernig tíminn er að þróast og allt er að breytast að ein af jákvæðari breytingunum sé að við þurfum að fara að tala um ákveðna hluti og horfast í augu við ákveðna galla. Verandi einhver hvítur gaur og forréttindapési á Íslandi, þá er þetta styrjöldin sem ég þekki og þess vegna er þetta styrjöldin sem ég fjalla um," segir hann.

Óþægilegt og fyndið

En þótt Hið ósagða fjalli um alvarlegar tilfinningar þá er það í raun bráðfyndið, að sögn höfundar.

„Þótt ég segi sjálfur frá þá finnst mér þetta alveg svakalega fyndið. Við erum sex manns sem leikum í þessu og við erum öll búin að vera hlæjandi yfir þessu á fullu. Þetta er rosalega óþægilegt, fyndið og mannlegt. Það eru ýmsar týpur, einn karakter sem er svona antí-intellektúal, það er svo mikið af því í gangi sérstaklega í Bandaríkjunum. Hins vegar leik ég Ameríkana sjálfur og ég er í raun og veru bara að tákna hinn vestræna mann," segir Sigurður.

Spurður um af hverju verkið gerist á veitingastaðnum Friday's segir Sigurður:

„Sviðsmyndin er í raun og veru bara ljósmyndir af Friday's-stöðum víða í heiminum og á mörgum þessara ljósmynda stendur „In here it's always Friday". Vestræna hugmyndafræðin er svolítið bara að sópa öllu undir teppið og ekki eiga við tilfinningarnar. Síðan erum við í rosalega miklu sjokki þegar allt er í fokki, af því að við erum búin að fela alla reiðina og gremjuna og allar þessu ljótu og leiðinlegu tilfinningar sem er svo sársaukafullt og svo ógeðslega erfitt að tala um. Enginn nennir að gera það og ég persónulega hef engan áhuga á því en með því að gera svona verk þá er það hægt. En á T.G.I. Friday's er alltaf föstudagur og þar er allt frábært á yfirborðinu."

> Verkið snýst mikið um vestræna menningu, kapítalisma, hið þægilega og hryllinginn undir niðri.
>
> Sigurður Ámundason

Hann bætir svo við: „Verkið snýst mikið um vestræna menningu, kapítalisma, hið þægilega og hryllinginn undir niðri."

Ætlaði að fara í kvikmyndagerð

Hið ósagða er fyrsta leikrit Sigurðar og spurður um hvað hafi kveikt áhuga hans á að vinna með leikhúsmiðilinn segist hann hafa stefnt á að læra kvikmyndagerð áður en hann fór út í myndlist.

„Ég ætlaði alltaf upphaflega að fara í kvikmyndagerð en ég var alltof latur við það og síðan kynntist ég myndlist í Myndlistarskólanum. Það heillaði mig gjörsamlega og ég sökkti mér í það og fattaði að ég væri eiginlega bara myndlistarmaður. Síðan ákvað ég að eftir tíu til fimmtán ár þá myndi ég aftur gera stuttmyndir eða kvikmyndir. Í Listaháskólanum byrjaði ég að gera gjörninga og þetta er í raun og veru samansafn af mörgum gjörningum sem ég hef gert síðastliðin tíu ár og ofið saman með þessum söguþræði og samræðum. Ég vissi alltaf að ég myndi fara í þessa átt og síðan bara fattaði ég að tíminn væri kominn. Ég á eftir að gera meira af leikritum, stuttmyndum, skáldsögum og öllu mögulegu, en myndlistin er alltaf grunnurinn."

Frumútgáfa verksins var sýnd á gjörningahátíðinni Gjörningaþoku í Listasafni Reykjavíkur síðasta vor en hefur Sigurður nú unnið verkið lengra og hvetur hann alla til að koma í leikhús.

„Þeir sem eru ringlaðir af mannlegri hegðun eins og Björk söng um í Human Behaviour, endilega kíkið í leikhúsið." ■

Leikhópur verksins: Árni Vilhjálms, Sigurður Ámundason, Kolbeinn Gauti Friðriksson, Ólafur Ásgeirsson, Melkorka Gunborg Briansdóttir og Kolfinna Nikulásdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Listin sem breytti lífi mínu

Kristína Aðalsteinsdóttir verkefna- og sýningarstjóri, segir lesendum Fréttablaðsins frá listinni sem breytti lífi hennar. Kristína starfar hjá listagalleríinu BERG Contemporary og segir hún plötuna The Score með hljómsveitinni Fugees hafa haft mikil áhrif á sig.

„Ég var sjö ára þegar ég heyrði í Lauryn Hill syngja í fyrsta sinn í þeirri mætu mynd Sister Act 2, og mér fannst líkt og einhver hefði opnað fyrir nýja vídd í höfðinu á mér. Ég man enn þá eftir því að fara í Japis, ná ekki upp að afgreiðsluborðinu, en borga með átta ára afmælispeningum mínum fyrir það sem átti eftir að verða uppáhalds platan mín þá, og er enn: The Score með The Fugees.

Ég starfa innan myndlistar, svo ég gæti kannski auðveldlega nefnt verk eftir Matthew Barney eða Pippilotti Rist sem einhvers konar áhrifavalda í mínu lífi, en þessi plata er sú eina sem ég get fyllilega sagt að hafi breytt mér og mótað mig sem manneskju. Þetta var jú í fyrsta sinn sem ég upplifði listaverk sem andspyrnu, án þess kannski að gera mér fyllilega grein fyrir öllu inntakinu á fyrstu árum áhlustunar.

Hún fjallar um átök og reynsluheim fólks á flótta, samfélagslega meðvitund og endurinnrammar frásagnir innflytjenda, um leið og hún vísar í arfleifð hljómsveitarmeðlima. Henni mætti enn fremur lýsa sem hljóðmynd, með hléum, rispum og sömplum, en ég hafði aldrei heyrt þessu líkt, og ég er sannfærð um að þarna er að finna meginuppsprettu áhuga míns á vídeólist síðar. Ég hef hlustað

The Score með Fugees frá 1996.

á plötuna svo oft að ég á hana í nokkrum eintökum, ef það kom rispa keypti ég annað eintak til vara. Ríkisstjórnin mætti til dæmis fá þau lánuð, í þeirri veiku von að inntak plötunnar síist inn hjá þeim þar sem rispurnar hiksta hvað mest." ■

Frá fyrsta fullveldisdeginum árið 1918. LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/MAÓ

Fullveldisdagur átti ekki séns vegna kulda, trekks og jólaprófa

„Hefðin var sú að aðalþjóðhátíðardagurinn okkar var þjóðmenningardagur, haldinn fyrstu helgina í ágúst. Það eru bara Eyjamenn sem halda enn í þá hefð, sem er að mörgu leyti mjög klókt sé horft til veðráttu," segir Stefán Pálsson sagnfræðingur aðspurður um sögu 1. desember á Íslandi.

ninarichter@frettabladid.is

„Það voru reykvískir íþróttamenn sem settu 17. júní á kortið. Að lokum hafði sá dagur betur í slagnum við fyrstu helgina í ágúst sem ígildi þjóðhátíðardags," segir Stefán Pálsson sem bætir því við að 1. desember gjaldi fyrir íslenska veðráttu. „Þú sendir ekkert skátana í stuttbuxum og pilsum niður í bæ. Það er bara blöðrubólga og vandamál sem hljótast af því," segir hann.

„Meira að segja sjálfur fyrsti fullveldisdagurinn fór fram við frekar dapurlegar kringumstæður beint ofan í spænsku veikina," segir Stefán. „Þetta var eiginlega bara dagur stúdentanna og háskólans. Sem þýddi að þær uppákomur sem deginum fylgdu, mannsöfnuður á Austurvelli og síðar skemmtidagskrár eins og á Hótel Borg eftir að hún kom til sögunnar, var á höndum Stúdentafélagsins og var mjög oft tengt við kröfuna um byggingu Háskólans, sem var þá rekinn í einhverjum kytrum í Alþingishúsinu."

Stúdentar glutrað deginum niður

Að sögn Stefáns slógu stúdentar eign sinni á daginn en hafa í tímans rás „glutrað honum niður í seinni tíð, af því að þeir eru í prófum og þetta hentar þeim mjög illa."

Stefán minnist þess að áður fyrr hafi mesti hasarinn í stúdentaráðskosningum í Háskólanum snúist um hvort vinstri eða hægri menn myndu stýra undirbúningsnefndinni fyrir 1. desember.

„Það þýddi að ef hægri mennirnir unnu var skipulögð dagskrá, þar sem forsætisráðherra eða einhverjir virðulegir betri borgarar fluttu ávarp. En ef að vinstri mennirnir unnu var verið að ræða um Víetnamstríðið eða brottför hersins eða eitthvað slíkt," segir hann. „Dagskránni var útvarpað, þannig að það var til mikils að vinna. Þá var bara ein útvarpsstöð og þá var hlustað á það sem var í gangi."

Rædur um Kanaútvarpid

Það er mat Stefáns að dagurinn sé einna verst leikinn af jólaprófum. „Þegar ég var í menntaskóla og grunnskóla var þetta bara upplestrardagur í prófum. Þetta var orðið þannig að þegar pólitíski krafturinn í stúdentapólitíkinni minnkaði var orðið erfiðara að pína stúdenta til þess að mæta og skrópa frá próflestri til þess að fylla hátíðarsal háskólans eða Háskólabíó jafnvel, til að hlusta á ræður um hvort eigi að banna Kanaútvarpið eða mikilvægi vestræns samstarfs," segir hann. Hann segir niðurstöðuna á þá vegu að 1. desember hafi aldrei átt raunverulegan séns vegna kulda, trekks og jólaprófa.

Aðspurður um hugmyndir fólks þess efnis að koma aftur á fríi þennan dag, svarar Stefán:

„Það má hafa í huga að þrátt fyrir að hafa stöðu þjóðhátíðardags var það mjög seint sem 17. júní var gerður að almennum frídegi. Það var merkilegt að ríkisstjórnin birti áskorun í blöðum á ári hverju þegar leið að 17. júní og hvatti til þess að atvinnurekendur gæfu frí. Það voru bara tilmæli sem urðu svona praktíseruð að fólk tengir dagskrá og tilgang við 17. júní. Svona hátíðisdagar verða dálítið til, og fólk ákveður það dálítið með fótunum." Stefán segist ekki hafa mikla trú á hátíðisdögum sem ákveðnir eru með valdboði án þess að fólk hafi þar sérstakan tilgang eða hlutverk.

Stefán Pálsson sagnfræðingur segir stúdenta hafa eignað sér daginn en glutrað honum síðar niður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hefðum gott af meira fríi

Munu lögbundnir frídagar á endanum leggjast af?

„Hugmyndin um að allt sé opið þegar maður sé í fríi er einstaklingshyggja. Krafan um að allt eigi að funkera fullkomlega. Í rauninni er mjög áhugavert að maður sér mörg lönd í kringum okkur þar sem búðir eru lokaðar á sunnudögum. Fólk getur keypt mjólk og bensín en að maður geti ekki keypt sér skó á sunnudegi er manns eigið skipulagsleysi en ekki vandamál sem samfélagið á að leysa. En ég held að við hefðum gott af því að taka oftar frí." ■

Brot úr hugvekju stúdentaráðsliða

Brot úr hugvekju Rakelar Önnu Boulter, bókmenntafræðinema og Stúdentaráðsliða, sem flutt er við leiði Jóns Sigurðssonar á árlegum viðburði á vegum stúdenta í dag.

„Heimurinn breytist svo hratt að háskólasamfélagið má hafa sig allt við að halda í við hann. Á sama tíma og það er mikilvægt að takast á við þær áskoranir sem fylgja samtímanum er nauðsynlegt að muna að við getum ekki vitað í dag eða áætlað um hvaða menntun verður veigamest eftir tíu ár, hvað þá eftir fimmtíu ár. Þess vegna verðum við að passa upp á ólíkar námsleiðir innan háskólans."

Tolli, Bubbi og Kristín Morthens með tveimur Einurum

ninarichter@frettabladid.is

Tolli Morthens segir að kominn sé tími til að fagna „okkar þjóðlegustu og bestu dögum", eins og hann orðar það í fréttatilkynningu, þar sem hann býður gestum og gangandi til menningarhátíðar í kvöld, í tengslum við fullveldisdaginn.

Vinnustofa Tolla er að Koparsléttu 14 að Esjumelum. Þar býður listamaðurinn upp á dagskrá frá klukkan 18.00 til 20.00 og í forgrunni verða verk eftir hann sjálfan og dóttur hans Kristínu Morthens.

Kristín sýnir þar olíumálverk en verkum hennar er lýst sem litríkum og kraftmiklum.

Rithöfundarnir Einar Kárason og Einar Már lesa upp úr verkum sínum. „Þessir landsþekktu herramenn eru fyrir löngu orðnir fastir gestir hjá Tolla enda hafa drengirnir úr Vogahverfinu haldið hópinn í gegnum marga áratugi," segir í tilkynningu.

Einar Már ásamt Bubba, Kristínu og Tolla Morthens. MYND/EINAR BÁRÐARSON

„Þetta er áralöng hefð hjá mér og mér þykir afar vænt um þetta verkefni," segir Tolli. „Ég er þakklátur fyrir að vinir mínir vilji koma með mér í þetta. Veitingar verða á boðstólum meðan þær endast en þær koma frá snillingnum Jóa í Múlakaffi." ■

ENGEY
Húfa með mynstur beggja vegna
Kr. 2.790.-

ASOLO gönguskór
Kr. 37.990.-

SVARTANES rúllukragabolur
Kr. 10.990.-

FUNI dúnúlpa
Kr. 33.990.-

SALEWA
gönguskór
Kr. 25.990.-

HVÍTANES
Merínó húfa
Kr. 3.990.-

ICEWEAR inniskór
Kr. 3.990.-

VIÐEY
barnavettlingar
Kr. 2.790.-

DÖGG regnkápa
Kr. 11.990.-

VOR hlý húfa
Kr. 3.590.-

REYKJAVÍK ullarúlpa
Kr. 47.990.-

HEIÐI barnaúlpa
Kr. 18.990.-

ASOLO
Falcon herra
Kr. 29.990.-

SKARÐSFJÖRÐUR hettupeysa
Kr. 12.990.-

ESJUFJÖLL flíspeysa
Kr. 9.990.-

HVÍTANES Merínó hálsklútur
Kr. 4.990.-

STEINAR Coolmax göngusokkar
Kr. 1.490.-

FÍFA síð Ecodown® úlpa
Kr. 29.990.-

SVARTANES Merínó ullarbuxur
Kr. 9.990.-

REYKJANES barna ullarúlpa
Kr. 18.990.-

Hlýjar gjafir

ICEWEAR MAGASÍN

KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND

ASOLO Space herra
Kr. 22.990.-

MÓAR jogging buxur
Kr. 7.990.-

SANDHÓLL jogging buxur
Kr. 7.990.-

HILDA dúnúlpa
Kr. 67.990.-

Helly Hansen Fremont
Kr. 26.990.-

RAGNAR
Ecodown® úlpa
Kr. 27.990.-

GEYSIR ullarjakki
Kr. 28.990.-

REYKJANES barna ullarúlpa
Kr. 18.990.-

Vinir fá sérkjör
Skráning á **icewear.is**

EXTRA
við komum með COSTCO til þín
Extra kósý innpökkunarkvöld

2.699 kr./rúllan
Kirkland tvöfaldur jólagjafapappír 36m

2.999 kr. pk.
Kirkland jólamerkimiðar

3.499 kr. pk.
Torc ilmkerti 3 stk.
Barónsstígur 8-24
Akureyri 24/7
Reykjanesbær 24/7

Íslenska indí-senan snýr til baka úr áralöngum dvala

Snorri Helgason segir að íslenska indí-senan sé að taka við sér eftir áralangan dvala. Snorri er í hópi tónlistarfólks sem kemur fram við hátíðlega athöfn í Hörpu í dag í tilefni dags íslenskrar tónlistar þar sem tónlistarfólk er heiðrað.

ninarichter@frettabladid.is

Söngvaskáldið Snorri Helgason kemur fram í Hörpu í dag og sendir frá sér nýtt jólalag á morgun. MYND/MAGNÚS LEIFSSON

Í dag er dagur íslenskrar tónlistar haldinn hátíðlegur. Af þessu tilefni verður stutt athöfn í Hörpu þar sem einstaklingum og hópum eru veittar viðurkenningar fyrir góð störf í þágu íslensks tónlistarlífs. Þá kemur landsþekkt tónlistarfólk fram og flytur tónlist. Meðal þeirra er söngvaskáldið Snorri Helgason sem leikur eigin endurútsetningu á lagi úr ævintýrinu Pílu pínu eftir Kristján frá Djúpalæk.

Með nýtt jólalag

Snorri hefur í nógu að snúast þessa dagana. Hann vinnur að nýrri plötu sem hann stefnir á að taka upp í janúar, auk þess sem hann sendir frá sér nýtt frumsamið jólalag sem kemur út á morgun.

„Ég gerði barnaplötu fyrir þremur árum sem heitir Bland í poka. Þetta nýja lag er barnajólalag sem poppaði inn í hausinn á mér og ég fíla. Þetta er eitthvert brasilískt rugl," segir Snorri léttur. „Ég var alltaf þarna á Skuggabaldri og sá um að bóka það. Síðan það lokaði er ég búinn að vera að semja fullt af stöffi og það er að ganga ágætlega," segir hann.

Talandi um tónleikastaði, hefur umræðan um skort á slíku húsnæði verið nokkuð hávær seinni ár.

„Staðan er skrýtin," segir Snorri spurður um málið. „Það eru lífsmörk á Húrra, sem er að fara aftur í gang. Steini Stef ætlar að breyta staðnum aðeins og það verður geðveikt að fá þann stað aftur inn. Það er staður sem getur tekið 300 manns en það er allt í lagi og næs ef það eru 80 manns. Alvöru sveitt venue," segir hann. Að sögn Snorra eru tónleikastaðir fáir í miðborginni. „Þarna er Mengi sem er mjög niche dót, það er staður sem á sína senu. Svo er Gaukurinn, sem er eiginlega eins. Með sína senu sem er þetta drag-dót og allt það dæmi. Það vantar almennan stað."

Á bak við tjöldin í senunni

Snorri segist búa að dýrmætri reynslu sem bókari fyrir tónleikastaði og má gera því í skóna að það gefi honum dýrmæta innsýn í íslenskt tónlistarlíf. „Ég var á Húrra í fimm ár og hef alltaf verið á bak við tjöldin í þessu líka," segir hann. „Þegar ég var að vinna þar horfði ég á það þegar hipphoppið tók yfir. Við notuðum ekki trommusettið eða bassamagnarana í tvö ár. Það voru allir að gera hipphopp."

> Ég horfði á það þegar hipphoppið tók yfir. Við notuðum ekki trommusettið eða bassamagnarana í tvö ár. Það voru allir að gera hiphop.
>
> Snorri Helgason

Snorri segir að rokkið hafi ekki átt mikið upp á pallborðið á þeim tíma, að undanskilinni metal-senunni. „Þegar ég byrjaði í Sprengjuhöllinni voru þetta alltaf indí-hljómsveitir. Nú er það að koma aftur. Það er indísenan og Póstdreifing og allt það, sem er mjög skemmtilegt."

Aðspurður hvort endurkoma senunnar sé afleiðing af inniveru og tónleikaskorti í heimsfaraldri, svarar Snorri: „Ég get ekki útskýrt það. En framboðið á jólatónleikum er algjör bilun og hefur aldrei verið meira. Það gengur illa að selja á allt, líka á Jólagesti Björgvins og Baggalút," segir hann. „Það gengur verr en fyrir Covid. Fólk er ekki alveg komið í æfingu, að fara á tónleika. Ég heyri frá fólki sem vinnur venjulega vinnu, ekki eins og ég, að á stórum vinnustöðum vilji fólk bara vinna heima hjá sér og sé enn í svoleiðis fasa," segir Snorri og bætir við að fólk þurfi að endurlæra að vera í kringum annað fólk. „Þessi hjól eru lengi að fara af stað ef þau eiga að vera aftur eins og þau voru fyrir."

Erfitt að spá í framtíðina

Snorri segir að hipphopp-senan standi þrátt fyrir það mjög sterkt. „Það teygist á þessu hipphopp-hugtaki. Aron Can er poppari, þó að hann sé í grunninn úr hipphoppinu. Ég veit ekki hvernig hann myndi skilgreina sig en hann er til dæmis hjúts, einn af þessum stærstu. Svo er Emmsjé Gauti algjör hipphopp-kakkalakki. Hann lifir af og er vinsæll, hvað sem gerist."

Að sögn Snorra er erfitt að segja til um hvað gerist næst. „Ég fann að þegar ég var á Húrra var allt í hipphoppi og mjög textabaserað. Ef það er eitthvað eitt sem er voða vinsælt og allir eru að gera, þá kemur alltaf eitthvað nýtt sem er algjörlega öfugt við það. Í indí-rokkinu er til dæmis miklu minni áhersla á texta." ■

Miðvikudagur slær met hjá Netflix

ninarichter@frettabladid.is

Sjónvarpsþættirnir Wednesday hafa nú þegar slegið met Netflix-veitunnar með flestum klukkutímum streymdum á einni viku. Þættirnir voru frumsýndir þann 23. nóvember og notendur streymisveitunnar höfðu horft á þættina í 341,2 milljónir klukkustunda samkvæmt gögnum streymisveitunnar á þriðjudag.

Þættirnir eru afleiða hinna geysivinsælu bíómynda og sjónvarpsþátta um Addams-fjölskylduna, grín-hryllingsþátta sem nutu einstakra vinsælda á tíunda áratugnum.

Wednesday Addams er snúin aftur í nýjum þáttum. NETFLIX/SKJÁSKOT

Leikkonan Jenna Ortega fer með aðalhlutverk. Sagan hverfist um unglingsstúlkuna Wednesday Addams, sem hefur nám í framhaldsskóla fyrir einstaklinga á jaðrinum sem búa yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum. Þáttunum leikstýrir Tim Burton, sem hefur sérhæft sig í dekkri stefum fjölskyldumynda með einstöku handbragði og húmor. Einvalalið leikara túlkar kunnuglegar persónur úr heimi Addams-fjölskyldunnar. Þá er Christina Ricci meðal leikenda, en hún túlkaði persónu Wednesday í bíómyndunum fyrir tveimur áratugum síðan. Verðlaunatónskáldið Danny Elfman semur tónlistina. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

SKEMMTILEG SPIL
Í JÓLAPAKKANN

ÉG VEIT MEIRA

Hversu margar knattspyrnuhetjur getur þú nefnt? Hvað þekkir þú margar frægar kvikmyndastjörnur? Hljómar einfalt en tíminn er naumur.

ÉG VEIT MEIRA er stútfullt spil af skemmtilegum og óvæntum efnisatriðum sem reyna á ímyndunaraflið og hraða spilaranna.

Fjölskylda | 12+ ára | 2–6 spilarar | 30+ mín.

ALIAS FRÆGIR!

Þekkir þú frægt fólk úr mannkynssögunni?

Þekkir þú persónur úr biómyndum og bókum?

Fjölskylda | 12+ ára | 4+ spilarar | 30+ mín.

Mitt fyrsta ALIAS

NOTIÐ ÍMYNDUNARAFLIÐ OG AUKIÐ ORÐAFORÐANN!

Mitt fyrsta Alias býður yngstu spilurunum upp á tækifæri til að tala og skemmta sér konunglega á meðan.

FÁANLEG Í VERSLUNUM UM LAND ALLT

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Bakþankar

Ebbu Guðnýjar Guðmundsdóttur

Jólin

Jólin eru yndisleg. En þegar maður er þreyttur, að vinna mikið, jafnvel með lítið á milli handanna eða miklar skuldir, glímir við heilsuleysi eða eitthvað af ofantöldu geta þau orðið kvíðvænleg. Líka bara ef maður er með fullkomnunaráráttu eða hangir of mikið á Instagram.

Jólin eru hátíð barnanna. Þau eru í hjartanu og þau koma, þó að maður geri ekki þetta og hitt.

Stundum held ég að eitt helsta hlutverk okkar foreldra sé að segja unga fólkinu okkar að minnka kröfur og væntingar. Lífið er skemmtilegra þegar maður dæmir sjálfan sig mildilega. Þorir að vera eins og manni hentar og hefur ekki áhyggjur af því hvort eitthvað sé rétt, rangt, gott slæmt eða nógu gott hjá manni.

Mér finnst mamma eiginlega hafa verið í fullri vinnu alla ævi við að segja mér að það sem ég geri sé nógu gott. Að ég sé nógu góð. Af því það er auðvelt að gleyma því inni á milli og því fylgir vanlíðan.

Ein sagði við mig í gær að hún væri í veikindaleyfi og loksins þætti henni jólin yndisleg. Þau hefðu hingað til verið vesen og allt sem truflaði vinnuna. Núna ætlaði hún að njóta með börnunum sínum.

Mig langar að deila aðventuráði frá mömmu með öllum þeim sem finna fyrir jólaundirbúningskvíða. Það á allt að vera í drasli fram að jólum. Þá er svo gaman þegar allt verður fínt rétt fyrir jól. Allt verður enn þá hátíðlegra og fallegra. Hún á jólagjafapoka (og ég líka) sem öllum gjöfum er stungið inn í. Mjög fljótlegt. Hún setur límmiðakort á efnið en ég endurnýti mín kort til að einfalda mér lífið. Þannig að eiginmaðurinn og börnin fá alltaf sömu jólamerkimiðana hvert ár. Þau kvarta ekki.

Eins og sonur minn segir þegar ég styn yfir einhverju hjá mér. Í gríni auðvitað en öllu gríni fylgir einhver alvara: „Mamma, you do you.“

Hárrétt. Gleðilega aðventu! ■

Allt fyrir veisluna
Skreytingar
Borðbúnaður
Búningar
Tækjaleiga
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Gefðu spjald!

70.000 króna afsl.

5G

Samsung **Galaxy S22 Ultra 128GB**
159.990 kr.
~~229.990 kr.~~

5.000 króna afsl.

Samsung **Galaxy A04s 32GB**
19.990 kr.
~~24.990 kr.~~

10% afsl.

Apple **iPad 10,2" (9th GEN) 64GB**
60.291 kr.
~~66.990 kr.~~

5.000 króna afsl.

Apple **iPad 10.9" (10th Gen) 64GB**
89.990 kr.
~~94.990 kr.~~

Díll sem hljómar!

8.000 króna afsl.

Samsung **Galaxy Buds 2**
16.990 kr.
~~24.990 kr.~~

10% afsl.

Apple **AirPods Pro 2nd gen**
49.491 kr.
~~54.990 kr.~~

Tilboðin gilda á nova.is til miðnættis sunnudaginn 4. desember

Hörkutól með ól!

Kaup-auki fylgir!

Samsung Galaxy Buds Live

eSIM

Samsung **Galaxy Watch 5 PRO LTE 45mm**
81.990 kr.

Kaupauki að andvirði 27.990 kr.

15.000 króna afsl.

Úrlausn fylgir í 4 mán.

eSIM

Apple **Watch Ultra LTE 49mm**
154.990 kr.
~~169.990 kr.~~

3.000 króna afsl.

Urbanista **Austin**
2.990 kr.
~~5.990 kr.~~

10% afsl.

Apple **AirPods 2019**
22.491 kr.
~~24.990 kr.~~

BíóKlipp!

Snilld í pakkann!
Það er ekkert betra en að fara í bíó, hvað þá fimm sinnum!

Skilað og skipt!
Við endurgreiðum ef hann er ekki sá rétti

Díll er díll!
Splæsum mismuninum ef verðið lækkar

Afsláttur á aukahlutum
10% afsláttur af aukadóti með símanum

Endurgræddu
Gamalt og gott upp í nýtt og betra!

Skjáfrí!

Stundum er gott að leggja bara frá sér öll tækin.
Skrá sig út í smá stund og horfa aðeins í kringum sig.
Það þarf ekki alltaf að fara í símann.

2.000 króna afsl.

Lenco
Karíóki Laganemi
4.990 kr.
~~6.990 kr.~~

20% afsl.

Nova
Spjallspjöld
1.192 kr.
~~1.490 kr.~~

20% afsl.

Click & Grow
Snjall skógkassi
12.792 kr.
~~15.990 kr.~~

20% afsl.

Clocky
Vekjara-klukka
4.792 kr.
~~5.990 kr.~~

Snjall-heimilið

Hafðu það snjallt, spjallaðu við
græjurnar og stýrðu stemningunni!

100.000 króna afsl.

Samsung
The Frame 2022 65”
239.990 kr.
~~339.990 kr.~~

NOVA TV

Sjónvarp framtíðarinnar
er á netinu!

Þú ert dagskrárstjóri heimilisins og stjórnar glápinu!

5.000 króna afsl.

Apple
Apple TV 2022 64GB
24.990 kr.
~~29.990 kr.~~

2.000 króna afsl.

XQ
Stubba hátalari
4.990 kr.
~~6.990 kr.~~

Samsung
ST-50 Ferða-hátalari
79.990 kr.
~~109.990 kr.~~

30.000 króna afsl.



10.000 króna afsl.

Nintendo
Switch OLED
59.990 kr.
~~69.990 kr.~~

SjálfsVörn hjá Nova

Settu saman
þitt snjallöryggi!

Þitt öryggi í þínum síma!

Ekkert stofn-gjald

Nova X Orkusalan

STUÐSVELLIÐ ER OPIÐ!

Bókaðu þína skautastund á nova.is
Frábært fyrir alla jólasveina!

Heimsent eða sótt, það er allskonar hægt!

Slepptu röðinni og fáðu nýja dótið sent heim að dyrum, sæktu á afhendingarstað Dropp eða veldu að sækja í Nova Lágmúla.